Bændablaðið

19. tölublað 2025 • Fimmtudagur 23. október • Blað nr. 689 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Ammóníak úr vatni og lofti
Atmonia framleiðir ammóníak úr vatni, lofti og rafmagni með rafgreiningu. **4**



Elskar kyrrðina í sveitinni
Gíslína Skúladóttir, dýralæknir á Vopnafirði, rannsakar nautgripadauða. **28**



Snjótittlingurinn í vanda
Harðasti nagli norðursins er í vanda og fækkar um 5% árlega. **44**





Jón Magnús Jónsson er formaður deildar alifuglabænda hjá Bændasamtökum Íslands og rekur Reykjabúið ásamt fjölskyldu sinni. Í viðtali á miðopnu segir hann frá íslenskri alifuglarækt sem er í eftirtektarverðri stöðu þegar kemur að heilbrigði og sjúkdómum. Hér heldur hann á kjúklingi sem er um viku frá því að klára 32 til 35 daga eldisferil. *– Sjá nánar á síðum 32-33.*
Mynd / Ástvaldur Lárusson

Frumvarpsdrög vekja spurningar

Frumvarpsdrög Hönnu Katrínar Friðriksson atvinnuvegaráðherra um breytingar á búvörulögum vekja margvíslegar spurningar um framtíð mjólkurvinnslu og kjötvinnslu á Íslandi.

Frumvarpið er kynnt sem tilraun til að styrkja stöðu frumframleiðenda, auka svigrúm bænda til samstarfs og tryggja að þeir hafi sambærileg skilyrði og bændur í öðrum Evrópulöndum innan EES-samstarfsins. En margir innan greinarinnar óttast að breytingarnar kunni í reynd að veikja stöðu íslenskra mjólkurbænda og gera starfssemi á mjólkurmarkaði enn erfiðari, bæði fyrir framleiðendur og vinnslu. Frumvarpið skapar einnig óvissu í kjötvinnslu.

Nokkuð skortir á skýrleika í frumvarpinu svo hægt sé að meta hvort þau markmið náist að hagur bænda jafnt sem neytenda styrkist. Markmið um eflingu samkeppniseftirlits mun þó augljóslega nást fram með frumvarpinu.

Spurningar vakna einnig um það hvernig frumvarpinu er ætlað að styðja betur en núverandi fyrirkomulag við markmið íslenskrar landbúnaðarstefnu um dreifðar byggðir, sjálfbæran landbúnað, fæðuöryggi og matvælaöryggi.

Sjá nánar á síðum 20-21 og leiðara síðu 6

Flýtimeðferð fyrir djúpborunarverkefni

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur undirritað samstarfsyfirlýsingu við þrjú íslensk orkufyrirtæki um að flýta þróun næstu kynslóðar jarðvarmakerfa og djúpborunarverkefna, sem hluta af langtímastefnu Íslands.

Skrifað var undir yfirlýsinguna á málstofunni „Superhot Summit“ sem var hluti af nýloknu Hringborði norðurslóðanna. Aðrir aðilar að yfirlýsingunni eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og HS Orka.

Í ræðu ráðherra á málstofunni kom fram að samstarfsyfirlýsingin væri vegna verkefnisins Iceland Deep Drilling Project-3 (IDDP-3), sem gengi út á að bora dýpra ofan í jarðhitakerfi á háhitasvæðum en áður hefur verið gert. Þar með er virkjuð varmaorka í dýpri lögum og jarðhitakerfið stækkað niður á við. IDDP-3 er þriðja hluti IDDP-verkefnisins og miðast við boranir á Hengilssvæðinu. IDDP-1 var fyrsta verkefnið við Kröflu og IDDP-2 var á Reykjanesi en verkefnið allt hefur verið í þróun síðustu 25 ár.

Sagði ráðherra að Orkuveita Reykjavíkur og samstarfsaðilar verkefnisins myndu hefja boranir strax á næsta ári í Henglinum.

Framsækin jarðhitaáætlun

Jafnframt kynnti ráðherra upphaf vinnu við gerð heildstæðrar jarðhitaáætlunar fyrir Ísland til ársins 2050. Hún verði fyrsta slíkrar tegundar fyrir Ísland og framsækin, því íslensk stjórnvöld hafi of lengi verið óvirkur þátttakandi og tekið jarðhita sem sjálfsögðum hlut. Það verði ekki lengur þannig og ætli stjórnvöld strax að grípa til afgerandi aðgerða til að styrkja samkeppnishæfni jarðhitanýtingar og knýja áfram nýsköpun.

Sagði hann að áætlunin muni setja skýr markmið um leit, rannsóknir, tækni og sjálfbæra nýtingu; allt frá háhitaorku til lághitaveitu, frá staðbundnum notum til alþjóðlegrar nýsköpunar. Hún muni einnig styrkja alþjóðlegt samstarf, svo að reynsla Íslands geti nýst alþjóðlega jarðhitasamfélaginu.

Í tengslum við áætlunina ætli stjórnvöld að tvöfalda fjárfestingu í jarðhitaverkefnum, með því að bæta í styrkjakerfið í gegnum Loftslags- og orkusjóð, með sérstakri áherslu á nýsköpun og tækniframfarir í nýtingu jarðhita.

Sagði ráðherra að í áratugi hefði jarðhiti knúið heimili, iðnað og ímyndunarafl Íslendinga. Hann hefði haldið hita á landsmönnum í vetrarveðrum, tryggt orkuöryggi í gegnum erfiða tíma og hjálpað til við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda – löngu áður en kolefnishlutleysi hafi orðið að alþjóðlegu markmiði.

En núna þegar horft sé fram á miðja öld í stefnumótun, sé tími til kominn að ganga lengra og taka næsta skref sem jarðhitaþjóð.

Með nýtingu á ofurhita, orku sem finnst á djúpum svæðum þar sem berg bráðnar, opnist gríðarlegir möguleikar á nýtingu orku sem sé endurnýjanleg, samþjöppuð og stöðug. Ef hægt verði að nýta svæði þar sem hitinn fer yfir 400 gráður sé hægt að endurskilgreina hagkvæmni hreinnar og áreiðanlegrar orku.

Á dögunum var kynnt uppfært jarðvarmamat fyrir Ísland sem Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) unnu fyrir ráðuneytið í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun. Þar kom fram að í raun séu engin svæði á Íslandi lengur skilgreind sem köld þegar kemur að nýtingu á jarðhita.

Uppfært jarðvarmamat gefur heildarniðurstöðu fyrir Ísland sem er um 18% hærra en eldra mat og skiptir þar mestu hærra mat fyrir gosbeltin. */smh*

Nánari upplýsingar



REYNSLUMIKLIR GÁMAR TIL SÖLU
Eigum til sölu mikið úrval af notuðum og nýjum gámum.
Skoðaðu vöruúrvalið okkar á stolpigamar.is/solutorg
Sími 568 0100 | stolpigamar.is
Stólpi



Mikill samdráttur í sölu á handprjónabandi er ein helsta ástæðan fyrir rekstrarvanda Ístex. Mynd / smh

Rekstrarvandi Ístex:

Uppsagnir og lækkað afurðaverð til bænda

Upplýsingafundur um rekstrarvanda ullarvinnslufyrirtækisins Ístex var haldinn 14. október, en eins og fram hefur komið í fréttum hér í blaðinu hefur félagið ekki tekist að standa í skilum við sauðfjárbændur á þessu ári um greiðslur vegna ullarinnleggs.

Á fundinum kom fram að ullarverð til bænda fyrir næsta ár lækkar talsvert í öllum flokkum vegna stöðunnar.

Dregið úr framleiðslu

Gunnar Þórarinsson, stjórnarformaður félagsins, útskýrði að hluti vandans væri einnig sá, að á árunum 2023 og 2024 hafi verið ráðist í fjárfestingar í tækjabúnaði til að mæta þeirri sívaxandi eftirspurn sem var á þeim tíma.

Þá hafi sértækar lánafyrirgreiðslur hjá viðskiptabanka Ístex ekki verið í boði.

Í máli Gunnars koma fram að vegna fjárhagsvandans hafi Ístex þurft að segja upp fjölda starfsfólks og draga úr framleiðslu til að minnka framleiðslukostnað.

Hagræðingaraðgerðir farnar að skila árangri

Á fundinum kom fram að enn væri ekki ljóst hvenær hægt yrði að standa í skilum við bændur, greiðsluvandann væri hægt að rekja til slæmrar lausafjárstöðu. Fjárhagsstaða félagsins væri þó mun betri nú en síðasta vor enda sala mun betri en fyrir ári síðan, þegar mikill samdráttur varð í sölu á handprjónabandi. Sala hafi einnig verið treg á handprjónabandi í vor.

Fram kom að hagræðingaraðgerðir væru einnig farnar að skila árangri.

Sagði Gunnar að lokum að verkefnið framundan væri að reyna að auka sölu á öllum framleiðsluvörum Ístex og leita leiða til að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sauðfjárbændum. Ef núverandi aðgerðir dygðu ekki, ætti Ístex verðmætar eignir sem hægt væri að selja og þannig útvegað nægilegt lausafé til að geta mætt þeim. */smh*



Áburðarstöð í Þorlákshöfn

– Hráefnið verður fiskeldismykja og hliðarstraumar frá landbúnaði

Ef áætlanir ganga eftir verður lífgas- og áburðarstöð risin á Laxabraut við Þorlákshöfn árið 2027 og framleiðsla hafin á lífrænum áburði og lífgasi úr hliðarstraumum frá landbúnaði og landeldi.

Um íslenska samstarfsverkefnið Terraforming LIFE er að ræða sem grundvallast á styrkveitingu Umhverfis- og loftslagsáætlunar Evrópusambandsins frá því í júní 2023, sem samsvaraði tæpum milljarði íslenskra króna. Um 60% af fjármögnun verkefnisins kemur frá evrópska styrknum en aðilar samstarfsins standa straum af því sem upp á vantar.

Forathugun lofar góðu

Samstarfsaðilar í Terraforming LIFE eru First Water, Bændasamtök Íslands, Orkídea, Ölfus Cluster og færeyska ráðgjafarfyrirtækið SMJ. Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri rannsóknar og þróunar hjá First Water, segir að nýlega hafi danska verkfræðifyrirtækið NIRAS gefið út stutta skýrslu fyrir verkefnið, þar sem forathugun er gerð á rekstrarkostnaði varðandi byggingu og rekstur á slíkri stöð. „Okkur líst nokkuð vel á þessar fyrstu niðurstöður, en inn í hana vantar gögn um flutningskostnað og fleira. Hún gefur samt vísbendingar um rekstrarhæfni og þar er til dæmis metið magn af lífgasi fyrir hvern úrgangsstraum og blöndur úrgangsstrauma.“



Gyða Pétursdóttir, verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands, og Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri rannsóknar og þróunar hjá First Water. Mynd / Aðsend

Í verkefninu er gert ráð fyrir að aðrir hliðarstraumar, fyrir utan fiskeldismykjuna, verði aðallega svínaskítur, hrossaskítur og kjötmjöl. Sigurður segir að þetta séu þeir úrgangsstraumar sem einblínt hafi verið á hingað til, vegna þess hve mikil þörf er á almennilegum farveg fyrir þau. „Svínabændur eru í vandræðum vegna ónægilegrar vinnslu á svínaskítnum. Hrossabændur á höfuðborgarsvæðinu leita annarra leiða en að greiða 26 krónur á kílóið hjá Sorpu fyrir móttöku. Kjötmjölið er afbragðsáburður en er að mestu nýttur í landgræðslu í dag – þrátt fyrir að næringarefnin gætu ef til vill verið betur nýtt á beitilönd.“

Formlegur samstarfshópur

Gyða Pétursdóttir, verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands, segir að sú góða framþróun hafi orðið fyrir verkefnið að fjögur af stærstu landeldisfyrirtækjunum – First Water, Laxey, Samherji og Thor – hafi skrifað undir viljayfirlýsingu um formlegt samstarf um ábyrga og sjálfbæra meðhöndlun lífræna hliðarstrauma. „Það samstarf á upphaf sitt að rekja til Terraforming LIFE, verkefnið tengdi fyrirtækin saman og úr þeirri vinnu spratt formlegur vinnuhópur. Að sjá samstarfið taka á sig mynd sýnir hvernig verkefni eins og Terraforming LIFE geta skilað raunverulegum breytingum með langtímaáhrifum,“ segir Gyða. Landeldisdeild var stofnuð innan Bændasamtaka Íslands um sumarið 2022. „Landeldi er ung en mikilvæg grein innan Bændasamtaka Íslands. Sem ný deild innan samtakanna vinnur Landeldisdeildin að því að skýra ýmis mál innan stjórnsýslunnar og tryggja hagsmuni landeldisfyrirtækja. Við ákváðum að taka þátt í Terraforming LIFE því verkefnið sýnir hvernig samvinna og nýsköpun geta umbreytt hliðarstraumum og áskorunum í sjálfbærar lausnir sem styrkja framtíð greinarinnar og landbúnaðarins í heild.

Með þessu samstarfi styrkja fyrirtækin íslenskt landeldi, auka sjálfbærni þess og efla stöðu Íslands sem leiðandi afl í landeldi á heimsvísu. Formlegt samstarf þeirra hefur vakið athygli, ekki bara hér heima heldur einnig utan landsteinanna og sýnir hvernig nýsköpun og sameiginlegt framtak geta skilað bæði umhverfis- og efnahagslegum ávinningi. Sjálfbær meðhöndlun hliðarstrauma er mikilvægt umhverfismál en það sem oft gleymist er að hún skapar einnig forskot sem íslenskt landeldi getur nýtt í samkeppni og markaðssetningu,“ segir Gyða enn fremur. */smh*

-Sjá nánar á síðu 6.

Fuglaflensa:

Skæð H5N5 greinist í refum

- Matvælastofnun hvetur til varkárni

Fuglaflensa hefur nú greinst í refum við Keflavíkurflugvöll og á Þingeyri.

Skæð fuglainflúensa af gerðinni H5N5 sem greindist í fuglum á Norðvesturlandi í september sl. og í fuglum og spendýrum hérlendis síðasta vetur, hefur nú greinst í refum á Reykjanesi og á Þingeyri. Óvissustig er í gildi vegna aukinnar smithættu fyrir alifugla og aðra fugla í haldi frá villtum fuglum.

Skætt afbrigði fuglainflúensuveiru H5N5 greindist fyrst í spendýrum hérlendis síðastliðinn vetur í heimilisköttum, einum mink og einum ref, dreift víða um land. Þetta afbrigði hefur einnig greinst í villtum spendýrum í öðrum löndum á norðurhveli þar sem villtir fuglar hafa verið sýktir af sama afbrigði H5N5.



Fuglaflensa hefur greinst í refum á Reykjanesi og á Þingeyri. Mynd / Pixabay

Matvælastofnun hvetur fuglaeigendur til að tryggja öflugar sóttvarnir til að draga úr líkum á að smit berist frá villtum fuglum í fuglahópa í haldi. Mikilvægt er að sýna aðgát og fylgjast með heilsufari fugla í haldi. Tilkynna skal tafarlaust til Matvælastofnunar ef grunur vaknar um óvenjuleg veikindi eða dauðsföll meðal fugla.

Almenningur er beðinn um að tilkynna til Matvælastofnunar um fund á veikum eða dauðum villtum fuglum. Allar tilkynningar eru skráðar og eru aðgengilegar í mælaborði um fuglainflúensu, en þar má einnig finna upplýsingar um greiningar á fuglainflúensu í villtum fuglum og spendýrum. */sá*

GERUM MEIRA

TOYOTA HILUX

Gerðu allt sem þú vilt
með **Toyota** Hilux.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is

Kartöflubændur:

Flóð ógna verðmætum garðlöndum í Hornafirði

– Bændur telja að veglagning beri ábyrgð á hærri grunnvatnsstöðu

Tvisvar í haust hefur flætt yfir kartöflugarða bænda í Hornafirði, líkt og gerði á svipuðum tíma á síðasta ári.

Kartöflubændurnir segja að ljóst sé að veglína sem liggur fyrir neðan ræktarlönd bænda — og tengis verkefninu um veglagningu yfir Hornafjarðarfljót — hefur þrengt varanlega sameiginlegt útfall Hoffellsár og Laxár og ógni þar með verðmætum garðlöndum þegar mikið rignir.

Þrjú kartöflubýli eru á þessu áhrifasvæði, neðarlega eru Akurnes og Seljavellir en ofar er Miðsker.

Samskonar áhyggjur eru hjá kartöflubændum í Dilksnesi sem eiga garðlönd við útfall Bergár, austan við áðurnefnd garðlönd.

Á síðasta ári varð beint uppskerutjón hjá bændum og segir bændur að þá hafi þeir sótt ásættanlegar bætur til Vegagerðarinnar, sem sé ábyrgðaraðili veglagningarinnar.



Hér má sjá legu ræktarlanda miðað við bæði brúarstæðin. Mynd / map.is



Garðlönd á Miðskeri. Mynd / Einar Árni Kristjónsson

Mögulegar rakaskemmdir

Einar Árni Kristjónsson, á Miðskeri, segir að flætt hafi yfir smá ræmu hjá honum sem ekki var búið að taka upp úr. „Við skildum það bara eftir. Annars á það eftir að koma í ljós eftir einhvern tíma hvort eitthvað af því sem við tókum upp nálægt þeim svæðum sem voru undir vatni, hafi orðið fyrir tjóni.

Það eigi eftir að koma í ljós hvort það verði einhverjar rakaskemmdir.

Hann bætir við að þetta hafi verið verra í fyrra þannig að það voru allir betur undirbúnir og gerðu ráðstafanir núna.

„Við erum með hluta af görðunum okkar við hliðina á Hoffelsánni og vissulega hef ég áhyggjur af þeim.“

Ræktarlönd munu bera varanlegt tjón

„Ég var sem betur fer búinn að taka upp úr þeim görðum sem voru í mestri hættu, því ég var búinn að sjá það að grunnvatnsstaðan hafði ekkert breyst þó það væri búið að opna nýju brýrnar frá því það flæddi í fyrra. Ég átti alveg eins von á þessu,“ segir Hjalti Egilsson á Seljavöllum.

„Ég tók þá ákvörðum strax í vor að setja þessa garða, sem lægst standa næst bakkanum, undir plast þannig að það væri hægt að taka fyrst upp úr þeim. Það kom svo á daginn að hluti þeirra fór undir vatn með svipuðum hætti og í fyrra. Það sem er alvarlegast í þessu er að grunnvatnsstaðan hefur hækkað frá því að farið var í þessar framkvæmdir með veglagninguna og frárennslið þrengt. Þetta eru meðal okkar bestu ræktarlanda og það má telja öruggt að þau muni bera varanlegt tjón af þessum nýja vegi,“ segir Hjalti. Hann bætir við að síðasta sumar hafi verið eitt það allra besta ræktunarsumar frá því að hann tók alveg við kartöflubúskapnum á Seljavöllum á árinu 2000.

Áhættan aukist mikið

Sveinn Rúnar Ragnarsson, sauðfjár- og kartöflubóndi í Akurnesi, segir að þrátt fyrir að nýju brýrnar um Hornafjarðarfljót væru komnar í fulla virkni þá flæði enn yfir ræktarlöndin. „Við erum búnir að taka allt upp, sem betur fer. Tíðarfarið var sem betur fer mjög hagstætt framan af ágúst og spretta góð.

En áhrif framkvæmdanna eru ekki bundin við bráðabirgða brúna eins og Vegagerðin hélt fram.

Heldur er ljóst að um viðvarandi ástand er að ræða sem veldur því að áhættan við ræktunina á þessu svæði hefur aukist mikið,“ segir hann./*smh*

Ammoníak framleitt úr vatni og lofti með rafmagni

– Atmonia náði nýlega stórum áfanga þegar áburðarframleiðsla raungerðist á tilraunastofu

Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia náði nýlega mikilvægum áfanga á vegferð sinni að því að þróa tækjabúnað til umhverfisvænnar framleiðslu á köfnunarefnisáburði úr lofti, vatni og rafmagni með rafgreiningu. Í fyrsta skipti hefur nú tekist að framleiða ammoníak á tilraunastofu Atmonia með þessum hætti í nýju kerfi.

Frá 2012 hefur verið unnið að þessu frumkvöðlaverkefni, sem byrjaði sem rannsóknarverkefnisvinna í efnaverkfræði hjá Agli Skúlasyni við Háskóla Íslands áður en Atmonia var stofnað árið 2016.

Hann er nú stjórnarformaður Atmonia.

Vandasamasti hluti þessa metnaðarfulla verkefnis, sem er einstakt á heimsvísu, var þróun á sérstökum „hvata“ sem umbreytir efniviðnum andrúmslofti og vatni yfir í ammoníak – með rafmagni í gegnum rafgreiningu. „Hvötun“ er þá þegar eitthvert efni hraðar efnahvarfi.

Fyrstu niðurstöður Atmonia um slíka efnahvötun birtust fyrst í ritrýndum tímaritum á árinu 2021 og nú hefur hún raungerst í tilraunum. Grunnhugmyndin snýst um að formbreyta niturgasi, sem myndar um 80 prósent af andrúmsloftinu, í fast og nýtanlegt form köfnunarefnis — eða ammoníak. Haber–Bosch tæknin hefur verið nýtt til áburðarframleiðslu í gegnum slíkt ferli í langan tíma, meðal annars hér á Íslandi í áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, en sú tækni er óumhverfisvæn enda orkufrek og með stórt kolefnisspor. Áburðarframleiðsla Atmonia verður kolefnishlutlaus.

Helga Dögg Flosadóttir, forstjóri Atmonia og einn af stofnendum félagsins, segir að um mjög stóran áfanga sé að ræða. Unnið hafi verið mjög markvisst að honum á undanförnu ári. „Þetta kerfi sem við erum komin með er lítil útgáfa af kerfinu sem við ætlum að skala upp í að lokum. Í sumar, þegar við vorum búin að bæta alla þættina, þá keyrðum við tilraun með samsætumerkingu sem gefur okkur tækifæri til þess að greina muninn á ammóníaki sem verður til við að hvatinn brotnar niður og ammóníaki sem verður til við það að niturgas er klofið. Við viljum auðvitað búa til ammóníak úr niturgasi en ekki úr hvata. Þessi tilraun sýndi fram á að í þessu betrumbætta kerfi erum við að búa til ammóníak úr niturgasi með hvarfgangi sem kallast „Mars-van Krevelen“.

Þessi niðurstaða gerir okkur kleyft að fara á næstu skref, þar sem við fyrst ætlum að besta orkunýtni kerfisins og svo ætlum við að skala upp.

Við sjáum fram á að þurfa um fimm ár til þess að geta framleitt fyrsta kerfið í fullri stærð, en sú stærð ætti að geta framleitt um 150 tonn af ammóníaki á ári.“



Helga Dögg Flosadóttir, framkvæmdastjóri Atmonia. Mynd / smh

Hönnuð fyrir bændasamfélög

Helga útskýrir að til þess að framleiða allan þann köfnunarefnisáburð sem Ísland þarf á að halda, þurfi um 100 gáma af þeirra framtíðar tækjabúnaði. „Þannig getum við tryggt Íslandi áburðaröryggi, betra fæðuöryggi og stöðugt verð á köfnunarefnisáburði,“ segir hún.

Spurð um stærðir á tækjabúnaðinum og hentugar staðsetningar, segir Helga að svo virðist sem hentugast verði að framleiða áburðinn nálægt orkuframleiðslu og losna við kostnaðinn sem fylgi því að kaupa rafmagn frá dreifineti. „Þess vegna verður stærð tækjabúnaðarins örlítið stærri en áður var gert ráð fyrir og hönnuð fyrir bændasamfélag og nærumhverfi en ekki hvern stakan bónda. Þetta voru nauðsynlegar breytingar á viðskiptaáætlun til þess að tryggja lægsta mögulega verð á framleiðslunni, þannig verðum við samkeppnishæf um leið og við mætum á markað — og stefnum auðvitað á að skala upp og besta tækjabúnað þannig að framleiðsluverð lækkar.

Einnig gætum við framleitt ammóníak sem rafeldsneyti og þannig tryggt skipaflota Íslands eldsneyti úr íslensku rafmagni, og aukið orkuöryggi landsins.“

Að sögn Helgu er Atmonia í fremstu röð fyrirtækja á heimsvísu í þeirra fagi og þessar niðurstöður styrkja þeirra stöðu enn frekar hvað það varðar.

„Við höfum birt ritrýndar greinar í vísindalegum tímaritum undanfarin ár þegar það á við, en úr þessum tilraunum munum við ekki birta neinar niðurstöður strax því við viljum halda forskoti okkar.

Þó er gaman að minnast á að rétt í þessu var tímarið „Small Methods“ að samþykkja grein frá okkur um svipaðar rannsóknir.“

Helga segir að verkefnið hafi verið styrkt af Horizon Europe (VERGE og FIREFLY), Tækniþróunarsjóði og Rannsóknarsjóði Íslands. /*smh*

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ
NÆRA ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ?

Fóðurblandan leitar að **öflugum sölu- og þjónusturáðgjafa** til að **efla tengsl við bændur landsins** og styðja þá í að ná enn **betri árangri í sínum rekstri.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Oddur Bogason, sölustjóri (oddur@fodur.is). Nánari upplýsingar má einnig sjá á Alfreð.

FÓÐURBLANDAN
www.fodur.is
fodur@fodur.is
FB Reykjavík Korngarðar 12 570 9800
FB Selfoss Austurvegur 64 a 570 9840
FB Hvolsvöllur Dufþaksbraut 1 570 9850
SENDUM UM ALLT LAND

FRÁ HUGMYND AÐ FJÓSI

Allt fyrir fjósið á einum stað!

Ert þú í framkvæmdahugleiðingum? Við bjóðum uppá heildarlausn þegar byggja skal fjós. Við tökum glöð á móti öllum fyrirspurnum!



Hönnun og ráðgjöf
Allt frá skissu yfir í fullgilda aðaluppdrætti



Frá hugmynd að fjósi
Þrívíddarskissur



Höfum reist 63 fjós um land allt!

Stálgrindarhús
Allt sem þú þarft fyrir fullbúið hús



Forsteyptar einingar
Básendaeiningar og básaeiningar
Steinbitar í mörgum stærðum



Básamilligerðir
Sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr



Dýnur
Gúmmídýnur, gúmmítakkamottur,
latexdýnur, vatnsdýnur o.fl.



Át- og milligrindur
Í miklu úrvali - Staðlaðar stærðir fyrirliggjandi
Sérsmíði - Íslensk framleiðsla



Tæknibúnaður
Mjaltaþjónar, mjólkurtankar, gjafakerfi,
kálfafóstrur, mykjuþjarkar og margt fleira

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Ómar Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Út í óvissuna

Ljóst er að það markmið frumvarps atvinnuvegaráðherra um breytingar á búvörulögum að herða tök Samkeppniseftirlitsins á íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu mun nást ef það verður að lögum. Algerlega óljóst er aftur á móti hvort markmið um að efla hag bænda og neytenda muni nást fram með þessum breytingum.

Þetta er ástæðan fyrir því að bændur og aðrir hagsmunaaðilar í íslenskum landbúnaði láta nú kröftuglega í sér heyra. Með frumvarpinu er bændum og fyrirtækjum þeirra nefnilega stefnt út í óvissuna á hugmyndafræðilegum forsendum. Það er óábyrgt.

Frumvarpið snertir hjarta íslensks landbúnaðar, tengslin milli bænda og vinnslu. Ef samþykkt verður, breytir það grundvallarreglum um hvernig bændur mega starfa saman, hvernig má reka vinnslur og hverjir hafa eftirlit með þeim.

Sjá má hér tækifæri til endurnýjunar – til að skilgreina hlutverk bænda í síbreytilegum markaðsveruleika, byggja upp fjölbreyttari framleiðslu og nýta betur möguleika EES-markaðarins. Og satt að segja eru bændur ekki settir í eftirsóknarvert hlutverk við að tala gegn samkeppni á markaði og verja undanþágur frá henni. Almennt séð eru bændur líklega á sömu skoðun og flestir aðrir, að frjáls samkeppni á markaði getur ýtt undir nýsköpun, hagræðingu og lækkað verð. En þegar kemur að lífsnauðsynlegri matvælaframleiðslu á norðurslóðum með dreifða búsetu þarf að spyrja: Er frjáls samkeppni besta leiðin til að tryggja sjálfbæran landbúnað?

Stóra myndin er nefnilega stærri en svo að hana sé hægt að fella undir trúarsetningar um að hinn frjálsi markaður sé svarið við öllum vanda. Á þessu hafa flestar þjóðir heims áttað sig enda haga þær landbúnaði sínum og matvælaframleiðslu eftir aðstæðum á hverjum stað. Innan Evrópusambandsins eru lagaleg skilyrði atvinnugreinarinnar því æði mismunandi eftir löndum. Þar er nú til dæmis unnið að sameiningu tveggja stærstu mjólkursamvinnufélaga álfunnar, Arla og DMK, til þess að ná fram enn meiri stærðarhagkvæmni, neytendum og bændum til hagsbóta.

Frumvarpið um framleiðendafélög kann að virðast tæknilegt en í raun snýst það um tvennt. Annars vegar snýst málið um það hver á að stjórna framtíð mjólkuriðnaðar og kjötvinnslu í landinu og hins vegar hverra hagsmunir verði í fyrirrúmi. Verði stjórnin tekin af bændum og hún falin Samkeppniseftirlitinu, eins og stefnt er að með þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir, verður almenningur að gera sér ljóst að íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu er stefnt út í óvissuna. Það eitt og sér mun veikja landbúnaðinn í samkeppni sinni við sífellt aukinn innflutning á matvælum. Þá hugsun verður að hugsa til enda áður en ákvörðun er tekin.

Þröstur Helgason



Skýring:

Hringrás næringarefna úr landeldi og landbúnaði

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Deild landeldis varð hluti af félagskerfi Bændasamtaka Íslands um sumarið 2022. í upphafi var einungis fyrirtækið Landeldi innan vébandanna, en það skipti um nafn um sumarið 2023 og heitir síðan First Water.

Nú eru fjögur fyrirtæki innan deildarinnar og auk First Water eru það GeoSalmo, Thor Landeldi, sem öll eru í Þorlákshöfn, og Laxey í Vestmannaeyjum.

Landeldi er ört vaxandi atvinnugrein og miðað við þau verkefni sem eru í uppbyggingarfasa er gert ráð fyrir að ársframleiðsla á laxi frá landeldisstöðvum verði á bilinu 150 til 200 þúsund tonn árið 2031. Til samanburðar má nefna að fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er heildarþorskskvóti rúm 160 þúsund tonn.

Mikið magn lífræns úrgangs

Ýmsar áskoranir fylgja slíkri uppbyggingu á stórri atvinnugrein. Mikið magn af lífrænum úrgangi fellur til úr landeldi, aðallega fiskeldismykjan en einnig slóg og afskurður. Bannað er með lögum að losa ómeðhöndlaðan úrgang í sjóinn. Affallsvatn og föst efni þurfa meðhöndlun í samræmi við starfsleyfi og vöktunaráætlanir.

Einnig fylgja tækifæri þessu mikla magni lífræna úrgangs sem fellur til, sem inniheldur mikið magn verðmætra næringarefna. Í júní 2023 veitti Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins íslenska samstarfsverkefninu Terraforming LIFE, sem samsvaraði tæpum milljarði íslenskra króna. Aðilar að því verkefni voru Bændasamtök Íslands, Landeldi hf., Orkídea, Ölfus Cluster og færeyska ráðgjafarfyrirtækið SMJ. Verkefnið gengur út á að þróa nýja aðferð hér á Íslandi við áburðar- og lífgasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, sem fellur til við fiskeldi á landi og í landbúnaði – þar sem ekki er talið mögulegt að nýta fiskeldismykjuna eina og sér. Þar sem First Water nýtir sjó, sem dælt er í gegnum borholu, við sitt eldi var eitt af markmiðum þess varðandi styrkumsóknina að þróa búnaði til að gera fiskeldismykjuna nýtilega til áburðarframleiðslu, þrátt fyrir seltuna sem úr sjónum kemur.

Lokamarkmið verkefnisins er að reist verði áburðar- og lífgasverksmiðja, sem núna er gengið út frá að verði í Þorlákshöfn. Færeyska ráðgjafarfyrirtækið SMH hefur þegar hafið grunnvinnu við hönnun á slíkri verksmiðju en í áætlun er gert ráð fyrir að hún verði risin á árinu 2027 og framleiðsla hafin. Strax í byrjun er gert ráð fyrir að hún geti tekið við 30 þúsund tonnum á ári en að hægt verði að skala hana upp þannig að hún geti unnið úr 100 þúsund tonnum. Áætlað er að úrgangsmagn frá öllum landeldisfyrirtækjum á Íslandi geti orðið um 150 þúsund tonn árlega árið 2031.

Ný og stærri tromlusíustöð

Í september urðu þau tímamót í rekstri First Water í Þorlákshöfn að þó hófst vinnsla og pökkun á fimm kílóa laxi til útflutnings. Það er hluti af fyrsta uppbyggingarfasa fyrirtækisins, en stefnt er á því að hann verði kláraður næsta sumar og að þá muni framleiðslan vera komin í 8.500 tonn af fimm kílóa slægðum laxi á ári. Þegar öllum sex áföngum hefur verið náð, sem gert er ráð fyrir að verði á árinu 2031, verður framleiðslan komin 50 þúsund tonn.



Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri rannsóknar og þróunar hjá First Water. Mynd / Aðsend

Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri rannsóknar og þróunar hjá First Water, segir að samhliða verði unnið að uppbyggingu á Terraforming LIFE-verkefninu. „Við höfum verið með tromlusíur í eldinu hjá okkur frá byrjun til að taka við útfallinu úr kerjunum. Nú er hinsvegar nýbúið að taka í notkun enn stærri tromlusíustöð sem getur annað útfalli frá allt að 20 þúsund tonna framleiðslu á ársgrundvelli. Sú fiskeldismykja sem síast frá í tromlusíustöðinni er mjög vatnskennd og þarf að vinna frekar til að hægt sé að gera hana hæfa til vinnslu," segir Sigurður.

Svínaskítur og kjötmjöl

Að sögn Sigurðar er gengið út frá því í þeirra áætlun að svínaskítur og kjötmjöl séu vænlegustu kostirnir til að blanda saman við fiskimykjuna, meðal annars vegna þess hversu aðgengilegt þetta hráefni sé.

Matís gaf út skýrslu árið 2022 þar sem sýnt var fram á að jafnmikið af næringarefnum væri til í landinu, í lífrænum úrgangi, og flutt væri til landsins í formi tilbúins áburðar. Þegar Sigurður er spurður um hvort þessar niðurstöður gefi tilefni til að binda vonir við að við getum orðið sjálfbær í áburðarmálum innan fárra ára, segir hann að það sé fræðilega hægt. „En það þarf ansi margt að ganga upp til að það raungerist. Til dæmis þarf regluverkið að þróast í takt við eldið, og vinnslan á úrganginum þarf að anna eftirspurn eftir réttu magni af köfnunarefni, fosfór og kalíum — ásamt öðrum næringarefnum. Það er samt algjörlega ljóst að við getum gert mun betur í endurnýtingu úrgangs og minnkað innflutning á tilbúnum áburði umtalsvert."

Hann segir að viljayfirlýsing sé í gildi á milli fjögurra landeldisstöðva um endurvinnsluáætlanir fyrir lífræna úrganginn. Ef allar áætlanir gangi eftir, megi gera ráð fyrir að endurnýtingarferlið geti skilað um sex þúsund tonnum af 90% þurri meltu, sem hafi næringarhlutfall sem henti sem áburður. „Um 55 þúsund tonn af áburði voru innflutt árið 2024, og því gæti ein svona endurnýtingarstöð minnkað magn innflutts áburðar allavega um 10-12%. Þetta er þó háð þeim annmörkum að ég er ekki sérfræðingur í áburði, og lífrænn áburður hefur ýmsa eiginleika sem ólífrænn áburður býr ekki yfir. Þess vegna ber að taka þessu með ákveðnum fyrirvara." */smh*

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Fyrsti vetrardagur er 25. október og því hægt að slá botninn í milt sumar og haust. Um veturnætur má sjá fallega haustliti, sérstaklega í skógrækt þar sem finna má fjölbreytt tegundaúrval. Umhverfið breytist dag frá degi þar sem plöntur fara í vetrardvala á ólíkum hraða. Þá getur ein haustlægð feykt stórum hluta laufanna burt á skömmum tíma. Ljósmynd tekin á Læk í Ölfusi haustið 2024. Mynd og texti / ál

Samkeppni eða hagkvæmni?

Vinkill | Steinþór Logi Arnarsson
steinthor@bondi.is

Samkeppni og samvinna eru öfl og hugtök sem hafa talsvert verið í umræðunni upp á síðkastið. Það hefur heldur ekki verið laust við að þau hafa verið undirrituðum hugleikin. Bæði þessi öfl hafa skipað stóran sess í sögu og þróun Íslands, verið stoðir og drifkraftar félagslegrar og efnahagslegrar velsældar sem hefur vaxið hér á ævintýralegum hraða síðustu öldina eða svo. Það er þó ekki svo gott eða einfalt að þessi öfl vinni í öllum tilfellum vel saman sem veldur áskorunum.

Í íslensku samfélagi má auðveldlega líta á landbúnað sem einn af lykil innviðum þjóðarinnar sem hefur áhrif á daglegt líf allra íbúa enda erum við öll neytendur. Því snertir það okkur öll hvernig þær vörur sem landbúnaðurinn framleiðir verða til, hvernig virðiskeðja þeirra er, á hvaða verði vörurnar bjóðast og af hvaða gæðum þær eru. Samkeppni er þannig ætlað að tryggja að eftirspurn og þörfum neytenda sé mætt með sem bestum hætti eftir settum leikreglum. Upplýsingagjöf er nauðsynleg svo samkeppni sé eðlileg og sanngjörn. Þar má velta upp hvort þar megi og þurfi að gera betur; vilji neytendur taka ákvarðanir um viðskipti sín út frá uppruna, gildum, aðbúnaði vinnuafls og dýra og sýklalyfjanotkun svo dæmi séu tekin.

Þegar litið er til landbúnaðarins í samhengi við aðra innviði í okkar dreifbýla landi verður að horfa með raunsæi til aðstæðna. Til að mynda hvernig byggð og atvinnulíf dreifist hringinn um landið, milli fjalls og fjöru, á drjúg langri strandlengju sem telur um fimm þúsund kílómetra. Til að landbúnaður geti þrifist um land allt, eins og opinber landbúnaðarstefna segir til um, þarf að búa vel um hnútana, tryggja jafnræði býla og hámarka hagkvæmni eins og kostur er. Í þeirri öflugu byggðafestu felast ómæld verðmæti, bein og óbein, fyrir land og þjóð.

Þar kemur samvinna sér einkar vel eins og dæmin sýna, svo sem í mjólkuriðnaði. Þar hafa samvinnufélög haft brautargöngu um skilvirka söfnun og vinnslu mjólkurafurða, með sterkari innviðum en áður. Slíku fyrirkomulagi var og er þörf á í framleiðslu á kjötafurðum til að bæta hag bænda og neytenda. Mikilvægt er að nýir aðilar og fyrirtæki hafi þó tækifæri og ráðrúm til að koma inn á markaðinn, eins og svo sannarlega er gert í núverandi fyrirkomulagi í mjólkuriðnaðinum.

Samkeppni á litlum markaði eins og Íslandi er vandkvæðum bundin. Hún getur birst okkur í hálftómum sláturbílum sem keyra framhjá sláturhúsum, lengri leið en ella. Mjólkurbílum sem keyra á eftir hvor öðrum, sömu holóttu malarvegina, nokkrum sinnum í viku. Allt í nafni samkeppninnar því Ísland byggist jú milli fjöru og fjalla. Hvorugt er birtingarmynd um nýsköpun né hagkvæmni. Í þessum málum sem og mörgum öðrum spyr fólk sig því hvernig samkeppni virkar og hefur áhrif á líf og starf í dreifbýli. Í huga margra snúast aðgerðir opinberra aðila og stofnana of oft upp í andhverfu sína, þrátt fyrir að þær séu gerðar af heilum hug.

Íslenskar landbúnaðarafurðir eru og munu alltaf verða í öflugri samkeppni við innfluttar vörur. Tryggjum að þeirri byggðafestu sem af öflugum landbúnaði leiðir, arðbærni hans og samkeppnishæfni verði ekki ógnað með misráðnum breytingum á starfsumhverfi landbúnaðarins. Í dag og til framtíðar er til mikils að vinna og miklu að tapa fyrir okkur öll.

Höfundur er formaður Samtaka ungra bænda.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Varla hefur farið fram hjá mörgum að mikill þrýstingur á auknar virkjanaframkvæmdir hefur verið að byggjast upp á síðustu misserum. Ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur tekur undir og talar um að létta regluverkið svo hægt sé að halda af stað í nýjar framkvæmdir. Ástæðan er sögð sú að það þurfi að auka hagvöxt og byggja undir vaxtarplan stjórnarinnar fyrir íslenskt atvinnulíf til næstu tíu ára.

Í orðræðu forsætisráðherra um vaxtarplanið og fleiri virkjanir ber lítið á náttúruvernd og sömuleiðis er lítið talað um það í hvað orkan á að fara. Sporin hræða í báðum efnum. Lágmarkskrafa er því að vaxtarplani stjórnvalda fylgi verndarplan fyrir náttúru landsins, ítarleg greining á því hver staðan er og hvert skuli stefna – eins konar sáttarplan um það hvað skuli nýta og hvað skuli vernda í náttúru landsins. Hugmyndir um það virðast því miður komnar á flot með tali um aukna orkuframleiðslu. Þá er ekki síður mikilvægt að setja saman stefnu um það hvernig skuli nýta þá orku sem mögulega verður framleidd. Líklegra er að sáttin haldi ef fólk veit í hvað orkan á að fara og vissa er til staðar um að nýting hennar skili sér til uppbyggingar á atvinnugreinum sem eru samfélaginu jafnt sem umhverfinu hollar.

Sem fyrr er mikil ásókn í þá grænu orku sem hér er framleidd frá útlöndum. Á síðustu öld var valið að selja hana í stórum stíl til hráefnisframleiðslu erlendra álfyrirtækja. Nú er eftirspurnin mikil frá þeim sem reka gagnaver. „Stærstu tæknifyrirtæki heims eru að byggja upp mikið af reiknigetu og hafa sýnt Íslandi áhuga, enda hefur reynslan sýnt að hér sé gott rekstrarumhverfi þar sem boðið er upp á endurnýjanlega orku á samkeppnishæfu verði," segir á heimasíðu Landsvirkjunar.

Tinna Traustadóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Landsvirkjun, var í þættinum Sprengisandi sl. sunnudag að benda á þessa miklu eftirspurn eftir grænni orku meðal gagnavera og að tækifærin myndu renna okkur úr greipum ef ekki yrði brugðist við fljótt. Sérstaklega þyrfti að gera þessum fyrirtækjum hægara um vik að koma sér fyrir hér á landi með því að stytta leiðir og einfalda regluverk.

Fyrr í vikunni stóðu Samtök iðnaðarins svo fyrir fundi þar sem rætt var um þróun og áhrif gervigreindar í heiminum og stöðu Íslands í gervigreindarkapphlaupinu en þar sagði bandarískur sérfræðingur að leggja þyrfti nýjan og öflugan sæstreng frá landinu svo Ísland héldi samkeppnishæfni í orkufrekri vinnslu gervigreindar í gagnaverum. Logi Einarsson, ráðherra menningar, nýsköpunar og háskóla, sagði í viðtali við RÚV eftir fundinn að töluverður áhugi væri á uppbyggingu hér vegna grænnar orku: „Tæknin er að þróast í veldisvexti þannig að ég held að allt gerist hraðar heldur en það gerðist í gær."

Gagnaver eru kannski nýja töfralausnin eins og álver voru upp úr miðri síðustu öld. Það hljómar skynsamlega að Íslendingar dragist ekki aftur úr í vinnslu gagna og séu þátttakendur í gervigreindarkapphlaupinu. Tinna nefndi nokkur af helstu vandamálum samtímans sem gagnaverin, sem þegar starfa hér, væru að hjálpa til við að leysa. Og auðvitað eigum við að taka þátt í því að leysa þessi vandamál sem snúa meðal annars að heilsu og loftslagsmálum. En spurningin er hvernig við gerum það. Og hvort rétta leiðin sé endilega að framleiða meiri orku til þess að selja tæknirisum heimsins. Þeir eru vafalítið tilbúnir til þess að borga mikið fyrir endurnýjanlega orku en kannski er farsælla að þessu sinni að verja orkunni í hérlenda nýsköpun sem ekki aðeins felst í hráefnaframleiðslu heldur fullunninni vöru sem skilar arðinum öllum hér innanlands.

Aðalatriðið er þó að gefa okkur tíma til þess að taka yfirvegaða ákvörðun um það hvort við virkjum meira og þá til hvers. Förum okkur hægt.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarson
trausti@bondi.is

Eftirlit eftirlitsins vegna

Á dögunum stóðu Bændasamtök Íslands, ásamt Samtökum fyrirtækja í landbúnaði fyrir Degi landbúnaðarins – í Borgarnesi að þessu sinni – undir yfirskriftinni „Við erum öll úr sömu sveit". Þar vorum við að sjálfsögðu að vísa í auglýsingar okkar sem ætlað er að minna almenning á tengingu þeirra við bændur og matvælaframleiðendur. Að við Íslendingar séum öll í rauninni úr sömu sveit.

En á Degi landbúnaðarins vildum við líka minna bændur og matvælaframleiðendur á að það sama á við um okkur. Að við eigum mikilvæga sameiginlega hagsmuni og að saman náum við meiri árangri en sitt í hverju horni.

Fyrirlesarar héldu spennandi og fróðleg erindi og umræðurnar í kjölfarið voru upplýsandi. Að öðrum ólöstuðum vil ég samt fjalla hér örlítið um fyrirlestur Karls Karlssonar hjá Einni heild og leggja aðeins út af honum sjálfur. Karl fjallaði í sínu erindi um opinbert eftirlit og áhrif þess á bændur og matvælaframleiðendur.

Karl benti á nokkuð sem ætti að vera öllum augljóst en er það – að því er virðist – því miður

> Að sjálfsögðu er mikilvægt að fylgst sé með því að ákvæðum laga um dýravelferð, hollustu og hreinlæti sé fylgt, en þegar sama býli, eða sama fyrirtæki, er heimsótt aftur og aftur án þess að þar finnist nokkuð athugavert er erfitt að sjá að afraksturinn sé nokkur annar en kostnaður fyrir viðkomandi.

ekki. Að eftirlit á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Markmið heimsókna og annarra aðgerða á vegum Mast eða heilbrigðiseftirlitsstofnana er að tryggja velferð dýra og manna, svo talað sé á almennum nótum. Markmiðið á ekki að vera að fara í svo og svo margar heimsóknir, taka svo og svo mörg sýni eða haka í svo og svo mörg box í gátlistunum.

Að sjálfsögðu er mikilvægt að fylgst sé með því að ákvæðum laga um dýravelferð, hollustu og hreinlæti sé fylgt, en þegar sama býli, eða sama fyrirtæki, er heimsótt aftur og aftur án þess að þar finnist nokkuð athugavert er erfitt að sjá að afraksturinn sé nokkur annar en kostnaður fyrir viðkomandi. Kostnaður sem bændur eða smáframleiðendur matvæla geta átt erfitt með að mæta.

Það skiptir nefnilega máli að eftirlit sé hagkvæmt og einfalt. Krafan um einfaldara og hagkvæmara kerfi er ekki krafa um að gefinn sé afsláttur af velferð dýra og manna, heldur aðeins að hugað sé að markmiðum eftirlitsins.

Þá eru dæmi um það að við innleiðingu evrópskra reglna hér á landi séu gerðar ríkari kröfur til íslenskra bænda og matvælaframleiðenda en gert er í Evrópu. Íslenskur landbúnaður og íslensk matvælaframleiðsla á í harðri samkeppni við innflutta matvöru og það er engum til gagns að við séum sett í þá stöðu að taka þátt í keppninni með aðra höndina bundna fyrir aftan bak.

Stjórnvöld geta með ákvörðunum sínum stutt við íslenska matvælaframleiðslu, en á sama hátt geta þau líka lagt stein í götu hennar. Um tíma leit út fyrir að samgönguráðherra ætlaði að leggja veglegan hnullung í þá götu með því að meina öðrum en meiraprófshöfum að keyra dráttarvél.

Sem betur fer hefur ráðherra hlýtt á og tekið til greina athugasemdir Bændasamtakanna og annarra umsagnaraðila og dregið þessa hugmynd til baka. Málið sýnir hins vegar mikilvægi þess að við vinnum með stjórnvöldum að því að bæta starfsskilyrði bænda og íslenskrar matvælaframleiðslu – og veitum þeim aðhald þegar þörf krefur.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.



Metfjöldi umsókna var í ár um nýliðunarstyrki í landbúnaði. Mynd / smh

Landbúnaður:

Metfjöldi umsókna um nýliðunarstuðning

Ásókn í nýliðunarstyrki í landbúnaði heldur áfram að aukast og í ár er metfjöldi umsókna. Sóttu 108 aðilar um að þessu sinni en á síðasta ári voru umsóknirnar 95, en þá var einnig metár.

Af 108 gildum umsóknum voru 45 frumumsóknir og 63 framhaldsumsóknir, en í ár voru 177,1 milljón króna til ráðstöfunar.

Fyrst veittur árið 2017

Nýliðunarstuðningurinn var veittur í fyrsta skiptið á árinu 2017 á grundvelli reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað. Markmiðið með honum er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

Nýliðunarstuðningur er veittur til fjárfestinga í búrekstri og beinist að einstaklingum í eigin nafni, óháð hjúskaparstöðu, eða lögaðila sem nýliði á að minnsta kosti 25% hlut í. Hægt er að sækja um nýliðunarstuðning til kaupa á jörð, kaupa á fasteign, kaup á bústofni eða plöntum til framleiðslu á garðyrkjuafurðum, kaupa á greiðslumarki eða kaupa á tækjum og búnaði til búskapar.

Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingastuðningi á ári þó að hámarki níu milljónir króna. Heimilt er að veita stuðning til sömu fjárfestingar í allt að þrjú ár eða þar til hámarki er náð.

Tók við af framlögum til frumbýlinga

Til að eiga rétt á stuðningi þurfa umsækjendur að vera á aldrinum 18-40 ára, vera að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári.

Þeir mega ekki hafa hlotið nýliðunarstuðning í mjólkurframleiðslu eða bústofnskaupastyrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt, samkvæmt þágildandi reglum árin 2015-2016 og ekki lagt út fyrir fjárfestingu annaðhvort með eigin fé eða lántöku.

Nýliðunarstuðningur tók við af framlögum til frumbýlinga, það er styrkúthlutun sem grundvallaðist meðal annars á stuðningi við sauðfjárrækt. Í búvörusamningum 2016 tóku við framlög til nýliðunar í landbúnaði óháð búgrein. /smh





Eðlisbreyting verður á nálgun við útrýmingu riðuveiki í sauðfé. Horfið er frá því að reyna að útrýma smitefninu sjálfu, í staðinn verður megin áherslan lögð á að útrýma veikinni með ræktun fjárstofns sem ber verndandi arfgerðir gegn riðusmitefninu Mynd / smh

Lög og reglur um útrýmingu á sauðfjárriðu

– Horfið frá útrýmingu á smitefninu en áhersla á ræktun gripa með verndandi arfgerðir

Samkvæmt nýlega samþykktum breytingum á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim fær atvinnuvegaráðherra heimild til að setja í reglugerð skyldu til að rækta gegn dýrasjúkdómi, sem og að geta fyrirskiptað slíka ræktun.

Markmið laganna er að innleiða í lög tillögur sem lagðar eru fram í sameiginlegu stefnuskjali stjórnvalda og bænda, Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu. Stefnan var undirrituð af ráðherra, forstjóra Matvælastofnunar og formanni Bændasamtaka Íslands sumarið 2024 og endurskoðuð í sumar.

Matvælastofnun ákvarðar bótagreiðslur

Með breytingunum getur atvinnuvegaráðherra falið Matvælastofnun með reglugerð að framfylgja tilteknum aðgerðum og að taka ákvarðanir í tengslum við uppkomu alvarlegra dýrasjúkdóma. Einnig að taka ákvarðanir um greiðslu bóta á grundvelli laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Einnig verður ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð um flokkun landssvæða, bæja og starfsstöðva þar sem sérstakar ráðstafanir skulu gilda til að hefta útbreiðslu alvarlegra dýrasjúkdóma í samræmi við eðli viðkomandi dýrasjúkdóms og faraldsfræðilegra þátta.

Sauðfjárriðu útrýmt innan 20 ára

Drög að reglugerð um riðuveiki í fé hefur í kjölfarið verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda, en hún byggir á Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu. Umsagnarfrestur er til 29. október.

Markmið hennar er að útrýma riðuveiki í sauðfé á Íslandi innan 20 ára og er reglugerðin undirstaða þess að Íslandi nái markmiðum sem settar eru fram í landsáætluninni. Í henni er einnig stefnt að því að litlar líkur séu á að upp komi riðuveiki frá og með árinu 2028 og að Ísland hafi hlotið viðurkenningu ESB árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að upp komi riðuveiki hér á landi.

Í reglugerðinni birtist eðlisbreyting á nálgun við útrýmingu riðuveiki. Horfið er frá því að reyna að útrýma smitefninu sjálfu, í staðinn verður megin áherslan lögð á að útrýma veikinni með ræktun fjárstofns sem ber verndandi arfgerðir gegn riðusmitefninu ásamt áframhaldandi aðgerðum til að hefta mögnun og dreifingu smitefnisins.

Í greinargerð með reglugerðinni segir að horft sé til þess að aðgerðir séu áhættumiðaðar, þær séu stigmagnandi og beint að tilteknum áhættuflokkuðum bæjum en ekki jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi eins og verið hefur hingað til. „Sjö ára tímaviðmið er tekið upp í stað 20 ára, sjö ár eru tiltekin í reglugerð (EB) 999/2001 þegar um viðskipti með fé er að ræða á milli landa auk þess sem sjö áru eru um tvöfaldur meðgöngutími riðuveiki. Þannig minnka álögur og tími hafta styttist hjá fjölda sauðfjárbænda, en bændur geta auk þess stytt sjálfir haftatímann með því að rækta hratt gegn veikinni.

Öllum sauðfjárbændum verður gert skylt að rækta gegn riðuveiki en jafnframt bjóðast þeim styrkir til ræktunar og arfgerðagreininga í samræmi við fjárheimildir Alþingis. Ræktunarstyrkjum verður beint þangað þar sem mesta áhættan er og hærri arfgerðagreiningastyrkir verða fyrir verndandi arfgerðir en mögulega verndandi arfgerðir.“

Áhættuflokkaðir sauðfjárbæir

Sauðfjárbæir verða áhættuflokkaðir í riðubæi, áhættubæi og aðra bæi í áhættuhólfi. Tímasett eru ræktunarmarkmið fyrir hvern flokk og eru takmarkanir settar á bæi eftir flokkum sem eru útlistaðar í reglugerðinni. Þar er jafnframt tilgreint hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að aflétta takmörkunum.

Í reglugerðinni eru tiltekin viðbrögð við uppkomu riðuveiki, þannig að fyrirsjáanleiki sé mikill og stjórnsýslulegum ákvörðunum fækkar sem byggðar eru á faglegu mati. Matvælastofnun mun annast stjórnsýsluna. Horfið verður frá því að ráðherra fyrirskipi niðurskurð og einstaka aðgerðir og að ráðuneytið semji við sérhvern bónda.

Dregið úr kostnaðarsömum hreinsunum

„Samhliða kröfunni um ræktun verndandi arfgerða á riðubæjum verður dregið úr kostnaðarsömum hreinsunum og uppbyggingu eftir niðurrif. Í stað fjárleysis í þrjú ár frá uppkomu riðuveiki verður bú ekki fjárlaust, heimilt verður að kaupa nýtt fé strax að loknum þrifum, þannig helst búið í rekstri og afurðatjónsbætur minnka í réttu hlutfalli við rauntekjur af afurðum búsins,“ segir í greinargerð með reglugerðinni.

„Hraði uppbyggingar hjarðarinnar ræðst af bóndanum sjálfum, en gólf er sett á afurðatjónsbætur og útreikningar bóta miðast við að árleg fjölgun fjár sé að lágmarki þriðjungur þess sem skorinn var. Vilji bóndi fjölga fénu hægar þá getur hann það en afurðatjónsbætur myndu taka mið af þriðjungs fjölgun. Matvælastofnun mun annast alla stjórnsýslu með bótagreiðslum en ráðuneytið annast afgreiðslu allra styrkja til að örva ræktun gegn riðuveiki, þar á meðal arfgerðagreiningar.“

/smh

VÉLFANG – VERKIN TALA

CLAAS

11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



Allt í einni hendi:
ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvasneiðum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.



Frábært útsýni:
Með PANORAMIC ökumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.

Loftfjaðrandi sæti:
Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færist til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.





Kraftmikill mótor:
Fjögurra strokka FPT-mótorinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.





Lýsing:
Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdegi í bjartan dag.



Auðvelt viðhald:
Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.



Kúplingsfrí gírskipting:
Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélina sjálfskipta með QUADRACTIV/HEXACTIV.



Snjall akstur:
Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



CLAAS = Þægindi:
Eins og alltaf bíður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



Öflugt vökvakerfi:
Með allt að 4 vökvaúttökum og með stærstu vökvadælunni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

Kælihólf:
Undir farþegasætinu er kælihólf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Geitur:

Afurðastöðvar slátra en kaupa ekki geitakjötið

– Talið hamla vexti búgreinarinnar

Afurðastöðvar slátra geitum en kaupa ekki afurðirnar af bændum eins og í öðrum búgreinum. Þetta er talið hamla vexti greinarinnar.

Hákon Bjarki Harðarson, formaður deildar geitfjárbænda innan Bændasamtaka Íslands, segir að sláturhús slátri öllum geitum fyrir bændur en kaupi hins vegar ekki af þeim kjötið, afurðirnar, eins og þau geri í öðrum búgreinum. Því þurfi bændur að taka allt sitt kjöt heim og sjá sjálfir um sölu og eftir atvikum frekari vinnslu á afurðunum.

„Að því ég best veit þá er ekkert sláturhús sem kaupir geitakjöt í dag og ég veit ekki til þess að þau hafi gert það gegnum tíðina. Ef svo er þá er mjög langt síðan afurðarstöðvar hættu að kaupa geitakjöt af bændum," segir Hákon.

Aðeins sé misjafnt eftir sláturhúsum hvernig slátrun á geitum er háttað. Sum taki geitaslátrun jafnhliða sauðfé meðan önnur hafi sérstaka daga eða dagparta til geitaslátrunar. Einnig sé misjafn milli húsa hvort bændur þurfi sjálfir að koma geitum í slátrun eða hvort megi senda geitur með sauðfjársláturbílum.



Formaður deildar geitfjárbænda segir aðeins eina afurðastöð þurfa að stökkva á vagninn með geitabændum til að markaðssetja geitakjöt. Mynd / smh

Markaður myndi framboð

„Markaður fyrir geitakjöt er lítill í dag því framboðið er svo lítið hjá hverjum bónda. Markaðurinn myndast ekki nema framboðið sé til staðar, besta leiðin til þess að framboðið myndist er að afurðarstöðvarnar kaupi kjötið af bændum. Stór hluti geitfjárbænda er með fáar geitur og hafa því ekki það magn af kjöti að þeir geti annað eftirspurn ef t.d. eitt veitingahús vildi bjóða upp á geitakjöt á matseðli sínum. En afurðarstöðvarnar ættu mun auðveldara með að anna þess háttar eftirspurn," segir Hákon jafnframt.

Þegar grennslast var fyrir um geitaslátrun hjá afurðastöðvunum kom í ljós að hjá sláturhúsi SKVH á Hvammstanga er slátrað um 300 geitum í haust og bændur taka allt sitt kjöt heim. Síðasta áratuginn hið minnsta hafi engar fyrirspurnir borist þangað um sölu á geitakjöti eða aukaafurðir af geitum, segir í svari.

Í Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga er um 150 geitum slátrað nú í haust. „Allar geitur fara í heimtöku en afurðastöðin kaupir ekkert geitakjöt. Stærstu aðilarnir, um 85% af heildinni, sem slátra hjá okkur vinna afurðirnar sjálfir og selja geitaafurðir beint frá býli þannig að lítil eftirspurn hefur verið eftir því að leggja inn geitakjöt. En hins vegar hef ég ekki heldur fengið fyrirspurnir um kaupendur að geitakjöti," segir Einar Kári Magnússon aðstoðarsláturhússtjóri.

Hjá Sláturhúsi SS á Selfossi fengust þær upplýsingar að ríflega 100 geitum væri slátrað í haust en bændur tækju kjötið heim. „Við höfum ekki sölulfarveg fyrir þetta og magnið nægir ekki til að fara í sér umbúðir og markaðssetningu," segir Benedikt Benediktsson framleiðslustjóri.

Sigmundur Hreiðarsson, framleiðslustjóri hjá Norðlenska ehf. á Húsavík, segir búið að slátra 76 geitum í haust. Sé miðað við fyrra ár verði þær um eða yfir hundrað talsins. Reynt hafi verið að kaupa afurðir fyrir nokkrum árum og áframselja en ekki verið eftirspurn og því hætt. Húsið vinni afurðir fyrir geitabændur sem selji þær svo sjálfir.

Ekki höfðu borist svör frá Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi þegar blaðið fór í prentun.

Aðeins þurfi eina afurðastöð til

Hákon telur að ef efla eigi geitfjárrækt sem búgrein þá þurfi geitabændur að fá afurðarstöðvarnar með sér í lið og búa til markað fyrir afurðirnar.

„Nokkur bú eru í dag að vinna flottar vörur úr sínum afurðum og selja beint frá býli. En það eru ekki allir bændur sem hafa aðstöðu, tíma eða áhuga á að vera með heimavinnslu og það kannski hamlar því að þeir stækki sín bú ef þeir geta ekki selt afurðarstöðvum sínar afurðir eins og bændur annarra búgreina gera í dag. Ég held að það eina sem þurfi til að breyta þessu sé að ein afurðarstöð þori að taka af skarið og leggja í þá vinnu með okkur að markaðssetja geitakjöt sem þá gæðavöru sem hún er. Eins og þetta fyrirkomulag er í dag þá tel ég að þetta hamli vexti greinarinnar," segir Hákon enn fremur. */sá*





Í skýrslunni um fæðuöryggi segir að mikilvægt sé að styrkja birgðakeðjur, efla kornrækt og byggja upp birgðahald til að auka viðnámsþol. Mynd / smh

Fæðuöryggi:

Samdráttur í hlutfalli innlendrar búvöruframleiðslu

– BÍ segir að bregðast þurfi hratt við þeirri þróun af öllum mætti

Hlutfall innlendrar búvöruframleiðslu á íslenskum matvörumarkaði hefur dregist saman og verða stjórnvöld að bregðast við þeirri þróun af öllum mætti.

Þetta kemur fram í umsögn Bændasamtaka Íslands um skýrslu yfir stöðu fæðuöryggis á Íslandi, en umsagnarferli um skýrsluna lauk fyrir skemmstu. Skýrsluna vann fyrirtækið Nordic Insights fyrir atvinnuvegaráðuneytið.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu af innanlandsþörf hafi lækkað um tíu prósent á síðustu tíu árum. Samkvæmt skýrslunni hefur sauðfé fækkað um nær 30% á síðasta áratug. Mikilvægt sé að styrkja birgðakeðjur, efla kornrækt og byggja upp viðeigandi birgðahald til að auka viðnámsþol.

Vannýtt tækifæri í garðyrkjuframleiðslu

Í skýrslunni segir enn fremur að vannýtt tækifæri séu í garðyrkjuframleiðslu á Íslandi og ástæða sé til kanna hvort og hvernig hægt væri að beita stuðningskerfi landbúnaðarins til að styðja frekar við hana. Bændasamtökin taka undir með þessu áliti og segja að innlendur landbúnaður sé full fær um að mæta slíkum áskorunum, „en mikilvægt sé að stjórnvöld tryggi fyrirsjáanleika og bæti rekstrarskilyrði hans á breiðum grunni."

Í umsögn Bændasamtakanna segir að fyrir Ísland séu áskoranir tengdar fæðuöryggi sérstaklega mikilvægar vegna legu landsins sem gerir landið háðara innflutningi á lykilhráefnum til matvæla- og fóðurframleiðslu. „Þrátt fyrir að Ísland standi vel á mörgum sviðum, með öflugan sjávarútveg, hreint vatn og aðgengilegt flutningskerfi, er ljóst að fæðukerfi landsins er viðkvæmt gagnvart ytri og innri áföllum og að efla þurfi og styrkja áfallaþolið," segir í umsögninni.

Stuðningur dregist saman

Bændasamtökin gagnrýna orðalag í skýrslunni, um að stuðningur við landbúnað sé mikill á Íslandi. Vísa þau til samantektar Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) um opinberan landbúnaðarstuðning aðildarríkjanna. Þar komi fram að Íslands skeri sig úr að þessu leyti þar sem stuðningur hér á landi hafi dregist verulega saman undanfarin ár. Einnig sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Bændasamtökin taka undir með ályktun skýrslunnar að íslensk framleiðsla sé ekki samkeppnishæf við okkar helstu nágrannaríki og standi af þeim sökum berskjölduð gagnvart tollfrjálsum innflutningi. Innlend framleiðsla líði fyrir það að tollar á mörgum landbúnaðarvörum eru fastir við krónutölu, samkvæmt fríverslunarsamningum, og lækki því að raungildi í beinu hlutfalli við innlenda verðbólgu umfram önnur viðskiptaríki.

Þau benda á að til þess að yfirlitið um fæðuöryggi á Íslandi geti orðið grundvöllur að mælaborði, þurfi að auka gagnasöfnun til muna. Bæði þyrfti töluvert nákvæmari upplýsingar um framleiðslu en einnig frekari og ítarlegri upplýsingar um birgðastöðu. */smh*

Dýraheilbrigði:

Ekki talinn vöxtur í sýklalyfjaónæmi kjúklinga

- Sérgreinadýralæknir segir villandi að halda slíku fram

Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis hjá Matvælastofnun, segir villandi að halda því fram að sýnataka í kjúklingum í fyrra, í samræmi við reglugerð um vöktun á sýklalyfjaónæmi í dýrum og matvælum, hafi sýnt vaxandi ónæmi.

Greint var frá því í Bændablaðinu fyrr í október að framkvæmd sýnataka í kjúklingum í samræmi við reglugerð um vöktun á sýklalyfjaónæmi í dýrum og matvælum sýndi vaxandi ónæmi. Kom þetta fram í fregn Embættis landlæknis um sameiginlega ársskýrslu embættisins og Matvælastofnunar um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum fyrir árið 2024, sem kom út fyrir skömmu.

Vigdís segir að í skýrslunni hafi komið fram að fleiri salmonellustofnar úr kjúklingum reyndust ónæmir miðað við fyrri ár.

„Mjög varasamt er að tala um þróun (s.s. vaxandi sýklalyfjaónæmi) þegar svona fáir stofnar standa á bak við tölurnar. Ýmsar skýringar geta verið á því að það er aukið ónæmi, m.a. salmonellutýpan. Þessar niðurstöður þýða ekki að það sé aukning á ónæminu í heild sinni eða einhvers konar þróun," útskýrir hún.



Sóttvarnadýralæknir segir mjög varasamt að tala um þróun í sýklalyfjaónæmi þegar jafn fáir stofnar Salmonellu og raun beri vitni standi bak við niðurstöðutölur. Mynd / Bbl.

„Það væri hins vegar réttara að skoða ónæmi E. coli bendibaktería ef maður vill skoða þróun, eins ESBL/AmpC/karbapenemasa-myndandi E. coli. Þar liggja mun fleiri sýni bak við tölurnar og sýni tekin í slembiúrtaki. Sé það skoðað þá virðist þróunin vera öfugt við fullyrðinguna „vaxandi sýklalyfjaónæmi" (sbr. töflu 21 á bls. 126 í skýrslunni). Eins er ónæmi í kjúklingarækt lægra en til dæmis í svína- eða sauðfjárrækt," segir Vigdís enn fremur.

Ársskýrslan var unnin í samstarfi við Landspítala, Lyfjastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Umhverfisstofnun.

Í grein Bændablaðsins voru m.a. helstu niðurstöður sýnatöku úr kjúklingum í fyrra raktar og þar stuðst við ársskýrsluna. */sá*

can-am®



NÝ OG ENDURHÖNNUÐ SEXHJÓL

VERÐ FRÁ 2.540.000KR + VSK

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Slow Food-hátíð í Grasagarðinum

– Fræðsla og líflegur matarmarkaður

Á dögunum stóð Slow Food á Íslandi fyrir tveggja daga matarhátíð í Garðskála Grasagarðs Reykjavíkur, undir yfirskriftinni BragðaGarður.

Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food á Íslandi, segir að viðburðurinn hefði heppnast mjög vel og um 220 gestir hafi mætt til að taka þátt í dagskránni á föstudeginum sem sérstaklega hafi verið sniðin að ungmennum á framhaldsskólaaldri.

Skynmatsverkstæði og kynning á súrdeigsbrauði

„Nemendur úr Grunndeild matvæla í Menntaskólanum í Kópavogi stýrðu jafningjafræðslu og buðu upp á skynmatsverkstæði, kynningu á súrdeigsbrauði og jurtakokteilbar. Nemendur á fyrsta ári í matreiðslu buðu upp á sýnikennslu á léttum réttum úr íslensku hráefni. Einnig var spunavinnsla úr ull í gangi, fræðsla um uppruna matarins og ræktun eigin matvæla. Á staðnum voru fulltrúar frá Garðyrkjufélagi Íslands, Lífrænu Íslandi, Landfræðideild Háskóla Íslands sem fjallaði meðal annars um ferðalag matarins og loks kynnti Biodice, félag um líffræðilega fjölbreytni, vistvænar og lífrænar lausnir í matvælaframleiðslu og ræktun," segir Dóra.

Hún segir að á laugardeginum hafi Garðskálinn breyst í líflegan matarmarkað þar sem Beint frá Býli og Samtök smáframleiðenda matvæla voru með fjölbreyttar afurðir til sölu. „Um 830 gestir komu á markaðinn og nutu þess að smakka, spjalla og versla beint frá framleiðendum. Rúnalist frá Stórhól í Skagafirði ásamt Drekagulli, voru með fjölbreytt handverk og mat, Háafell Geitfjársetur, Sólskinsbúðin frá Flúðum, Livefood vegan ostagerð, Rjómabúið Erpsstaðir, Útúrkú súkkulaðigerð, Hrísakot með geitaafurðir, R-rabarbari, Fine foods, Breiðargerði með lífrænt ræktað grænmeti og Svava sinnep voru öll á staðnum og tóku vel á móti fólki."

Rabarbari um víða veröld

Fyrirlestrar voru hluti af dagskránni og sköpuðu þeir, að sögn Dóru, áhugaverðar umræður um matarmenningu, minni sóun og súðbyrðinga. Bjarki Þór Sólmundarson sem rekur veitingastaðinn Hvönn í Skálholti var með fyrirlestur um hvernig markviss vinna með „zero waste" hugsjón stuðlar að meiri gæðum. Nanna Rögnvaldardóttir var með skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um rabarbara um víða veröld, en fjölmörg yrki eru til og notkunin margvísleg. Borgarnáttúra leiddi fræðslugöngu um Grasagarðinn og Sigurbjörg Árnadóttir formaður Vitafélagsins strandmenningarfélags var með áhugavert erindi um súðbyrðingin og hefðir í bátasmíð en það er eina skráning Íslands á lista UNESCO um óáþreifanlegan menningararf mannkyns," segir Dóra.

Hún bætir við að Slow Food á Íslandi, ásamt Slow Food Bergen, Slow Food Mearre Sapmi, Slow Food á Ítalíu og Slow Food í Nígeríu sé að að vinna að umsókn tengda harðfisk og skreiðarmenningu þjóðanna.

„BragðaGarður 2025 sýndi enn og aftur að hægt er að tengja saman mat, menntun og samfélagsvitund á skapandi og skemmtilegan hátt – og að framtíðin er bragðmeiri þegar ungt fólk og smáframleiðendur fá að blómstra saman," segir Dóra að lokum. */smh*



Gleðistund stund hjá Rúnalist og Drekagulli. Álfrún Lilja Þórarinsdóttir, Sigrún Helga Indriðadóttir, Jón Egill Indriðason og Dóra Svavarsdóttir formaður Slow Food á Íslandi.
Myndir / Aðsendar



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir stundar lífrænt vottaða grænmetisræktun í Breiðargerði.



Ragna Erlingsdóttir frá R-rabarbara.



Álfrún Lilja Þórarinsdóttir er hér með liðskrúðugt band frá Rúnalist.



Þorgrímur Einar Guðbjartsson á Erpsstöðum er skyrgerðarmaður.



Damian Andrzejewski kynnit vörur frá Sólskinsbúðinni á Flúðum.



YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Galtalækur 1: Hér eru lóðirnar í skóginum, sem framkvæmdir munu hefjast við næsta vor, alls 28 lóðir. Lóðirnar eru eignarlóðir en heimild er fyrir allt að 160 fermetra húsi á hverri lóð. Ljósmynd/aðsend

Galtalækjarskógur:

48 lóðir verða seldar og hótel byggt

Skúli Kristófer Skúlason hjá fyrirtækinu Vinjar ehf., sem er einn af eigendum Galtalækjarskógar í Holta- og Landsveit í Rangárþingi ytra, hefur náð þeim mikilvæga áfanga að klára nýtt deiliskipulag fyrir skóginn en það hefur tekið á þriðja ár með tilheyrandi vinnu og kostnaði.

„Fyrir liggur samþykkt skipulag, sem gerir ráð fyrir allt að 48 undurfögrum lóðum inni í skóginum. Einnig er leyfi fyrir allt að 1.850 fermetra hóteli sem tengist 35–40 smáhýsum en við getum hugsað okkur að selja ferðaþjónustusvæðið sérstaklega með um 5 hekturum af landi í kringum hótelið ef þannig ber undir. Með því myndi gistiheimilið Langahlíð fylgja sem gæti þá orðið starfsmannaaðstaða," segir Skúli Kristófer.

Á vordögum á nýju ári munu hefjast framkvæmdir við vegagerð og veitur ásamt því að leggja stúta að öllum lóðum með köldu vatni og rafmagni. Um er að ræða fyrri hluta svæðisins en þar eru 28 lóðir en meiningin er að hefja sölu á lóðunum seinni hluta næsta sumars. „Lóðunum hefur verið skipt í þrjá flokka, það er að segja eftir staðsetningu, útsýni og stærð.

Þeir sem kaupa lóð í Galtalækjarskógi eru ekki einungis að kaupa um 5.000 fermetra lóð heldur fylgir með í kaupunum sameign með tugi hektara skógar með endalausum möguleikum til útivistar og aðstöðu til að njóta náttúrufegurðinnar eins og hún gerist best. Um er að ræða einstakt land í fallegum skógi sem erfitt er að finna á Íslandi í dag," segir Skúli. */mhh*



Bændablaðið kemur næst út 6. nóvember



F. v. Brynjar Skúlason, sviðsstjóri rannsókna og þróunar hjá Landi og skógi, Þorsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur, Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson, prófessor emerita í grasafræði og plöntuerfðafræði, og Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skóga, við afhendingu heiðursviðurkenningar til Kesöru og Þorsteins nú nýverið. Þau fengu gripi úr íslenskum viði gerða af Jóni Guðmundssyni. Mynd / Aðsend

Plöntuerfðafræði:

Heiðruð fyrir starf að erfðafræði birkis

– Afreksfólk á sviði plöntukynbóta

Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson og Þorsteinn Tómasson voru nýverið hreiðruð fyrir starfs sitt að erfðafræði birkis.

Á ráðstefnu skógasviðs norræna erfðavísindasamstarfsins NordGen um birki, sem fram fór á Hellu í september, voru tveir íslenskir vísindamenn heiðraðir fyrir starf sitt að erfðafræði birkis, þau Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson, prófessor emerita í grasafræði og plöntuerfðafræði, og Þorsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur. Þau þykja skara fram úr á sviði plöntukynbóta á Íslandi, meðal annars í nytjaplöntum fyrir gras- og kornrækt en líka fyrir skógrækt, og þá sérstaklega birki.

Á fyrri degi ráðstefnunnar var fjallað um fjölbreytileg efni sem snerta erfðafræði og efnivið þeirra birkitegunda sem finnast á Norðurlöndunum og notaðar eru þar í ræktun og við útbreiðslu náttúruskóglendis. Auk Íslendinga komu fyrirlesarar frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Seinni daginn var skoðunarferð á Þórsmörk þar sem kynnt var það sögulega starf sem þar hefur verið unnið við endurheimt birkiskóglendis og ýmis þekking sem snertir jarðveg, aðferðir við að örva landnám birkis og fleira.

Segir á vefsíðu Lands og skógar að ljóst sé af ráðstefnunni að aukin áhersla er á notkun birkis í skógrækt á Norðurlöndunum í margvíslegum tilgangi, jafnt til að auka útbreiðslu birkis í náttúruskógum og hlutfall þess í ræktuðum skógum til aukinnar fjölbreytni og bættra nytja. Miklir möguleikar séu til dæmis í kynbótum sem lúta að því að fá beinvaxið birki sem meðal annars nýtist í spónavinnslu fyrir krossvið og ýmsa aðra framleiðslu.

Fram kemur að Finnar hafi unnið að kynbótum á birki um árabil og nú séu bæði Svíar og Norðmenn komnir með kynbótaáætlanir fyrir tegundina. Sömuleiðis er hreyfing á þessum málum bæði í Danmörku og á Íslandi. Tveir Íslendingar standi upp úr í því efni og hafi mesta reynslu af rannsóknum og kynbótum á birki hérlendis, þau Kesara og Þorsteinn. */sá*

Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson

Dr. Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson hefur átt mjög farsælan og gjöfulan starfsferil sem prófessor í grasafræði og plöntuerfðafræði við líf- og umhverfisvísindasvið Háskóla Íslands. Þar kenndi hún plöntulífeðlisfræði, plöntuerfðafræði og líftækni ásamt greinum sem snerta sameinda- og frumuerfðafræði plantna og líffræði hitabeltisins. Undanfarna fjóra áratugi hefur hún beint sjónum sínum að erfðafræði íslenskra plöntutegunda og gert ýmsar uppgötvanir á því sviði. Meðal annars hefur hún rannsakað erfðaeiginleika íslensks birkis og þá genablöndun við fjalldrapa sem ljær íslensku birki sitt fjölbreytta vaxtarlag og misjafnlega kræklótt útlit. Það genaflæði sem verður milli þessara tveggja tegunda á sér stað víðar í Norður-Evrópu en á Íslandi og er talið hafa þróunarfræðilega kosti sem gera þessum tegundum betur kleift að þola umhverfisbreytingar, ekki síst þær sem orðið hafa fyrir áhrif mannsins.
Frumuerfðafræðirannsóknir sem Kesara hefur stýrt hafa leitt í ljós að íslenskt birki býr yfir ólíkum eiginleikum. Í raun má segja að mest af þeirri vísindaþekkingu sem aflað hefur verið um sameinda-, frumu- og svipgerðarbreytileika í íslensku birki megi rekja til verka Kesaru og samstarfsfólks hennar.
(island.is/s/land-og-skogur)

Þorsteinn Tómasson

Þorsteinn Tómasson hefur unnið um áratugaskeið að plöntukynbótum á sviði landbúnaðar, skógræktar og garðyrkju. Hann hóf ferilinn sem plöntuerfðafræðingur við kynbætur á byggi og túngrösum en stýrði um árabil Rannsóknastofnun landbúnaðarins og var skrifstofustjóri í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu. Samhliða stjórnsýslustörfum vann hann ötullega í frístundum að kynbótum á íslensku birki. Ávöxtur af því starfi var meðal annars nokkur fjöldi kynbættra birkiyrkja, svo sem Emblu og Kofoed. Hann hefur líka víxlað kynbættum yrkjum sínum við aðrar birkitegundir, þar á meðal rauðblaða birki sem getið hefur af sér yrki eins og Heklu og Dumbu.
Fyrir störf sín hefur Þorsteinn verið gerður heiðursfélagi í Skógræktarfélagi Íslands og hlotið íslensku Fálkaorðuna af hendi forseta Íslands. Kynbótastarf hans með birki hefur reynst mikilvægt til að styrkja ræktun tegundarinnar, bæði fyrir skógrækt en einnig til að sjá garðræktendum og sveitarfélögum fyrir efniviði til fegrunar umhverfisins. Um leið ýtir slíkt starf undir áhuga almennings á kynbótastarfi með trjátegundir.
(island.is/s/land-og-skogur)



NÝR

OUTLANDER PHEV





Það er ekki að ástæðulausu að Mitsubishi Outlander hefur verið einn allra vinsælasti bíll okkar Íslendinga enda hefur hann margsannað sig við íslenskar aðstæður.

- Fjórhjóladrifinn (4x4)
- 86 km á rafmagni skv. WLTP
- 8 hátalara Yamaha Premium hljóðkerfi
- Japanskt hágæða handverk

Komdu og reynsluaktu hjá Heklu Laugavegi eða hjá umboðsaðilum okkar á Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi. Eigum bíla til afhendingar.

Verð frá: 8.690.000 kr.

8 ÁRA ÁBYRGÐ/

Nánari upplýsingar um skilmála á heimasíðu Heklu

Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. ⌙ Sími 590 5000 ⌙ www.hekla.is
Höldur Akureyri ⌙ Bílasala Selfoss ⌙ Bílakjarninn Reykjanesbæ

Hagtölur:

Stöðugur vöxtur í innflutningi landbúnaðarvara

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is



Árið 2024 voru fluttar inn landbúnaðarvörur fyrir tæplega 150 milljarða króna sem er aukning um rétt innan við 70 milljarða á sex árum en árið 2019 var innflutningur á landbúnaðarvörum um 80 milljarðar króna.

Innflutningur á landbúnaðarvörum samkvæmt tollskrárflokkum nær yfir mjög breitt svið. Þannig eru óunnar dýraafurðir gjarnan flokkaðar sérstaklega svo sem kjöt, mjólkurafurðir og egg. En undir óunnar jurtaafurðir fellur meðal annars grænmeti, ávextir, kaffi, kornvörur og plöntur. Ef við skoðum skiptingu á innflutningi landbúnaðarvara eftir helstu flokka tollskrár fyrir árið 2024, þá var um 5% innflutningsverðmætis sem var skilgreint undir dýraríki og 19% sem féll undir jurtaríki. Verðmæti innflutnings sem skilgreint er undir ýmsar olíur og feiti sem tilheyrir landbúnaðarafurðum var um 19% fyrir árið 2024 en langstærsti hluti þess verðmætis sem flutt var inn árið 2024 flokkast sem unnin matvæli eða 67%. Unnin matvæli ná meðal annars yfir unnar kjöt- og grænmetisvörur en einnig drykkjarvörur, brauðmeti, sælgæti og fóðurvörur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur innflutningur landbúnaðarvara aukist í öllum flokkum á síðastliðnum sex árum sem má rekja til fjölmargra þátta, svo sem íbúafjölgun og fjölgun ferðamanna. En þá hefur einnig orðið aukning á innflutningi sem og verðhækkanir á ýmsum afurðum sem falla undir unnin matvæli, til dæmis fóðurvörur og olíur og feiti sem notaðar eru til framleiðslu á ýmsum landbúnaðarvörum.

En það eru fleiri ástæður fyrir auknum innflutningi á landbúnaðarafurðum, svo sem lægri tollar og aukning á tollfrjálsum kvótum sem gerir innlendum landbúnaðarframleiðendum stöðugt erfiðara að keppa við innflutning á ódýrari landbúnaðarvörum.

Það er hins vegar gagnlegt að greina hvernig verðmæti innflutnings á landbúnaðarvörum hefur þróast þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagsbreytingum milli ára. Ef horft er til tímabilsins frá 2019 til 2024 má sjá mestan viðsnúning í hækkun afurða sem falla undir feiti og olíur, án þess þó að um merkjanlegar magnbreytingar sé að ræða. Mest var hækkunin frá árinu 2022 til 2023 eða 143%. Innflutningsverðmæti á unnum matvælum dróst saman árið 2021 í kjölfar Covid-faraldurs en hefur aukist stöðugt frá árinu 2022. Þannig hefur innflutningsverðmæti á unnum matvælum aukist um 40% frá árinu 2019 til ársins 2024 þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Innflutningur á óunnum dýraafurðum minnkaði lítillega milli áranna 2019 og 2020 sem og frá 2023 til ársins 2024 en yfir tímabilið frá 2019 til 2024 hefur verðmæti innflutnings á óunnum dýraafurðum hækkað um 36% þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Minnsta aukningin í verðmæti innflutnings hefur orðið i flokknum óunnar jurtaafurðir en frá árinu 2019 til ársins 2024, eða 10% þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Það vekur óneitanlega upp vangaveltur hvort það sé skynsamleg vegferð að verja stöðugt auknum fjármunum í innflutning á landbúnaðarafurðum. Ljóst er að með því er jafnframt verið að vega að samkeppnishæfni innlendra landbúnaðarframleiðenda og oft gerðar minni kröfur til gæða þegar erlendar vörur eru valdar fram yfir innlendar afurðir.

Þannig skýtur það skökku við þegar grænmeti er til að mynda flutt inn um langan veg þegar hægt er að fá ferskar grænmetisafurðir frá innlendum framleiðendum. Þá er alls ekki um það að ræða að grænmetið sé einungis flutt inn sem óunnin jurtaafurð heldur er stór hluti innflutnings sem grænmetisbændur keppa við sem fellur undir unnin matvæli þar sem neytendur þurfa að vera vel á varðbergi þegar kemur að innihaldslýsingum.

Sem dæmi þá voru fluttar inn ferskar kartöflur fyrir tæplega hálfan milljarð árið 2024 sem flokkaðar voru sem óunnar jurtaafurðir en fyrir sama tímabil, þ.e. árið 2024, voru fluttar inn kartöflur fyrir um 1,3 milljarða króna sem féllu undir flokkinn unnin matvæli en það voru bæði frystar og ófrystar kartöflur, oftast sneiddar.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands. Verðmæti er á verðlagi ársins 2024 m.v. vísitölu neysluverðs



Heimild: Hagstofa Islands



Rauði krossinn:

Neyðarsöfnun fyrir íbúa Gaza

Í kjölfar samkomulags um vopnahlé á Gaza er ein stærsta mannúðaraðgerð allra tíma hafin. Í henni mun Rauði krossinn gegna formlegu lykilhlutverki. Svo umfangsmiklar aðgerðir krefjast gríðarlegs skipulags og hefur öll hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans verið virkjuð. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Rauða krossinum.

Rauði krossinn á Íslandi hefur nú sett af stað neyðarsöfnun fyrir íbúa Gaza. „Við hvetjum landsmenn og íslensk fyrirtæki til að leggja söfnuninni lið og taka þannig þátt í því lífsbjargandi starfi sem nú fer í hönd á Gaza," segir Gísli Rafn Ólafsson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

Almennir borgarar á Gaza hafa í tvö ár þurft að þola stanslausar og vaxandi hörmungar sem hafa svipt um 1,8 milljón manns heimilum sínum og lífsviðurværi. Um 67 þúsund manns hafa verið drepin, þúsundir hafa særst og hungursneyð, sem bitnar harðast á börnum og eldra fólki, geisar. „Sorg, streita og sultur hefur verið nístandi veruleiki fólksins á Gaza," segir Gísli Rafn. Þau þurfi tafarlaust á skjóli, mat og vatni, lyfjum, læknisaðstoð og sálrænum stuðningi að halda. Þar komi Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn sterkir inn. „Aðstæðum þeirra verður ekki umbylt á einni nóttu og aðgerðir okkar og annarra mannúðarsamtaka og stofnana munu standa næstu vikur og mánuði," bendir Gísli á. Þær þoli hins vegar enga bið. Lina verði mestu þjáningarnar þegar í stað og aðstoða alla við að ná fótfestu að nýju. „Nú breiðum við út faðminn og sýnum hvað í okkur býr," segir Gísli í áskorun sinni til fólks og fyrirtækja að leggja neyðarsöfnun félagsins lið.

Allar upplýsingar um neyðarsöfnunina er að finna á raudikrossinn.is. Þar getur fólk lagt söfnuninni lið eða með því að hringja í:

904-1500 til að styrkja um 1.500 kr.
904-2500 til að styrkja um 2.500 kr.
904-5500 til að styrkja um 5.500 kr.

Aur:
@raudikrossinn eða 1235704000
Lagt inn á söfnunarreikning:
0342-26-12, kt. 530269-2649

“Kýrnar geta ekki verið án rafmagns!”

...segir **Halldór Örn Árnason,** en hann valdi **BLUETTI vara-orkukerfi** til að tryggja rekstraröryggi mjaltakerfa búsins. Í endurteknum rafmagnstruflunum tekur Bluetti-kerfið við á sekúndubroti og heldur rekstri mjaltakerfisins hnökralaust gangandi, þangað til rafmagn frá landskerfinu kemur á aftur.



Halldór Örn Árnason
Bústjóri Grund I og II - Eyjafirði

Við borgum fyrir tengingu!

Bluetti vara-orkukerfið er viðhaldsfrítt og mjög einfalt í uppsetningu.
Við greiðum kostnað vegna tenginga á kerfum sem eru pöntuð fyrir áramót*

Vertu viðbúinn rafmagnstruflunum í vetur, fáðu góð ráð og tilboð í Bluetti vara-orkukerfi fyrir þitt bú!

Halldór Örn valdi BLUETTI EP2000, þriggja fasa kerfi fyrir Grund í Eyjafirði.

Allt að **155 kWs**

Viltu spara með sólarsellum?

Ekkert mál! Öll Bluetti orkukerfi eru tilbúin og hönnuð til að taka á móti orku frá sólarsellum. Engin viðbótar kostnaður. Kynntu þér málið!

Kynntu þér möguleika á styrkjum frá Orkusjóði við uppsetningu á Bluetti kerfum

BLUETTI

Hrein og örugg íslensk orka

Bluetti á Íslandi - Orkuland - 680 6000 - www.bluetti.is - jax@jax.is

* Miðast við tengingu í fyrirliggjandi töflu á notkunarstað. Miðast við 10 klukkutíma vinnu.

Rannsóknir:

Börnum stafar hætta af plasti

– Þalöt, bisfenól og PFAS-efni geta stuðlað að sjúkdómum og fötlun

Vísindamenn kalla eftir brýnum aðgerðum til að draga úr útsetningu barna fyrir plasti.

Útsetning barna fyrir efnum sem notuð eru til að búa til heimilishluti úr plasti veldur vaxandi heilsufarsáhættu sem getur varað langt fram á fullorðinsár, segja sérfræðingar frá Langone-heilsumiðstöð New York-háskóla. Þetta er meginniðurstaðan eftir yfirferð á hundruðum nýjustu rannsókna um efnið, sem birt var í septemberlok í tímaritinu The Lancet Child & Adolescent Health.

Í greininni gera höfundar grein fyrir áratuga sönnunargögnum um að efni sem oft er bætt við iðnaðar- og heimilisvörur geti stuðlað að sjúkdómum og fötlun, sérstaklega þegar börn verða fyrir áhrifum af þeim snemma á lífsleiðinni. Í umsögninni er lögð áhersla á þrjá flokka efna; þalöt sem notuð eru til að gera plast sveigjanlegt, bisfenól, sem veita stífni, og perflúoralkýl-efni (PFAS), sem hjálpa efnum að standast hita og hrinda frá sér vatni.



Ný samantektargrein um fjölmargar nýlegar rannsóknir segir að efni sem notuð eru í plast geti stuðlað að sjúkdómum og fötlun hjá börnum, sérstaklega við útsetningu snemma á lífsleiðinni. Mynd / Pixabay

Eiturefnin eru víða

Niðurstöður rannsóknanna, sem tóku til þúsunda barnshafandi kvenna, fóstra og barna, tengdu þessi eiturefni við margs konar langtíma heilsufarsáhættu, þar á meðal hjartasjúkdóma, offitu, ófrjósemi og astma.

„Niðurstöður okkar benda til afgerandi hlutverks plasts í upphafi margra langvinnra sjúkdóma sem enduróma inn í unglings- og fullorðinsár," segir aðalhöfundur rannsóknarinnar og barnalæknirinn Leonardo Trasande. „Ef við viljum að börn haldist heilbrigð og lifi lengur, þá verðum við að taka alvarlega að takmarka notkun þessara efna," bætti Trasande við.

Efnin er að finna í ýmsum hlutum, svo sem matvælaumbúðum, snyrtivörum og pappírskvittunum, segir Trasande jafnframt. Sérfræðingar hafi komist að því að þegar plast er notað, hitað eða efnafræðilega meðhöndlað, losni örplast og nanóagnir og berist upp lífkeðjuna.

Sýnt hefur verið fram á að efni sem notuð eru í plast ýti undir ofvirka ónæmissvörun (bólgu) um allan vef líkamans auk þess að trufla starfsemi hormóna sem hafa áhrif á marga líkamsferla. Efnin eru einnig talin hafa áhrif á heilaþroska, samkvæmt fjölmörgum rannsóknum sem lúta að greindarskerðingu og taugaþroskavandamálum eins og einhverfu og athyglisbrest með ofvirkni hjá ungum börnum.

Spurt hvað sé til ráða

Í yfirlitsgrein Lancet voru einnig kannaðar aðferðir til að draga úr notkun plasts og vernda heilsu manna.

„Það eru örugg, einföld skref sem foreldrar geta tekið til að takmarka útsetningu barna sinna fyrir plasti," sagði Trasande, sem starfar sem forstöðumaður umhverfissviðs New York Grossman-læknaskólans og Langone-heilsumiðstöð New York-háskóla sem rannsakar umhverfislega áhættu fyrir heilsu manna. „Það hefur reynst gagnlegt að skipta plastílátum út fyrir gler eða ryðfrítt stál og forðast örbylgjuofna og plast í uppþvottavélar," segir hann.

Trasande bætir við að með því að bjóða upp á skýrar leiðbeiningar geti heilbrigðisstarfsmenn gert foreldrum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um vörurnar sem þeir nota og stýrt þeim í átt að öruggari valkostum. Hann leggur einnig til að læknar séu í samstarfi við skóla og samfélagsstofnanir til að virkja yngri kynslóðir til vitundar um heilsufarsáhættu af útsetningu fyrir plasti.

Alþjóðlegur plastsáttmáli

Vísindamenn kalla nú eftir strangara regluverki til að draga úr notkun á ónauðsynlegum plasthlutum, sérstaklega í lágtekjusamfélögum með alvarlega heilsufarslega áhættuþætti.

Samantektin í Lancet kemur í kjölfar síðustu samningalotu um alþjóðlegan plastsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fram fór í Genf í sumarlok. Þróunarsáttmálinn táknar alþjóðlegt átak til að takast á við plastmengun, þar sem yfir 100 lönd krefjast lagalega bindandi takmarkana á plastframleiðslu.

Þrátt fyrir heilsufarsáhættu getur plast þó gegnt mikilvægu hlutverki í barnalækningum, svo sem notkun þess í öndunarvélum og næringarrörum fyrir fyrirbura, úðabrúsa fyrir börn með astma og grímur sem hjálpa til við að koma í veg fyrir útbreiðslu sýkingar. Rannsakendur segja niðurstöðurnar ekki vefengja þörfina fyrir efnið í heilbrigðisþjónustu heldur varpa ljósi á hættuna af óþarfa notkun þess annars staðar.

Trasande bendir á að þrátt fyrir að almennt sé talið að efnahagslegt gildi plastiðnaðarins sé hindrun fyrir setningu reglugerða, þá sé heilsugæslukostnaður vegna váhrifa gífurlegur, og í Bandaríkjunum einum saman vera metinn um 250 milljarðar dollara á ári. */sá*



RASFF:

Rauntímaupplýsingar um matvælasvik

– Engin viðvörun vegna Íslands í ár

ESB og EFTA-ríkin hafa vakandi auga með matvælasvikum og halda úti upplýsingavefnum RASFF.

RASFF (Rapid Alert System for Food and Feed) viðvörunarkerfi Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna fyrir matvæli og fóður birtir á RASFF Window-vefnum stöðugt uppfærðar upplýsingar um matvælasvik. Þau eru býsna algeng og snerta flestar þjóðir heims en engin viðvörun hefur borist vegna Íslands á yfirstandandi ári, hvorki sem tilkynnanda á innfluttri vöru né framleiðanda.



Mynd / Pixabay

Kennir ýmissa grasa

Sem ný dæmi um matvælasvik má af handahófi nefna sveppaeitur í heslihnetukjörnum frá Georgíu, varnarefnaleifar í sykureplum frá Egyptalandi, listeríu í dönskum silungshrognum og fiskibollum frá Danmörku, listeríu í Cervelas-pylsum frá Frakklandi, sveppaeitur í ristuðum pistasíuhnetum frá Tyrklandi og Íran og tvenns konar sveppavarnarefni í hrísgrjónum frá Indlandi.

Þá fundust varnarefnaleifar í fersku grænu chili frá Kambódíu, skordýraeitur í cumin-kryddi frá Indlandi, meinvirkar bakteríur í kjöthakki frá Belgíu, salmonella í kjúklingakjöti frá Úkraínu og nautakjöti frá Lettlandi, snertidýraeyðir (Pýridaben) í grænum baunum frá Kenía, Bacillus circulans-gerlamengun í mjólk frá Þýskalandi og listeríusýking í kjúklingi frá Belgíu.

Vírbútar í gnocchi

Ýmislegt nýlegt og enn framandlegra rekur á fjörur í lista tæplega átján þúsund atriða matvælasvika, allt frá árinu 2012. Þar á meðal antrakínónur úr kassíafræum í mate-te frá Sýrlandi, klórpýrifos í grænum ólífum frá Marokkó, kvikasilfur í sverðfiski frá Spáni, plastagnir í frosnum fiskibollum frá Skandinavíu, litarefnahrúgu í sykurpúðum frá Kína, blýmengun í eldhússigtum frá Indlandi, taugaeitur í fæðubótarefni frá Póllandi, kóleru í marineruðum forelduðum kjúklingaspjótum frá Hollandi og vírbúta í gnocchi frá Serbíu.

Tengslanet Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna um öryggi matvæla og neytendavernd á sér langa sögu en RASFF-leitarvefurinn fyrir almenning var opnaður árið 2009.

Á Íslandi er það Matvælastofnun sem sér um að vakta viðvörunarkerfið og senda tilkynningar, sem þá berast til annarra Evrópuríkja, ef hættulegar vörur finnast hér á markaði.

Sjá nánar á *webgate.ec.europa.eu/rasff-window*. */sá*

TOYO TIRES · PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL · NANKANG FREE YOUR WAY · KUMHO TIRE All-Ways, Go With you · MAXXIS DEKK · Laufenn Journey in Style · APLUS · DOUBLECOIN

Er Nesdekk í kortunum!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Komdu við á Nesdekk og fáðu ráðleggingar fagmanna um val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Veðurkort er ekki byggt á raunverulegri veðurspá.

Bókaðu tíma!



Toyo - GSI 6 · **Toyo** - AT3 · **Toyo** - MT · **Maxxis** - Bighorn M918 · **Nankang** - SW-9



Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval vetrardekkja á nesdekk.is

Breiðhöfði 13	Skeifan 9	Fiskislóð 41	Lyngás 8	Dalshraun 10	Völuteig 29	Njarðarbraut 9	Austurvegi 54	Dalsbraut 1
110 Reykjavík	108 Reykjavík	101 Reykjavík	210 Garðabæ	220 Hafnarfirði	270 Mosfellsbæ	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri
590 2080	590 2098	561 4110	565 8600	590 2093	590 2097	420 3333	590 2095	460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Breytingar á búvörulögum:

Frumvarpið vekur spurningar um framtíð mjólkurframleiðslu á Íslandi



Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Frumvarp atvinnuvegaráðherra um breytingar á búvörulögum nr. 99/1993, sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda, hefur vakið töluverð viðbrögð meðal bænda og hagsmunaaðila í landbúnaði. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að fella brott 71. grein búvörulaga, sem veitir afurðastöðvum í mjólkuriðnaði undanþágu frá samkeppnislögum, og í stað hennar komi ný ákvæði um svonefnd framleiðendafélög. Sú breyting vekur margvíslegar spurningar um framtíð mjólkurframleiðslu á Íslandi. Hér verður gerð atlaga að því að orða sumar þeirra og velta upp mögulegum áhrifum og viðbrögðum.

Frumvarpið er kynnt sem tilraun til að styrkja stöðu frumframleiðenda, auka svigrúm bænda til samstarfs og tryggja að þeir hafi sambærileg skilyrði og bændur í öðrum Evrópulöndum innan EES-samstarfsins. En margir innan greinarinnar óttast að breytingarnar kunni í reynd að veikja stöðu íslenskra mjólkurbænda og gera starfssemi á mjólkurmarkaði enn erfiðari, bæði fyrir framleiðendur og vinnslu. Farið er yfir umsagnir Bændasamtaka Íslands og ýmissa annarra hagsmunaaðila í næstu opnu.

Markmið og meginefni frumvarpsins

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er tilgangur breytinganna að skapa lagalegan ramma utan um starfsemi framleiðendafélaga, sem eru félög í eigu eða undir beinum yfirráðum frumframleiðenda – það er bænda sjálfra. Þessi félög geta tekið til starfa í ýmsum félagaformum, svo sem hlutafélögum, samvinnufélögum eða sameignarfélögum.

Framleiðendafélögin eiga að gera bændum kleift að vinna saman að hagsmunamálum, sölu, vinnslu og markaðssetningu afurða sinna, án þess að það teljist ólögmætt samráð samkvæmt samkeppnislögum. Hins vegar er Samkeppniseftirlitinu veitt víðtæk heimild til að hafa eftirlit með starfsemi þessara félaga og grípa inn í ef talið er að samkeppni sé takmörkuð eða hætta á markaðsráðandi stöðu.

Í frumvarpinu kemur einnig fram að afurðastöðvum eða framleiðendafélögum sem hafa að minnsta kosti 40% markaðshlutdeild í viðkomandi búgrein sé skylt að safna og taka við mjólk og sláturgripum, og að slíkar afurðastöðvar megi ekki taka hærra gjald af bændum fyrir heimteknar afurðir en sem nemur raunkostnaði. Þá skal framleiðslu- og vinnsluhluti þessara aðila vera stjórnunarlega og fjárhagslega aðskilinn frá annarri starfsemi.

Afnám 71. greinar – endalok undanþágu fyrir mjólkuriðnaðinn

Mikilvægasti hluti frumvarpsins fyrir mjólkuriðnaðinn er afnám 71. greinar búvörulaga, sem hefur verið hornsteinn í starfsemi mjólkursamlaga frá árinu 2004. Með ákvæðinu var afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, skipta með sér verkum og hafa með sér samstarf til að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða – þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga.



Hugmyndum um frekari stærðarhagkvæmni í rekstri afurðastöðva virðist ýtt til hliðar með frumvarpinu. Það skýtur skökku við í ljósi þess að nú er í burðarliðnum samruni tveggja stærstu mjólkursamvinnufélaga Evrópu, Arla og DMK. Mynd / ál

Þetta ákvæði var á sínum tíma réttlætt með þeim rökum að íslenskur mjólkurmarkaður væri of smár og viðkvæmur til að lúta sömu samkeppnisreglum og gilda í stærri löndum. Samkeppni gæti á slíkum markaði leitt til tvíverknaðar, aukins kostnaðar og hærra neytendaverðs. Þess vegna var talið rétt að tryggja samvinnu og stöðugleika á milli mjólkursamlaga – ekki síst til að verja hagsmuni bænda og neytenda.

Samkeppniseftirlitið hefur þó ítrekað gagnrýnt 71. grein og kallað eftir því að hún yrði felld úr gildi. Ítrekað hefur verið bent á að undanþágan hafi leitt til samþjöppunar á markaði, þar sem Mjólkursamsalan (MS) hafi í raun fengið ráðandi stöðu. Í umsögnum eftirlitsins síðustu ár er fullyrt að undanþágan hafi skaðað bæði bændur og neytendur og dregið úr raunverulegri hagræðingu í mjólkuriðnaði.

Nýtt svigrúm – en undir eftirliti

Frumvarpið leggur í staðinn til að heimila bændum og framleiðendafélögum samstarf að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þar með fá bændur formlega leið til að samræma starfsemi sína – en nú með virku eftirliti Samkeppniseftirlitsins.

Þetta er ef til vill stærsti efnislegi munurinn á frumvarpinu og eldri kerfi mjólkursamvinnunnar: Þar sem áður var leyfð samvinna með undanþágu frá samkeppnislögum, verður hún nú aðeins heimil með samþykki eftirlitsaðila og eftir formlega skráningu framleiðendafélaga.

Þetta vekur áhyggjur margra bænda, því nýja kerfið kann að fela í sér aukið skrifræði og óvissu. Það er óljóst hvernig Samkeppniseftirlitið mun meta „bein yfirráð“ bænda í framleiðendafélögum, og hvort það gæti haft í för með sér hömlur á samstarf sem áður var sjálfsagt í samvinnurekstri. Erfitt er til dæmis að sjá að MS geti starfað með óbreyttu sniði eftir að lögin hafa tekið gildi. Þá gæti aukið vald Samkeppniseftirlitsins skapað hættu á óstöðugleika í rekstri afurðastöðva, þar sem ákvarðanir þess geta gert lögmætan rekstur ótryggan frá degi til dags.

Áhrif á mjólkurbændur og vinnslu

Íslenskir mjólkurbændur standa nú þegar frammi fyrir miklum rekstrarþrýstingi vegna hækkandi aðfanga, launakostnaðar og aukinnar

Punktar úr umsögnum

Nokkrar umsagnir hafa þegar birst um frumvarpsdrögin atvinnuvegaráðherra en frestur til þess að skila umsögnum rennur út á föstudag. Hér eru teknir saman nokkrir punktar úr þeim umsögnum sem hafa birst en gagnrýninn tónn er í yfirgnæfandi meirihluta umsagnanna.

Nýta stærðarhagkvæmnina - Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, færir rök fyrir því að í stað þess að innleiða samkeppni á mjólkurmarkað og láta Samkeppniseftirlitinu eftir að sjá til þess að hagur bænda og neytenda sé tryggður, sé skynsamlegra að halda því kerfi sem nú er við lýði þar sem hagur bænda og neytenda er tryggður með verðlagseftirliti. „Það þýðir hins vegar að fá eða jafnvel aðeins eitt fyrirtæki séu í þessari framleiðslu. Þar með öðlast þau vissa markaðsaðstöðu," segir Ragnar og bendir á að skynsamleg hagstjórn við þessar aðstæður sé ekki að brjóta upp þennan rekstur og koma því þannig fyrir að fleiri fyrirtæki séu í vinnslunni. „Slíkt rýrir einungis þjóðarhag og minnkar þann virðisauka sem til skiptanna er milli bænda og neytenda. Miklu skynsamlegra er að heimila fyrirtækjunum að nýta þá stærðarhagkvæmni sem kostur er á og jafnvel ýta undir að þau geri það, en gæta þess hins vegar með viðeigandi verðlagseftirliti að þau misnoti ekki þá markaðsstöðu sem þau kunna að hafa."

Meta ætti áhrif undanþágunnar - Skrifstofa landgæða og dýraheilsu í Búðardal bendir á að fyrst ekki liggi meira á að afnema 71. greinina en svo að frestur sé gefinn til sumarsins 2027, væri frekar ráð að halda henni inni ásamt undanþágu frá samkeppnislögum til handa kjötafurðastöðvum til samvinnu og samruna „til að meta raunverulega áhrif og ávinning bænda og neytenda af greininni". Hér má rifja upp að í lögunum frá síðasta ári er gert ráð fyrir að lagt sé mat á áhrif undanþágu frá samkeppnislögum til handa kjötafurðarstöðvum árið 2028.

Hvorki neytendur né bændur hagnast - Jódís Helga Káradóttir segir að afnám 71. greinarinnar þýði í „einföldu máli að komið sé í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu" og bætir við: „Í sveitum landsins þar sem mjólkurbú eru burðarás atvinnulífsins er þetta ekki aðeins lagabreyting heldur bein ógn við byggðafestu. Ef mjólkurafurðir fá ekki örugga móttöku er hætt við að kúabú leggist af, með tilheyrandi fólksfækkun og þjónustuskerðingu."

Jódís minnir á að samningsfrelsið, sem sé ein helsta meginregla íslensks samningaréttar, sé hér skert með tvennum hætti. „Samkeppniseftirlitið fær vald til að úrskurða samninga ólögmæta eftir á, á meðan fyrirtækjum er gert skylt að taka við afurðum. Þetta er mikið valdframsal til eftirlitsstofnunar framkvæmdarvaldsins sem verður að meta í ljósi meðalhófs og jafnræðis."

Núverandi kerfi reynst Biobú vel - Í yfirlýsingu frá Biobú ehf. segir að engin ástæða sé til breytinga á núverandi fyrirkomulagi í mjólkurvinnslu en Biobú sérhæfir sig i vinnslu á lífrænni mjólk: „Núverandi kerfi hefur reynst Biobú vel, söfnun, rannsóknir og skýrsluhald á lífrænni mjólk er á ábyrgð Auðhumlu sem fær MS til að sækja lífrænu mjólkina til þeirra bænda sem stunda lífræna mjólkurframleiðslu eins og annarra mjólkurbænda. Lífrænu bændurnir eru hluti af því kerfi sem er við líði, þ.e. þeir eru eigendur að Auðhumlu eins og aðrir mjólkurbændur. Ef Biobú yrði gert skylt að sjá um söfnun á lífrænni mjólk þá er hætt við að sú skylda yrði félaginu gríðarlega kostnaðarsöm, jafnvel ofviða. Núverandi kerfi hefur þjónað öllum aðilum vel, þar á meðal neytendum, og því engin ástæða til breytinga af þeim ástæðum."

samkeppni við innfluttar vörur. Að fella brott 71. grein gæti, að mati margra, grafið undan þeirri samvinnu sem hefur haldið mjólkurframleiðslu í landinu gangandi á undanförnum áratugum.

Samvinnumódel mjólkursamlaga hefur byggst á því að bændur sameinist um vinnslu, dreifingu og verðmyndun. Þannig hefur tekist að tryggja jafna afkomu milli svæða og jafnan flutningskostnað, þannig að bændur í dreifbýlli landshlutum hafi getað staðið jafnfætis þeim sem eru nær stærstu mörkuðunum.

Ef þessi sameiginlegi rekstrargrundvöllur veikist, gæti það leitt til þess að smærri afurðastöðvar og bændur á jaðarsvæðum dragist aftur úr. Þá skapast hætta á að mjólkurframleiðsla dragist saman og að vinnslan verði sífellt miðlægari. Það væri ekki í anda landbúnaðarstefnu Íslands til ársins 2040, þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttan og dreifðan landbúnað.

Söfnunarskylda – tvíeggjað sverð

Eitt nýmæli frumvarpsins er svokölluð söfnunarskylda, sem leggur skyldu á afurðastöðvar og framleiðendafélög með yfir 40% markaðshlutdeild að safna og taka við mjólk og sláturgripum frá öllum framleiðendum sem þess óska. Á pappírnum hljómar þetta sem vernd fyrir smærri bændur – enginn skal verða útundan.

En benda má á að ákvæðið sé óljóst um hvernig eigi að fjármagna þessa skyldu, og hvort hún geti orðið til þess að stór félög þurfi að bera kostnaðinn af þjónustu við aðra, án þess að fá viðeigandi endurgreiðslu. Það gæti grafið undan hvatningu til fjárfestinga og nýsköpunar innan vinnslunnar.

Þá vekur það athygli að gjaldtaka fyrir slíka þjónustu megi ekki fara fram úr raunkostnaði – ákvæði sem erfitt gæti reynst í framkvæmd.

Samkeppni eða samvinna?

Rök Samkeppniseftirlitsins fyrir afnámi undanþágunnar byggja á hugmyndafræði frjálsrar samkeppni: Að bætt samkeppni leiði til lægra verðs, meiri nýsköpunar og skilvirkni. En á litlum og landfræðilega dreifðum markaði eins og Íslandi má efast um að þessi rök haldi alltaf.

Þegar aðeins örfá fyrirtæki starfa á markaði, getur „samkeppni" fljótt orðið til þess að veikustu aðilarnir leggjast af, og í kjölfarið myndast fákeppni eða einokun. Það gæti gerst í mjólkuriðnaði ef nýtt regluverk gerir smærri samvinnufélögum erfiðara fyrir að starfa. Þá mun markaðsráðandi aðili, sem þegar hefur yfirburðastöðu í vinnslu og dreifingu, styrkja stöðu sína enn frekar.

Þrátt fyrir að vera kynnt sem leið til að efla frumframleiðendur gæti frumvarpið í raun þjónað hagsmunum stórra vinnslufyrirtækja og smásölukeðja þegar lögmál samkeppninnar öðlast fullt gildi á þessum markaði.

Nýir óvissuþættir

Frumvarpið kemur í kjölfar mikilla deilna um lög nr. 30/2024, sem veittu víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum í landbúnaði. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm í maí 2025 í máli Innnes gegn Samkeppniseftirlitinu þar sem staðfest var að Alþingi hefði verið innan heimilda sinna þegar það samþykkti lögin, þó mörgum þætti þau pólitískt umdeild.

Nú er ráðherra að reyna að „leiðrétta" stöðuna með frumvarpinu sem á að færa reglurnar í samræmi við EES-skuldbindingar og kröfur Samkeppniseftirlitsins. En spurningin er hvort lagaleg samræming við Brussel eigi að ganga framar rekstrarlegu sjálfstæði íslenskra bænda.

Það sem blasir þó einna helst við þegar frumvarpið er lesið er að á bak við það virðist ekki vera skýr framtíðarsýn um það hvernig landbúnaðarkerfið á Íslandi á að starfa þegar lögin hafa tekið gildi. Nokkuð skortir á skýrleika í frumvarpinu svo hægt sé að meta hvort þau markmið náist að hagur bænda jafnt sem neytenda styrkist. Markmið um eflingu samkeppniseftirlits mun þó augljóslega nást fram með frumvarpinu.

Spurningar vakna einnig um það hvernig frumvarpinu er ætlað að styðja betur en núverandi fyrirkomulag við markmið íslenskrar landbúnaðarstefnu um dreifðar byggðir, sjálfbæran landbúnað, fæðuöryggi og matvælaöryggi.

Hugmyndum um frekari stærðarhagkvæmni í rekstri afurðastöðva virðist enn fremur ýtt til hliðar með frumvarpinu. Það skýtur skökku við í ljósi þess að nú er í burðarliðnum samruni tveggja stærstu mjólkursamvinnufélaga Evrópu, Arla og DMK, eins og fjallað hefur verið um í Bændablaðinu. Að baki þeim samruna standa um 12.000 bændur, um það bil 25 sinnum fleiri en standa að baki MS.

Samruni þessara stóru samvinnufélaga í Evrópu er gerður í nafni aukinnar stærðarhagkvæmni sem ætlunin er að skili sér í auknum tekjum til bænda og lægra verði til neytenda. Spurningin er að hvaða leyti veruleiki íslenskra kúabænda og mjólkurafurðarstöðva er frábrugðin þeirra sem fást við sömu framleiðslu í Evrópu. Þeirri spurningu er ekki svarað í frumvarpinu þó að víða sé þar vísað í evrópskt regluverk.

Án þess að draga úr mikilvægi og gagnsemi samkeppni á markaði við að ná fram hagræðingu og lækkuðu verði, þá vakna augljóslega spurningar um það hvort hún sé betri kostur en samvinna til þess að tryggja lífsnauðsynlega matvælaframleiðslu við erfiðar aðstæður á norðurslóðum þar sem búseta er dreifð og viðkvæm.

Hvort sem fólk styður eða gagnrýnir frumvarpið er ljóst að það markar ákveðin tímamót: Eftir tuttugu ár af starfsemi undir 71. gr. búvörulaga stendur íslenskur mjólkuriðnaður frammi fyrir nýjum leikreglum – og nýjum óvissuþáttum.

Breytingar skapa óvissu í kjötvinnslu

Í frumvarpsdrögunum er felld niður almenn undanþága fyrir kjötafurðarstöðvar frá samkeppnislögum til samstarfs og sameininga. Sú undanþága var leidd í lög árið 2024 en var umdeild. Við vinnslu þess frumvarps var ákvæði um að skilyrði til undanþágunnar væri bundið við félög í meirihlutaeigu bænda fellt brott. Þórarinn Ingi Pétursson, þáverandi formaður atvinnuveganefndar, gaf þá skýringu að einungis þrjú félög í slátrun myndu uppfylla skilyrðin; Ísfugl, Matfugl og Stjörnugrís. Frumvarpið hefði með öðrum orðum ekki náð yfir sauðfjár- og nautgripabændur.

Í frétt í síðasta blaði lét Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, hafa eftir sér að sama staða væri nú komin upp. Heimild til hagræðingar nái aðeins til hvíta geirans, kjúklinga- og svínakjöts, en ekki rauða kjötsins þar sem hagræðingarþörfin sé hins vegar hvað mest.

Frumvarpið vekur að mörgu leyti sömu spurningar um kjötgeirann og mjólkurvinnsluna hvað varðar skilgreiningar á „beinum yfirráðum bænda".



Hlutverk Samkeppniseftirlitsins virðist sömuleiðis mikið þegar kemur að skilgreiningu þessara yfirráða og hugtaka á borð við „framleiðendafélög" og „frumframleiðendur" og mörkin þar á milli. Óljóst er sömuleiðis hvort yfirlýst markmið um að bæta hag bænda og neytenda náist fram með frumvarpinu. Óljóst er hvort frekari stærðarhagkvæmni í kjötvinnslu muni nást með þessum breytingum á búvörulögum.

Meginefni frumvarpsins

Með frumvarpinu er lagt til að:

a. mælt verði fyrir um heimildir bænda og félaga þeirra til að eiga með sér samstarf til að vinna að hagsmunamálum, þar með talið markaðsmálum,

b. mælt verði fyrir um eftirlit Samkeppniseftirlitsins með framkvæmd þessara heimilda og um leið afmörkuð betur mörkin milli samkeppnisréttar og búvörulaga,

c. skilyrði þess að félag teljist til framleiðendafélags verði skilgreind sérstaklega og að slík félög séu í beinum yfirráðum bænda,

d. fella brott breytingar sem gerðar voru á búvörulögum skv. lögum nr. 30/2024 og

e. mælt verði fyrir um söfnunarskyldu afurðastöðva og framleiðendafélaga sem fara með a.m.k. 40% markaðshlutdeild í viðkomandi búgrein á markaði til að tryggja söfnun og móttöku mjólkur og sláturgripa úr sauðfjárrækt, nautgriparækt og hrossarækt ásamt því að lögð er á slíkar afurðastöðvar eða framleiðendafélög að þær taki ekki hærra gjald af bændum vegna heimtekinna afurða en sem nemur raunkostnaði.



Sauðfjárrækt:

Fá ekki ærkjöt til beinnar sölu

- Þjónusta minni eftir sameiningu sláturhúsa

Eftir að sláturhúsinu á Blönduósi var lokað hafa bændurnir á Heydalsá á Ströndum þurft að falla frá beinni sölu á afurðum úr ærkjöti þar sem sláturhúsið á Hvammstanga býður eingöngu upp á fullvinnslu og pökkun á lambakjöti.

„Undanfarin tvö ár höfum við selt ærhakk, snitsel og gúllas sem var unnið í sláturhúsinu á Blönduósi," segir Ragnar Kristinn Bragason, bóndi á Heydalsá. Eftir að sláturhúsinu á Blönduósi var lokað völdu Ragnar, og eiginkona hans Sigríður G. Jónsdóttir, að senda sína gripi í sláturhúsið á Hvammstanga. Var það meðal annars vegna stuttrar vegalengdar fyrir hjónin að sækja kjöt sem þau keyra svo til fólks sem kaupir beint í gegnum þau. „Við fengum hins vegar neitun þegar við báðum þau um að vinna fyrir okkur ærkjöt," segir Ragnar.

Ærkjöt góð vara

Hjónin hafa selt lambakjöt beint til neytenda í tíu ár og síðustu tvö haust buðu þau jafnframt upp á ærkjöt. Ragnar segir viðskiptavini hafa tekið mjög vel í þá viðbót, enda viti þeir sem þekki ærkjöt að það sé góð vara. „Samlegðaráhrifin með lambakjötinu voru góð, því að við vorum hvort eð er að fara í ferðir með kjöt til neytenda. Það gaf aukinn styrk í búreksturinn að fá þessa viðbótarveltu því það munar um allar aukatekjur sem við getum fengið."

Ragnar segist hafa ákveðin skilning á því að ekki sé vilji til að úrbeina ærkjöt til heimtöku í sláturhúsinu, enda fylgi því talsverð vinna og haustin mikill álagstími. Hann telur hins vegar góðan grundvöll fyrir kjötvinnslu sem myndi þjónusta bændur í framleiðslu á sinni vöru þar sem sláturhúsið geti ekki sinnt þessu.



Ragnar Kristinn Bragason, sauðfjárbóndi á Ströndum, segir beina sölu á lamba- og ærkjöti til neytenda góða búbót. Mynd / Aðsend

Kjötið ekki unnið samkvæmt þörfum

„Þetta skilaði mun meiri tekjum en að leggja ærnar inn í sláturhúsið," segir Ragnar. Þau geti enn þá sent ær í sláturhús, en þeim stendur ekki til boða að fá það í heimtöku nema í heilum skrokkum eða söguðum niður í sjö parta. „Það lengsta sem sláturhúsið á Hvammstanga vill fara er að flétta beinunum úr kjötinu, en þá á eftir að vinna það eða hakka. Það dugar ekki fyrir okkur, því að fólk vill fá vöruna vakúmpakkaða og flotta heim í frystinn hjá sér.

Á Blönduósi var þetta unnið og úrbeinað, vöðvarnir teknir sér, þetta hanterað og pakkað. Við borguðum fyrir þá þjónustu ákveðið verð og sóttum kjötið um leið og við sóttum lambakjötið." Ragnar bendir á að hjónin fái lambakjötið enn þá meðhöndlað á sama hátt og gert var á Blönduósi.

Bein sala mikilvæg bændum

Hjónin hafa velt upp þeim möguleika að koma upp sinni eigin vinnslu eða vinna kjötið sjálf þar sem aðstaða er til. „Það er hins vegar þannig að það er yfirdrifið nóg að gera hjá okkur sauðfjárbændum á haustin. Okkur vantar ekki meiri vinnu, heldur þurfum við að finna leiðir til að fá meira fyrir það sem við erum að gera. Um leið og hægt er að komast í samstarf við fullbúna vinnslu og kjötiðnaðarmann verður komin ansi sterk stoð undir búreksturinn fyrir þá sem hafa getu og vilja til að sinna þessum markaði.

Ég held að bein sala okkar bænda á kjöti, hvort sem það er ærkjöt eða lambakjöt, sé bara til þess að auka neyslu og verðmæti. Við eigum okkar trygga kúnnahóp sem hefur farið vaxandi og núna seljum við sjálf um 30 prósent af lömbunum sem fara í sláturhúsið," segir Ragnar og telur að þess vegna ætti að vera farvegur til þess að verka kjöt samkvæmt þeirra þörfum.

/ál

Bláskógabyggð styrkir björgunarsveitir

Nýlega var undirritaður nýir samstarfssamningar milli Bláskógabyggðar og björgunarsveitanna tveggja, sem starfræktar eru í sveitarfélaginu, Björgunarsveitarinnar Ingunnar og Björgunarsveitar Biskupstungna.

Samningarnir gilda frá 2025-2027 og taka til rekstrarstyrks sveitarfélagsins til björgunarsveitanna, framlags til flugel dasýninga, námskeiðahalds o g framlags til reksturs fasteigna björgunarsveitanna. Að auki mun Björgunarsveitin Ingunn áfram annast lagningu skíðagönguspors og Björgunarsveit Biskupstungna annast gæslu í tengslum við Tungnaréttir.

„Björgunarsveitirnar eru mikilvægur viðbragðsaðili og sinna þær einnig forvarna- og félagsstarfi fyrir samfélagið í heild. Björgunarsveitirnar fá um 1.500.000 krónur á ári á samningstímanum, sem er þrjú ár í beinan fjárstyrk til reksturs sveitanna, ungmennastarfs, námsk eiðahalds og vegna flugeldasýninga. Einnig fær sveitin í Biskupstungum styrk vegna gæslu við Tungnaréttir og björgunarsveitin Ingunn fær styrk vegna lagningar gönguskíðaspors. Síðan fá sveitirnar styrk á móti fasteignagjöldum af húsunum þeirra og styrk vegna heitavatnsnotkunar, samtals upp á um 1.800.000 kr á ári," segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar. */mhh*



Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar. Mynd / smh

Kjötmjöl:

Meira svigrúm til áburðarnotkunar

Drög að reglugerð er nú í Samráðsgátt stjórnvalda um breytingar á notkunarmöguleikum á kjötmjöli og moltu til áburðar á beitilönd eða lönd sem notuð eru til fóðurgerðar. Þar er gert ráð fyrir að 21 dagur líði eftir að borið hefur verið á og þangað til þau eru nytjuð í stað fimm mánaða eins og núgildandi reglur segja til um.

Með breytingunni er felld brott 6. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Þar var ákvæði um að slík lönd væru friðuð frá beit að minnsta kosti frá 1. nóvember til 1. apríl.

Jarle Reiersen segir að þessi drög um styttingu á tímanum séu í samræmi við ESB-löggjöf. Það sé gert tæknilega með því að fella á brott sérákvæði sem sett voru inn í reglugerð 674/2017. „Kjötmjöl sem áætlað er til að nota til áburðar, er skylt að blanda í sértæk efni, sem gerir það óhæft sem fóður. Þessi íblöndun er óbreytt," segir Jarle.

Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar, fagnar breytingunni og segir hana gefa rýmri tíma til að bera kjötmjöl á. „Nú geta bændur borið á eftir hentugleikum þá með þeim skilyrðum að landið þarf að friða 21 dag. Það er von okkar að þessar breytingar leiði til aukinnar notkunar á kjötmjölinu." */smh*



Útboð á lax og silungaveiði í Skjálfandafljóti

2026–2028

Tækifæri til að tryggja þér eitt af fallegustu og fjölbreyttustu veiðisvæðum landsins.

A-deild Veiðifélags Skjálfandafljóts býður áhugasömum veiðimönnum, félögum og aðilum að gera tilboð í leigu á veiði í Skjálfandafljóti fyrir tímabilið 2026–2028.

Veiðisvæðið nær frá sjó og upp að Barnafossi, Ullarfossi og Fosselskvísl. Fljótið er þekkt fyrir sterkan laxastofn, fallega silunga og fjölbreyttar aðstæður.

- **Veiðitími: 18. júní – 15. September**
- **Hámark: 7 laxastangir og 10 silungsstangir á dag**
- **Útboðsgögn innihalda loftmyndir, stangarskipan**
- **og veiðitölur áranna 2020–2024.**

Þau má nálgast hjá:
Davíð Búa Halldórssyni, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri
Netfang: david.bui@enor.is - Verð kr.15.000.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi til Enor merkt „Skjálfandafljót" eigi síðar en 27. nóvember 2025 kl. 16:00.

vfs.is

LJÓSA DAGAR

SJÁÐU VINNUNA Í NÝJU LJÓSI!

SÉRHÆFÐ LJÓS Á TILBOÐI

SÉRFRÆÐINGAR FRÁ MILWAUKEE KYNNA NÝJUSTU VINNULJÓSIN

VERKFÆRA SALAN

Tilboð gilda til 26. október

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • S: 560 8888 • vfs.is

Vertu klár í kuldabola með N1





Kuldagalli - regnheldur
Regnheldni 20.000mm



Mittisbuxur frá Dimex
Stretch



Skyrta
Smellt með brjóstvösum



Scangrip Combo
Work Pennaljós combo



Vetrarhanski
Nítríl dýfður

Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.
Í vefverslun okkar getur þú skoðað vöruúrval og klárað kaupin þegar þér hentar.

Sími þjónustuvers: 440 1000
www.vefverslun.n1.is

N1

Nytjajurtir:

„Fjallagrös með flautavind“

– Íslendingar nýttu fjallagrös til matar og drykkjar

Fjallagrös voru mikið nýtt í aldanna rás og hafa ýmsa markverða heilsubætandi eiginleika auk þess að vera seðjandi.

Fjallagrös hafa um aldir verið notuð á Íslandi. Þau voru gjarnan tínd yfir sumarið og nýtt í mat, svo sem soðin í blóðmör, í grasagraut (líkt og sterkja), möluð í ýmsan mat og drukkið af þeim seyði. Jafnframt voru þau notuð sem litunargras. Þegar farið var í grasaferðir var það stundum nefnt að ganga til grasa. Nú eru æ færri sem leita fjallagrasa og kunna að nýta sér þau, en heilsuvöruverslanir selja fjallagrös og grasafrótt fólk nýtir þau gjarnan sér til heilsubótar, ekki síst fyrir hósta, meltingu og styrkingu þarma. Þau eru og græðandi.

Fjallagrös auðfinnanleg

Fjallagrös (Cetraria islandica) heyra alls ekki til grasa heldur er um að ræða fléttur, skófir eða þelinga, þ.e.a.s. þörung og svepp í samlífi. Fjallagrös eru algeng í fjalllendi og hásléttum í norðurálfu en sérlega algeng á Íslandi og yfirleitt auðfinnanleg, hvort heldur á hálendi eða láglendi. Þau eru einatt brúnleit og yfir í svart, mjó og rennulaga, en geta einnig verið blaðkennd og



breið, ljósbrún eða grænleit á lit. Blaðjaðrarnir einkennast af mjóum randhárum.

Allt að helmingur efna fjallagrasa eru slímkenndar fjölsykrur sem þenjast út þegar þær komast í snertingu við vatn. Fjallagrös innihalda að minnsta kosti þrjú þekkt fléttuefni: prótólichesterinsýru, lichesterinsýru og einnig oft prótócetrarsýru. Þau eru næringar- og steinefnarík fæða og innihalda talsvert af járni og kalsíum, auk bitrunga.



Útbreiðslukort (2007) Kort / Starri Heiðmarsson



Auðvelt er að tína fjallagrös og þau finnast víða á Íslandi. Þau hafa ýmsa heilsubætandi eiginleika og voru mikið notuð áður fyrr. Líklega má segja að þau hafi á stundum haldið lífi í fólki í harðindaárum. Mynd / Einar Timdal

Harðinda- og heilsubótarmatur

Grösin voru sögð vera harðindamatur og er þekkt að fólk nýtti þau gjarnan til að sefa sárasta hungrið í harðindum. Segir t.d. í eftirfarandi vísu eftir sr. Bjarna Gizurarson:

Vor fram reiðir konukind
og kallar það sé nægtaborð
fjallagrös með flautavind
og finlega þéttan bruðnings sporð.

Jónsbók hefur að geyma fyrstu þekktar heimildir um grasatekju á Íslandi, í lögbók árið 1281. Segir þar m.a. að ekki sé leyfilegt að tína fjallagrös á landi annarra bænda. Góð grasalönd juku verðgildi jarða. Alsiða var á 18. og 19. öldinni að á grasaríkum jörðum voru gerðir út hópar fólks til að safna grösum fyrir veturinn og þá búið í tjöldum.

Auðvelt er að finna fróðleik um fjallagrös á veraldarvefnum. Segir t.d. í Læknablaðinu, 4. tbl. 2000, í grein eftir Hallgerði Gísladóttur, að „Íslendingar notuðu fjallagrös gríðarmikið á fyrri öldum til að drýgja naumt kornmeti í brauð og grauta. Auk þess voru þau mikill læknisdómur (...) og þannig eru þau notuð enn í dag, hér á landi og víðar. Vorið 1972 var send út frá þjóðháttadeild Þjóðminjasafns spurningaskrá um fjallagrös þar sem meðal annars var spurt um grasaferðir, frágang og flutning á grösum, þurrkun, geymslu, hreinsun og notkun fjallagrasa til matar og lækninga. Áttatíu og sex svör bárust úr öllum landshlutum. (...) Allflestir fæddir nálægt aldamótunum 1900 höfðu vanist því að fjallagrös væru notuð til lækninga. Allir þekktu til þess og langalgengustu kvillarnir sem grösin áttu að lækna voru í öndunarfærum og meltingarvegi. Það var mjög algengt að sterkt seyði af grösum og kandíssykri var til á bæjum, eins konar hóstasaft – eða brjóstsaft, eins og margir nefndu þennan drykk – til að gefa við kvefi, hæsi eða þyngslum fyrir brjósti. Oft drukku þeir sem voru lasnir þetta sjóðandi heitt að kveldi og dúðuðu sig svo niður í rúm á eftir – helst undir þrjár sængur, eins og einn heimildarmanna tók til orða. Dæmi voru um að engifer eða vallhumall væri soðinn með grösunum í þetta lyf. Og stundum var sletta af víni látin út í.“

Hafa gott geymsluþol

Gott er að tína fjallagrös í rekju því þá eru þau mjúk og auðséð í bendu af alls kyns öðrum gróðri. Þau eru svo hreinsuð, þurrkuð við stofuhita eða í sól og gengið frá þeim í ílát. Þau hafa gott geymsluþol.

Nokkur íslensk fyrirtæki vinna heilsuvörur í íslenskum fjallagrösum.

/sá

Fjallagrasauppskriftir

Eftirfarandi fjallagrasauppskriftir miða við að fjallagrösin séu hrein af mosa, lyngi og öðru sem fylgt getur þeim við tínslu. Skolið af þeim með rennandi köldu vatni fyrir notkun.

Grasate/seyði

2–4 grös fyrir einn bolla. Grösin eru sett út í kalt vatn. Suða er látin koma upp og soðið hægt í 5 mín. Drykkurinn verður beiskur og því gott að sæta hann með hrásykri eða hunangi að vild.

Fjallagrasakjötsúpa

Þurr fjallagrös eru söxuð niður, ekki of smátt, og sett með þurrkaða grænmetinu í súpuna.

Fjallagrasabrauð

Notist í hvaða brauðuppskrift sem er. Bætið þurrum söxuðum grösunum í mjölið við upphaf deiggerðar.

Fjallagrasasósur/pottréttir

Setjið söxuð fjallagrös út í við upphaf eldunar, eins og þið væruð að nota þurrkaða sveppi eða annað þurrkað grænmeti.

Fjallagrasamjólk

50 g fjallagrös
½ lítri vatn
1 lítri mjólk
½ –1 tsk. salt
2–6 msk. hrásykur eða hunang

Grösin eru látin í pott með vatninu og soðin í 10 –15 mín. eða þar til þau eru orðin meyr. Þá er mjólkinni bætt út í og suðan látin koma upp við mjög lágan hita, hrært í við og við (ef hún ystir má bæta meiri mjólk í). Súpan verður því betri sem hún er soðin lengur. Saltað og sykrað þegar potturinn er tekinn af.

(Uppskriftir af heilsa.is)



NÝR RAM HEAVY-DUTY

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI 5 ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ Á HEAVY-DUTY PALLBÍL

RAM



5 ÁRA

VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

- NÝ LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- NÝ 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- AFLMEIRI EN NOKKRU SINNI FYRR

5 ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS SÉU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10–17

Husqvarna®

MHG Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Forest & Garden á Íslandi | *Varahlutir og þjónustuverkstæði



Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt
12,5 cm



Husqvarna
520IRX
Sláttuorf 36V



Husqvarna
Traktor TC220
14,4kw



Husqvarna
K970 Steinsög
Sögunardýpt
15,5 cm



Husqvarna Rider
320X AWDTraktor
10,5 kW



Husqvarna
522IHD60
60cm



Husqvarna
LC253S Sláttuvél
2,8kW



Husqvarna
525BX Blásari
86 m/s



Husqvarna
535RX Sláttuorf
1,6kW



Husqvarna
580 EPOS
16.000m²



Husqvarna
AM535AWD
EPOS 3.500 m²



Husqvarna 450e
Keðjusög
2,4kW

MHG VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products

Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð, jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar, golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is



Með því að blanda saman setleir úr Hagavatni og laxamykju er hægt að fá þurrefnisríkan áburð fyrir tún. Myndir / EFLA

Landeldi:

Áburður úr mykju og jökulleir

- Hægt að setja í hefðbundna áburðardreifara

Stefán Þór Kristinson, efnaverkfræðingur hjá EFLU verkfræðistofu, er einn þeirra sem kom að verkefni sem snýr að þróun farvegs fyrir mykju sem fellur til í landeldi.

Fyrirtækið sem hann starfar hjá hefur unnið að þróun kornaáburðar úr fiskeldismykju sem væri hægt að dreifa með hefðbundnum áburðardreifurum. Til að binda mykjuna saman er gert ráð fyrir að nota leir úr Hagavatni, sem er jafnframt með áburðarefnum.

„Með mikilli uppbyggingu fiskeldis á landi gefst tækifæri til að nýta mykjuna á auðveldari hátt en í sjókvíaeldi. Eins og við lítum á þetta núna þarf að raða saman mörgum púsluspilum til að koma upp góðum lausnum fyrir allan þennan geira á Íslandi," segir Stefán.

Innblásið af flóðum jökuláa

Stefán segir innblásturinn af því að nota leir úr Hagavatni hafa komið frá því að þegar jökulár flæða yfir ræktarlönd eykur það gjarnan frjósemi jarðvegsins. Hagavatn er við sporð Langjökuls og setið í kringum það inniheldur sömu næringarefni og jökulár, enda leirinn botnset frá þeim tíma þegar vatnið var stærra.



Stefán Þór Kristinsson, Efnaverkfræðingur hjá EFLU.

„Markmiðið er að finna farveg fyrir mykjuna og gera áburðarefni sem er auðveldara í geymslu, flutningum og notkun. Efnið sem verður til við lífgasframleiðslu er í kringum sex til níu prósent þurrefni," segir Stefán. Því þurfi að meðhöndla áburðinn frekar til þess að koma í veg fyrir óþarfa flutninga á vatni.

„Mykjan sem við fengum til prufu var um tvö til fimm prósent þurrefni og afvötnuðum við hana upp í 35 prósent með síun og pressun. Þá tókum við þurrkaðan leir og blönduðum saman. Settum svo í vél sem myndaði hálfgerða hakkastrimla sem fóru síðan í þurrkskáp. Úr því kom þurrt efni sem við settum í nokkur próf til að kanna eiginleika þess."

Frekari þróunar þörf

„Í þessum tilraunum kom best út að blanda 25 prósent leir á móti mykju, því þá molnar efnið ekki of auðveldlega, er með minnst affall og leysist upp á réttum tíma. Þurrefnishlutfall mykjunnar er um 35 prósent og svo er þetta þurrkað saman í ofninum á eftir. Við sendum þessa blöndu í efnagreiningu og áburðargildið er rýrt samanborið við tilbúinn áburð," segir Stefán, en reiknar með að hreinsibúnaður landeldisfyrirtækjanna sé orðinn fullkomnari en þegar EFLA fékk fyrstu sýnishornin á sínum tíma.

Nauðsynlegt sé að halda þróun áburðarins áfram til þess að gera hann fýsilegan í notkun hjá bændum. „Ég sé fyrir mér að þetta sé góð leið til að koma blautu efni á tún með hefðbundnum tækjum. Það sem á eftir að útfæra betur eru íblöndun með köfnunarefni, flutningaleiðir og uppskölun," segir Stefán. Verkefnið var stutt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands sem lagði fjármagn fyrir helmingi kostnaðarins.

/ál

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



Núpsá skilur að jarðirnar Núp og Læk í Dýrafirði. HMS vinnur nú að því að áætla eignamörk þessara jarða og um 750 annarra á Vestfjörðum. Mynd tekin í ágúst á þessu ári. Mynd / ál

Húsnæðis og mannvirkjastofnun:

Eignamörk Vestfjarða áætluð

Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS) hefur kortlagt um 750 jarðir á Vestfjörðum og gefur um 4.000 eigendum þeirra færi á að koma með athugasemdir.

Þann 15. október sendi HMS eigendum jarðanna bréf þess efnis að drög að áætluðum eignamörkum væru komin í birtingu og að hægt væri að kynna sér drögin í vefsjá landeignaskrár. Sex vikna frestur var gefinn til að bregðast við og senda athugasemdir. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu.

Er þetta liður í nokkurra ára verkefni þar sem eignamörk allra jarða í tilteknum landshluta eru áætluð. Markmiðið er að ná fram heildstæðri mynd af eignarhaldi fasteigna á Íslandi og gera afmarkanir aðgengilegar í vefsjá landeignaskrár.

Kallað eftir viðbrögðum

Samkvæmt lögum bera landeigendur sjálfir ábyrgð á að gera merki sín skýr. Í fréttatilkynningu HMS segir að merki teljist skýr séu þau hnitsett með lögformlegum hætti eða óumdeild og skýr frá náttúrunnar hendi. Í dreifbýli hafi margar jarðir ekki verið kortlagðar og eignarhald og mörk fasteigna geti þá verið háð nokkurri óvissu. Það geti aftur skapað óvissu við eignaumsýslu, skipulagsvinnu og margt fleira. Í þessu verkefni er HMS ekki að hnitsetja merki milli jarða eða að gera ný skjöl um staðsetningu merkjanna, heldur eingöngu að áætla legu þeirra út frá eldri skjölum og öðrum gögnum. Áfram verður hægt að breyta áætlun eignamakanna eftir athugasemdartímann.

HMS kallar eftir viðbrögðum frá landeigendum, sama hvort þeir eru sammála eða ósammála þeim drögum sem lögð eru fram. Allir eigendur jarða á Vestfjörðum eiga að hafa fengið staðlað bréf í gegnum island.is þar sem þeir eru fræddir um verkefnið.

Ekki leyst úr ágreiningi

Í fyrra haust opnuðu 56 prósent landeiganda á Norðurlandi bréfið frá HMS á þeim sex vikum sem kallað var eftir athugasemdum. Um 350 athugasemdir bárust og var áætluðum eignamörkum rúmlega 300 eigna breytt í kjölfarið. HMS leysir ekki úr mögulegum ágreiningi um eignamörk, heldur kortleggur og greinir frá þeim svæðum sem eru óljós.

Í upphafi árs 2023 var um 29 prósent flatarmáls Íslands með afmörkun í landeignaskrá. Hlutfallið jókst í 39 prósent árið 2024 og nú í október 2025 er það komið upp í 62 prósent með birtingu áætlaðra eignamarka á Vestfjörðum og einnig stórum hluta Norðurlands fyrr á árinu. Árið 2026 er stefnt að því að áætla merki jarða í Þingeyjasýslum og Múlasýslum. Gert er ráð fyrir að drög að áætlun eignamarka á því svæði verði kynnt landeigendum seinni hluta þess árs. Gangi verkefnið samkvæmt áætlun verði búið að fara yfir eignamörk á öllu landinu árið 2028. */ál*

Innviðaráðherra:

Bændur ekki krafðir um meirapróf

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hefur fallið frá reglugerðarbreytingu sem hefði kallað á að bændur þyrftu meirapróf á dráttarvélar sínar.

„Vegna frétta um drög að breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011, get ég upplýst að fallið verður frá áformum um þrepaskipt réttindi til aksturs dráttarvéla," segir Eyjólfur í færslu á Facebook.

Hann segir reglugerðarbreytinguna hafi verið sett fram að tillögu Samgöngustofu. Meginrök hennar hafi snúið að umferðaröryggi. Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar með umferðarlögum hafi verið bent á að dráttarvélar með stóra og þunga vagna væru í auknum mæli notaðar líkt og vörubílar í almennri umferð.

Eftir talsverða gagnrýni frá hendi meðal annars bænda, samtaka þeirra og sveitarfélaga á reglugerðarbreytinguna í samráðsgátt stjórnvalda hafi Eyjólfur ákveðið að fella hana niður:

„Samráði er nýlokið og að teknu tilliti til umsagna og þeirra áhrifa sem breytingin hefði í för með sér, einkum þess kostnaðar og fyrirhafnar sem hlytist af kröfu um aukin ökuréttindi fyrir bændur, er það niðurstaða mín að fella tillöguna brott." */ph*





Solis

Frír sturtuvagn með öllum Solis 26 dráttarvélum



1.900.000+vsk

VALLARBRAUT

vallarbraut.is

454 0050



7.900.000+vsk

THALER



3.900.000+vsk

Þökkum öllum þeim sem komu við á básnum okkar á Iðnsýningunni



Gíslína Skúladóttir dýralæknir á Refsstað í Vopnafirði (t.h.). Hér á fjögurra vetra trippi í hinum fagra Vopnafirði, ásamt Jódísi, hálfsystur sinni, sem rúður fimm vetra trippi, þau eru sömuleiðis hálfsystur. Myndir / Aðsendar

Vopnafjörður:

„Ég elska kyrrðina hér á kvöldin“

– Gíslína Skúladóttir, dýralæknir á Refsstað, með mörg járn í eldinum

Ungur dýralæknir á Vopnafirði er í doktorsnámi og rannsakar m.a. nautgripadauða á Íslandi.

Gíslína Skúladóttir er ungur dýralæknir á Vopnafirði. Hún starfar sem eftirlitsdýralæknir með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra fyrir Matvælastofnun. Í fyrra hlaut hún styrk úr sjóðum atvinnuvegaráðuneytis til þróunarverkefna búgreina, til að rannsaka nautgripadauða á Íslandi og neyðarslátrun í Noregi.

Hún er á kafi í verkefnum, ekki aðeins sem dýralæknir heldur er hún einnig í doktorsnámi, í önnum við sláturhús föður síns á Vopnafirði, við að taka úr og sinna fénu sem komið er heim á Refsstað og í hestamennsku, svo nokkuð sé nefnt.

Gíslína er fædd árið 1995 og býr á Refsstað 1, í sama húsi og amma hennar og afi, Ágústa Þorkelsdóttir og Þórður Pálsson. Faðir hennar og stjúpmóðir, Skúli Þórðarson og Berglind Sigurðardóttir, búa svo ásamt tveimur yngri systkinum Gíslínu í næsta húsi, að Refsstað 3.

Lærði dýralækningar í Noregi

Spurð um tildrög þess að hún ákvað að nema dýralækningar svarar hún því til að við lok menntaskólagöngu hafi hún tekið sér ársleyfi til að vinna sér inn peninga fyrir fjögurra mánaða langri heimsreisu. Samtal við móður hennar hafi leitt til þess að hún rifjaði upp löngun sína frá unglingsárum til að verða dýralæknir. Hún hafði heilmikla reynslu af sauðfé og sláturhúsum en aflaði sér einnig reynslu af umgengni við mjólkurkýr og gæludýr og sótti um námsvist árið 2016.

„Ég sótti um í NMBU (Norges miljø- og biovitenskapelige universitet) í Osló, og svo í Kaupmannahafnarháskólanum í Danmörku, og komst inn á báðum stöðum. Ákvörðunin um að fara til Noregs byggði að hluta til á að þar var smærri skóli – sumarfrístímabilið hentaði mér betur, og ég taldi að ég myndi fyrr skilja Norðmennina en Danina,“ útskýrir Gíslína.

> „... naut hafa töluvert rifið hvert annað úr mjaðmarlið eða rifið lærbeinið í sundur í vaxtarlínu beinsins.

Eftir sex og hálft ár í NMBU kom hún aftur til Vopnafjarðar. „Ég hef unnið sumarvinnu síðan sumarið áður en ég varð 13 ára, og flest öll þau sumur og svo árin milli menntaskóla og háskóla hef ég starfað að mestu á Vopnafirði. Mér hefur alltaf fundist gott og gaman að vera uppi í sveit, og þar sem ég bjó fyrir sunnan voru sumrin tíminn sem ég gat varið hérna. Hér hef ég getað sinnt hestamennsku og alið áhuga minn á sauðfé og sauðfjárrækt. Vegna þessa vildi ég eindregið drífa mig aftur upp í sveit, og sinna hestamennsku að nýju. En það var ákveðin tilviljun að þetta hentaði allt saman,“ segir hún.

Doktorsnám og dýralæknisstaða

Gíslína ákvað að fara í doktorsnám beint eftir dýralæknanámið, út frá rannsóknardiplómu sem hún lauk samhliða dýralæknanáminu. „Ég vildi hins vegar ekki ljúka því doktorsnámi úti í Noregi þar sem mig langaði heim; í hestamennsku, faðm fjölskyldu og íslenska náttúru

– Framhald á næstu opnu



Landsvirkjun | 60 ára

Í hvað á orkan að fara?

Haustfundur 2025

Hilton Reykjavík Nordica
þriðjudaginn 4. nóvember kl. 13:30–15

Skráning
landsvirkjun.is/haustfundur



Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús

HÝSI
BYGGJUM BETUR



Gíslína útskrifaðist úr dýralæknisnámi frá Norges miljø- og biovitenskapelige universitet í Noregi í desember árið 2022. Hér á upphlut fyrir utan skólann, í 20 stiga frosti. Hún hefur síðan starfað við dýralækningar á Íslandi.

aftur. Til þess að geta þetta varð ég að finna mér íslenskt fjármagn til að borga laun mín í doktorsnáminu. Ég samdi við Matvælastofnun um styrk til náms og réði mig í staðinn í hálfa stöðu sem eftirlitsdýralæknir í Norðausturumdæmi. Hef því verið í 50% starfi sem doktorsnemi samhliða því," lýsir hún.

Sem eftirlitsdýralæknir í NA-umdæmi (frá og með Fjallabyggð til Hamarsfjarðar), sinnir Gíslína öllu búfjáreftirliti í Vopnafirði (nema heima hjá sér) og svo reglubundnu eftirliti á mjólkurbúum frá Djúpavogi að Laugum, almennt. Hún segir að leyfi eða annir hjá öðrum starfsmönnum geti þó þýtt að hún stökkvi inn á víðara svæði. Jafnframt fer hún í eftirfylgniheimsóknir jafnt á mjólkurbú sem og önnur bú.

„Að mestu er ég að koma og skoða okkar skoðunaratriði samkvæmt skoðunarhandbókum, eða sjá hvort hafa orðið úrbætur síðan í síðasta eftirliti. Stundum er ég þó í sýnatöku, í heilbrigðisskoðun í sláturhúsum eða í ábendingum, og jafnvel gæludýraábendingum. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Mér finnst alltaf gaman að koma á nýja staði, sjá önnur gripahús og hvernig fólk leysir algeng vandamál, og hitta fólk. Stundum er það krefjandi, en þetta hentar mér vel," segir Gíslína.

Bæði vinnan fyrir Matvælastofnun, sem er að mestu vettvangseftirlit og svo aðeins skrifstofuvinna með sem hún sinnir heima hjá sér, og vinnan í doktorsnáminu eru störf að hluta til án staðsetningar og því gat hún valið að búa heima á bæ á Refsstað, sem hún segir skipta sig miklu máli. „Mér finnst störf án fastrar staðsetningar skipta miklu máli fyrir byggð úti á landi og í sveitum og væri til í að sjá fleiri fá slíkt val," hnýtir hún við.

Rannsakar nautgripadauða

Gíslína hefur rannsakað nautgripadauða á Íslandi og neyðarslátrun í Noregi og forvitnilegt að spyrja hana nánar út í þá sálma.

„Bæði árið 2023 og 2024 fékk ég úthlutun frá þróunarfé nautgriparæktar frá atvinnuvegaráðuneytinu, fyrst 2 m.kr. og svo viðbótarúthlutun upp á tæplega níu hundruð þúsund. Þessi peningur er að hluta til að fjármagna laun mín í doktorsnámi, en einnig til að borga ferðakostnað til að fara á ráðstefnur, og til að fara til Noregs til að hitta leiðbeinendur mína og taka fundi í eigin persónu. Doktorsverkefni mitt er að rannsaka nautgripadauða á Íslandi, og neyðarslátrun í Noregi," útskýrir hún. Doktorsverkefni hennar er nú það langt komið að hún hefur birt þrjár ritrýndar greinar í alþjóðlegum tímaritum.

„Vinnan mín núna er að klára greinina um tíðni og áhættur fyrir nautgripadauða á Íslandi, og skrifa svo doktorsritgerð sem sameinar þessar fjórar greinar undir einn hatt og útskýrir stærra samhengi. Doktorsnámið er því á síðustu metrunum. Helstu niðurstöður til þessa eru að neyðarslátrun – sem er ekki framkvæmd á Íslandi, en lagaleg heimild er fyrir – er 4,2% af allri nautgripaslátrun í Noregi; þar með töluvert mikið notuð, og að mestu eru nautgripirnir meiddir í klaufum eða fótlegg þegar hún fer fram. Eitt af því sem við áætlum að sé áhættuþáttur eru of þröngar og fullar uppeldisstíur, þar sem getur myndast einelti og naut hafa t.d. í Noregi töluvert rifið hvert annað úr mjaðmarlið, eða rifið lærbeinið í sundur í vaxtarlínu beinsins.

Það sem fyrsta greinin, yfirlitsgrein um neyðarslátrun á Norðurlöndunum, benti okkur á um Ísland, var að skráð var í evrópska gagnagrunna að mikið væri af heimaslátrun á nautgripum á Íslandi. Því kom upp áhugi á að skoða nautgripadauða á Íslandi, utan sláturhúsa, og sjá hvort upp kæmi svipuð mynd og í Noregi. Þetta er sem sagt það sem ég á eftir að rannsaka og birta grein um," segir Gíslína um rannsóknina.

Fylskoðar hryssur og fangskoðar kýr

Innt eftir hvort hún sinni dýralækningum utan við að vera



Að fara á ráðstefnur til að kynna niðurstöður rannsókna sinna er hluti af doktorsnámi Gíslínu. Hún hefur þegar birt þrjár ritrýndar greinar í alþjóðlegum tímaritum og sú fjórða er í burðarliðnum. Hér á ráðstefnu í Madríd.



Í sauðburði, með systkini sem fæddust misstór.

eftirlitsdýralæknir fyrir MAST með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra, segir hún svo vera upp að einhverju marki. „Ég er með lítið fyrirtæki, Ref 691 ehf., sem keypti ómskoðunartæki til að fylskoða hryssur og fangskoða kýr og hef ég bæði nýtt það mikið heima, þar sem kasta um 20–30 hryssur hér hvert sumar, en er líka aðeins farin að selja þá þjónustu út. Ég sinni einnig flestum dýralæknastörfum hér á bæ, þar sem pabbi minn rekur sauðfjárbú með um 400 vetrarfóðruðum ám, og hér eru um 60–70 hross. Annars hef ég ekki stundað meiri almennar dýralækningar, enda eiginlega með alveg nóg að gera," segir hún.

Fleiri dýralækna þörf

Víkur þá talinu að því hvort nægilega margir dýralæknar séu á austurhelmingi landsins um þessar mundir. Segir Gíslína að á landsvísu sé skortur á dýralæknum.

„Það er þörf fyrir dýralækna í gæludýrastofur, þar sem gæludýrum fer fjölgandi, og vilji gæludýraeigenda til að gera sem mest fyrir dýr sín er einnig vaxandi. Svo þurfum við dýralækna í stórgripi og búfé, auk hesta. Umfram það eru töluvert margar stöður hjá Matvælastofnun sem krefjast dýralæknis, t.d. til heilbrigðisskoðunar í sláturhúsi, eftirlits á mjólkurbúum, í inn- og útflutningsdeild og héraðsdýralæknar og sérgreinadýralæknar, svo eitthvað sé nefnt.

Mín tilfinning er að okkur sé aðeins að fjölga á Norður- og Norðausturlandi, en ekki þannig að það sé neitt offramboð, og enn vantar dýralækni t.d. til að taka við af Hákoni Hanssyni á Suðurfjörðum. Hér á Austurlandi er helsta vandamálið vegalengdir og samgöngur, þótt alltaf sé dýralæknir á bakvakt er ekkert víst að hann komist til þín, eða að vandamálið þoli þá bið sem keyrsla hans veldur," segir Gíslína jafnframt.

Lífið á Vopnafirði

Aðspurð hvort gott sé að búa á Vopnafirði segir hún það vera. „Mér finnst satt að segja æðislegt



Gíslína við járningar.



Gíslína á merinni sinni Þotu í útreiðatúr á þrítugsafmælinu í haust.

að búa hér. Uppi í sveit, með fullt af fólki, hestum og kindum. Ég er í stjórn hestamannafélagsins hér, og við reynum að stunda mikið af samreiðum á sumrin, fá til okkar nokkur námskeið á ári og stundum svo félagsvist á veturna, frá nóvember til aprílloka. Þar sem við erum mörg hver sauðfjárbændur höfum við ekki neinn tíma frá maí og til októberloka, enda þá besti tíminn til að ríða út líka. Ég elska kyrrðina hér á kvöldin, myrkrið, stjörnurnar og sólsetur og sólarupprás um miðja nótt í maímánuði," útskýrir Gíslína. Myrkrið sé tíminn þegar hún fái ró og líklega full þörf á því.

„Mér finnst alltaf allir vera að reyna að gera sitt besta til að halda áfram sínu besta lífi," heldur hún áfram. „Fyrir bændur er það að hlúa að sínum búskap. Og mér finnst alltaf þurfa að fylgja með að bændur þurfa ekki endilega meiri vinnu, heldur meiri tekjur, og eru því alltaf að leitast eftir því."

Því má svo bæta við, svona í bláendann, að pabbi Gíslínu, Skúli, setti upp lítið sláturhús á Refsstað í fyrra og stóð hún að gæðastýringu og leyfisumsóknum fyrir það. „Ég hef töluverðan rekstraráhuga líka og finnst gaman að stússast í þessu öllu. Ég reyni því allar lausar stundir að troða mér í sauðfjárræktina hér og hjálpa til við sölu og markaðssetningu á vörum frá okkur, undir heitinu Vopnfirskt gæðakjöt. Þetta er alveg góður partur af því sem ég geri," segir hún að endingu.

/sá

Ritrýndar greinar Gíslínu:

Grein I: Gíslína Skúladóttir, Clare Joan Phythian, Ingrid Hunter Holmøy, Guro Myhrene, Karin Alvåsen & Adam Dunstan Martin. *Overview of the practices of on-farm emergency slaughter of cattle in the Nordic countries.* Acta Veterinaria Scandinavica volume 64, Article number: 9 -2022. https://doi.org/10.1186/s13028-022-00627-0

Grein II: Gíslína Skúladóttir, Ingrid Hunter Holmøy, Clare Joan Phythian, Guro Myhrene and Adam Dunstan Martin. *Occurrence and reasons for on-farm emergency slaughter of cattle in Norway.* Frontiers of Veterinary Science. Sec. Animal Behavior and Welfare. Volume 9 - 2022. https://doi.org/10.3389/fvets.2022.1067489

Grein III: Gíslína Skúladóttir, Ingrid Hunter Holmøy and Adam Dunstan Martin. *Analysis of time-to-death of on-farm emergency slaughtered cattle in Norway.* Preventive Veterinary Medicine. Volume 245-2025. https://doi.org/10.1016/j.prevetmed.2025.106670

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products

Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.
MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900



Jón Magnús Jónsson er formaður deildar alifuglabænda hjá Bændasamtökum Íslands. Hann er í kjúklingarækt en er jafnframt eini kalkúnaræktandi landsins. Hér heldur hann á kalkúni í eldishúsi í Lambhaga í Ölfusi. Kalkúnar eru mjög áhugasamir um mannfólk og má sjá hvar þeir hópa sig í kringum bóndann. Myndir / ál

Íslensk alifuglarækt á góðum stað

– Mikið heilbrigði og eftirtektarverð sjúkdómastaða

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Jón Magnús Jónsson, frá Reykjum í Mosfellsbæ, hefur verið formaður deildar alifuglabænda hjá Bændasamtökum Íslands síðan í byrjun árs. Hann stundar kjúklinga- og kalkúnaeldi ásamt Kristínu Sverrisdóttir, eiginkonu sinni, og fjölskyldu. Þau eiga jafnframt sláturhúsið Ísfugl, sem sér um slátrun og dreifingu á kjöti, bæði fyrir Reykjabúið og aðra bændur sem Ísfugl er í samstarfi við.

Jón er af mörgum þekktur sem Nonni Maggi og segir hann gælunafnið hafa fylgt sér alla tíð og notað til aðgreiningar frá öðrum Jónum. Hann er fæddur og uppalinn á Reykjum þar sem foreldrar hans ráku alifuglabú. Jón er yngstur sinna systkina og segist hafa tekið þá ákvörðun að helga sig búskapnum liðlega tvítugur. Fór hann þá í nám á Hvanneyri sem leiddi hann í framhaldinu af því í landbúnaðarháskóla í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum þaðan sem hann lauk BS-gráðu í alifuglarækt 1989.

„Við Kristín, konan mín, komum inn í reksturinn árið 1989, en þá var þetta eign fjölskyldunnar. Við keyptum Reykjabúið árið 2005 og síðan Ísfugl árið 2012.“ Sláturhúsið Ísfugl var upphaflega hlutafélag bænda sem voru í kjúklingarækt og þjónustaði þá og sinnir því hlutverki enn þá.

Þeir bændur sem leggja inn hjá Ísfugli að auki við Reykjabúið eru Jón Ögmundsson í Hjallakróki, Kristján Gunnarsson á Neslæk og Jóhannes Sveinbjörnsson og Ólöf Björg Einarsdóttir á Heiðabæ. Jón Magnús telur mikilvægt að áfram séu sjálfstæðir alifuglabændur. Að auki við þá sem taldir eru hér að ofan eru nokkrir minni aðilar sem leggja inn hjá öðrum afurðastöðvum.

Mikilvægt að búgreinar standi saman

Reykjabúið hefur ræktað kalkún frá því fyrir árið 1950 og er eina fyrirtækið sem er í þeim búskap á landinu í dag. Þá bendir Jón á að á Íslandi séu þrjú fyrirtæki sem slátri kjúklingum og selji kjöt á markað. Að auki við Ísfugl séu það Reykjagarður, sem er í eigu SS og selur undir vörumerkinu Holta, og Matfugl, sem er í eigu Langasjós ehf.. Af þessum fyrirtækjum er Ísfugl minnst með rétt undir 20 prósent markaðshlutdeild af alifuglakjöti ef bæði kalkúnn og kjúklingur er tekinn með. Jón áætlar að hin fyrirtækin tvö séu álíka stór þegar kemur að kjúklingarækt, en svo er í kringum 20 prósent af kjúklingakjöti á markaðnum innflutt.

Þar sem deild alifuglabænda hjá Bændasamtökunum er fámenn segir Jón ákveðna áskorun að halda uppi félagsstarfi. „Við náðum hins vegar öllum alifuglabændum til þess að vera með í Bændasamtökunum sem er mjög jákvætt. Menn sjá þýðinguna og alvöruna í því að standa saman allir sem einn og vera partur af hagsmunagæslu annarra í landbúnaði. Við sem erum í búskap tölum öll fyrir því að innlend framleiðsla sé sem mest og það sameinar okkur þvert á búgreinar.“



Reykjabúið er með litla verslun í Mosfellsbænum þar sem hægt er að kaupa fjölmargar kjúklingaafurðir. Vörurnar frá Ísfugli eru rekjanlegar til þeirra bænda sem ræktuðu þær.

Sóttvarnir skipta miklu máli

„Ísland er á góðum stað þegar kemur að heilbrigði í alifuglarækt,“ segir Jón. Af því leiðir að vaxtarhraði kjúklinga á Íslandi er hvað mestur í heiminum. „Hér eru lítil afföll, mikið heilbrigði og góður aðbúnaður. Hér er ódýr orka fyrir kyndingu og loftræstingu og við leggjum mikið upp úr þrifum. Allt í umhverfinu er gott fyrir þennan fugl til að ná sínum hámarkshraða í vexti,“ segir Jón.



Jón ræðir hér við Kristján Gunnarsson, kjúklingabónda á Neslæk í Ölfusi. Hér er Kristján nýbúinn að þrífa eldishús og undirbýr að dreifa spæni á gólfið. Á milli þeirra er plata sem enginn má fara inn fyrir án þess að vera í hreinum skóm og galla.



Fullvaxta holdahænur og hanar í stofnfuglaeldi.



Hér sjást kjúklingar sem eru nálægt því að klára sinn eldisferil sem tekur 32–35 daga.

Ræktunarferlið í kjúklingaræktinni byggist upp á sex vikna lotum. Þegar búið er að hreinsa eldishúsin hátt og lágt og dreifa spæni á gólfið er hægt að taka við nýjum hópi af ungum. Þeir vaxa þar í um fimm vikur áður en þeir eru sendir í sláturhús. Þá er miðað við að vika fari í að moka út skít og hreinsa húsin til þess að þau verði klár fyrir næsta hóp. Til þess að tryggja heilbrigði fuglanna er mikil áhersla sett á sóttvarnir og má enginn fara inn í húsin án þess að skipta um skó og fatnað.

Hver hópur skimaður oft

„Við pössum upp á eins og kostur er að bera ekki inn nein smitefni úr umhverfinu,“ segir Jón Því skapist alla jafna ekki ástæða til að bólusetja fugla eða nota lyf.



Hér eru kalkúnar sem eru um það bil hálfnaðir í sínu ræktunarferli. Ólíkt kjúklingum eru þeir mjög áhugasamir um mannfólk og söfnuðust hér að ljósmyndaranum.

Hann bendir á að bólusetningin sem slík minnki ekki öryggi eða gæði kjúklingakjötsins en hún getur hægt á vexti fuglanna.

„Við erum svo heppin hér á Íslandi að sjúkdómastaða okkar er afar góð og lítið af alifuglasjúkdómum hér á landi. Þetta er staða sem við viljum fyrir alla muni varðveita og viðhalda. Á síðustu árum hafa komið upp smit af alvarlegum alifuglasjúkdómum sem tekið var á með festu. Hingað til hefur tekist að uppræta meinið,“ segir Jón.

Greinin gekk í gegnum salmónellukrísu á milli 1980 og 1990 og kamfílobakter-sýkingar upp úr aldamótum,“ segir Jón. Allir alifuglabændur fóru því rækilega í gegnum alla ferla hjá sér og hafa þessar sýkingar verið afar sjaldgæfar síðan þá. „Hver einasti hópur er prófaður fyrir kamfílóbakter og salmónellu við slátrun og fyrir slátrunina sjálfa.“

Ef upp kemur salmónella þarf að fullelda allt kjötið áður en það fer á markað, en hægt er að frysta það í nokkrar vikur til að drepa kamfílóbakter. „Þetta er kerfi sem virkar algjörlega, því að það er verðfall á kjúklingi sem er ekki ferskur og bændur vilja ekki fá minna fyrir afurðina sína. Ég myndi segja að kjúklingakjöt sé mjög örugg vara í dag,“ bætir Jón við.

Stofnhænur koma frá ræktunarstöðvum erlendis

Hingað til lands koma svokallaðir foreldrafuglar í eggjum sem keyptir eru af alþjóðlegu fyrirtæki sem sérhæfir sig í kynbótum og ræktun á kjúklingi. Þeim er ungað út og eru þeir aldir á einangrunarstöð. Jón segir þennan þröskuld á innflutningi foreldrafugla ákveðna leið til að minnka hættuna á því að hingað berist sjúkdómar.

„Þegar foreldrafuglarnir eru sex til sjö vikna er tekið blóðsýni til að skima fyrir sjúkdómum sem eru algengir í nágrannalöndunum okkar. Ef allt er í lagi eru þeir afhendir til þeirra sem eru í stofnfuglarækt.“

Þrjú stofnbú eru í landinu sem tengjast hverju kjúklingasláturhúsi fyrir sig. Þar eru framleidd frjó egg undan áðurnefndum foreldrafuglum sem fara í útungunarvélar. Þannig eru framleiddir kjúklingahópar sem fara í eldishús. „Ferillinn í útungunarstöðinni tekur þrjár vikur og þegar bóndinn sækir ungana er hann klár með sitt hús – hreint og heitt, með fóðri og vatni. Svo hefst eldisferillinn sem tekur 32 til 35 daga. Þá er fuglinn sendur í sláturhús og er klár á markað daginn eftir.“

Erfitt að keppa í verðum

Kjúklingarækt á Íslandi fær engan beinan stuðning frá ríkinu, en nýtur hins vegar tollverndar. Jón telur að um 20 til 25 prósent kjúklingakjöts sem er neytt á Íslandi sé innflutt. Við eigum engan möguleika á að keppa í verði við framleiðslu sem kemur frá kornræktarlöndunum í kringum okkur og því skipta tollarnir máli til að viðhalda íslenskri framleiðslu. Þá er ekki hægt að koma með kjúkling ferskan til landsins, nema með því að senda hann með flugi,“ segir Jón.

Stærstu áskorunina fyrir alifuglarækt segir Jón vera að innflutningur er stöðugt að aukast og taka af markaðshlutdeild íslenskra bænda. „Ég held að okkur sé best borgið að framleiða íslenskan kjúkling hér með hreinu vatni og í góðu umhverfi í nálægð við markað og neytendur. Innflutta varan nær okkur aldrei í ferskleika og öryggi kjötsins.“

Eru með litla verslun

Kjúklingavörurnar frá Ísfugli eru fáanlegar í verslunum eins og Nettó, Krambúðinni, Fjarðarkaupum og Melabúðinni. Í kringum stórhátíðir er kalkúnninn frá Reykjabúinu fáanlegur í flestum verslunum. Þá er Reykjabúið með verslun sem er opin á miðvikudögum og fimmtudögum milli 16 og 18 þar sem hægt er að kaupa hefðbundið fuglakjöt og sjaldgæfari bita.

Nýjar bækur:

Úr stríðshörmungum í vistráðningu í Hornafirði

– Skýrlega skrifuð og áhugaverð ævisaga

Karl Skírnisson hefur sent frá sér bók um lífshlaup móður sinnar, Margotar Gamm.

Frá Hamborg að Borgum – Um lífshlaup Margotar Gamm, er ný bók sem Karl Skírnisson var að senda frá sér. Karl er doktor í líffræði og starfaði lengstum við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, við rannsóknir á sníkjudýrum og dýrasjúkdómum.

Hann hefur áður sent frá sér bók ásamt Hákoni Ingva Hanssyni dýralækni og frænda sínum: Frá Brekkum á Rangárvöllum að Borgum í Hornafirði, útg. 2017, og er í þeirri bók fjallað um afa þeirra, Hákon Finnsson (1874–1946). Karl hefur auk þess skrifað óteljandi greinar og ritgerðir tengdar vísindastörfum sínum, svo sem kunnugt er, þ.á m. um árabil í Bændablaðið greinar um m.a. mítla, vöðvasull, bandorma og hundasníkjudýr.



Karl Skírnisson með nýja bók sína: Frá Hamborg að Borgum – Um lífshlaup Margotar Gamm, þar sem hann fjallar um fjölskrúðugt og oft og tíðum harðneskjulegt lífshlaup móður sinnar, í Þýskalandi seinni heimsstyrjaldar og síðar í Hornafirði. Mynd / Aðsend



Þýskar stúlkur sem komu til Íslands með Brúarfossi 1. apríl 1949. Í efsta þrepinu stendur Margot Gamm.

Fátækt og hörmungar

Í nýju bókinni er sagt frá viðburðaríkri ævi Margotar Gamm (1931–2007), móður höfundar. Tildrögin eru þau að Karl flutti fyrirlestur um ævi Margotar fyrir Félag eldri Hornfirðinga haustið 2023 og tókst í kjölfarið það verk á hendur að skrifa bók um hana.

Segir í formála bókarinnar að „efnistökin miða ekki hvað síst að því að segja í máli og myndum frá viðburðaríkri ævi Margotar í Borgum. Segja frá fátækri stúlku sem lifði af hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar, segja frá ungri konu sem greip tækifærið þegar henni bauðst að gerast au-pair-stúlka 17 ára gamalli, í Kaupfélagshúsinu á Höfn í Hornafirði, rifja upp hvernig hún kornung giftist árið 1950 sér tuttugu árum eldri manni, Skírni Hákonarsyni (1911–1979) og varð í framhaldinu bóndakona á gamalgrónu sveitaheimili.“

Tvær ólíkar veraldir

Fjallað er um uppvöxt Margotar og fjölskyldu, m.a. í skugga stríðsins, líf hennar sem bóndakonu og fimm barna móður á Íslandi, þar sem hún þurfti oft að bíta í skjaldarrendur vegna þrældóms og eftirsjár.

„Fljótlega kom í ljós að tilveran í dreifbýlinu reyndist erfiðari heldur en Margot hafði búist við. Hún hafði flutt á bóndabæ langt uppi í sveit þar sem þægindi voru lítil, einkum fyrstu árin. Olíukynding kom í húsið 1951, rafmagn var leitt í bæinn 1960 og hreint rennandi vatn var tengt þar í krana árið 1965. Kæliskápur kom 1978. Margot tókst á við þessar aðstæður með jákvæðni, óbilandi dugnaði og góðum aðlögunarhæfileikum. Hún skirrðist ekki við að þræla myrkranna á milli. Lítill tími gafst til að velta sér upp úr fortíðinni, sem varð fljótt býsna fjarlæg og óraunveruleg. Stundum var hún þó við það að bugast á aðstæðunum, sem hún hafði fjötrað sig í ung að árum,“ segir í kynningu.

Hún varð ekkja 48 ára gömul, hætti upp úr því búskap og kenndi handmennt og þýsku við grunnskólann í Hornafirði. Á sumrum vitjaði hún barna sinna og barnabarna erlendis og kom gjarnan við í Hamborg á æskuslóðum.

Í bókinni er einnig rakin leit höfundar að ættingjum í Þýskalandi, en eftir stríðslok spurðist lítt eða ekki til þeirra. Jafnframt er að nokkru rakin saga forfeðra Margotar í Gamm-ættinni og fylgdi fjölskyldunni að fólkið var jafnan einkar hneigt til tónlistariðkunar.

Ritaði endurminningar sínar

Karl segir ýmsar heimildir hafa fundist sem hægt var að nota við bókarskrifin.

„Fyrst ber að nefna endurminningar Margotar sem hún ritaði að minni áeggjan, eftir að hún komst á eftirlaun. Þar var hreinskilnin í fyrirrúmi. Textann ritaði hún á móðurmálinu og fjallar hún þar meðal annars um uppvaxtarárin í Þýskalandi, komuna til landsins 1949 og lífið sem beið hennar eftir að hún gerðist húsfreyja í Borgum. Ég studdist einnig við viðtöl í Héraðsfréttablaðinu Eystrahorni og 60 sendibréf sem Margot hafði ritað vinkonu sinni í Hamborg á árunum 1970 til 1987. Bréfunum hafði verið safnað saman, raðað í tímaröð og þau send til Íslands með þeim orðum að þau bæri að varðveita því þau geymdu ómetanlegar samtímaheimildir um líf og störf Margotar í Borgum,“ segir hann.

Í febrúar 2019 birtist á síðum Bændablaðsins grein eftir Karl um hundrað Þjóðverja sem komu til landsins árið 1949 til að vinna hér. Var móðir hans meðal þeirra fyrstu sem komu, með Brúarfossi til Reykjavíkur 1. apríl það ár.

Bókin er 164 bls., í stóru broti, skiptist í 18 meginkafla og er prýdd 123 ljósmyndum. Höfundur gefur út. */sá*



Hjartað varð eftir

- Fyrsta ljóðabók höfundar

Út er komin ljóðabók eftir Ásu Þorsteinsdóttur frá Unaósi.

Ljóðabókin ber heitið *Hjartað varð eftir* og hefur að geyma rúm fjörutíu ljóð. Þau eru mörg náttúrutengd og fjalla m.a. um hversdaginn, ást, trega og hvar ung manneskja staðsetur sig í tilverunni.



Ása Þorsteinsdóttir.

Ása Þorsteinsdóttir er fædd árið 1999. Hún ólst upp á Unaósi í Hjaltastaðarþinghá og tengdist náttúrunni þar sterkum böndum. Ása ákvað ung að hún ætlaði að verða skáld og hefur verið að yrkja ljóð frá sex ára aldri. Árið 2022 stofnaði Ása ásamt fjórum vinkonum ljóðakollektívuna Yrkjur sem staðið hafa fyrir upplestrarkvöldum og ristlistarvinnustofum í Reykjavík. Ása stundar nú kennaranám við Háskóla Íslands og hyggst verða íslenskukennari. *Hjartað varð* eftir er fyrsta ljóðabók Ásu en áður hafa birst ljóð eftir hana í *Bók sem allir myndu lesa* (2016) og *Farvötn* (2024).



Hjartað varð eftir er gefin út af Félagi ljóðaunnenda á Austurlandi, með styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands. Bókin er 53 síður og prentuð í Leturprenti. */sá*

VIÐ ERUM ÖLL ÚR SÖMU SVEIT

BÆNDAFUNDIR 2025

3. nóvember
kl. 12:00 - Hótel Borgarnes
kl. 16:00 - Hótel Laugarbakki
kl. 20:00 - Ljósheimar, Sauðárkrókur

4. nóvember
kl. 12:00 - Hlíðarbær, Akureyri
kl. 20:00 - Félagsheimilið Breiðamýri, Þingeyjarsveit

5. nóvember
kl. 12:00 - Skólahúsnæðið á Kópasker
kl. 20:00 - Barnaskólinn á Eiðum, Egilsstaðir

6. nóvember
kl. 12:00 - Félagsheimilið Holt á Mýrum, Hornafjörður
kl. 17:00 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll, Kirkjubæjarklaustur

7. nóvember
kl. 11:00 - Félagsheimilið Goðaland, Fljótshlíð
kl. 15:00 - Hill Hótel, Flúðir

11. nóvember - Dalirnir
kl. 20:00 - Fundarstaður kynntur síðar

12. nóvember - Vestfirðir
kl. 12:00 - Ísafjörður
kl. 17:00 - Barðaströnd



Nánari upplýsingar má finna á bondi.is og á Facebook síðu Bændasamtakanna

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Úr slitnum dekkjum í gúmmímottur fyrir nautgripi!


Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Hér á landi er talið að um 8–10 þúsund tonn af notuðum og slitnum dekkjum falli til árlega samkvæmt tölum frá Úrvinnslusjóði, en ætla má að á bak við þá tölu séu hundruð þúsunda dekkja!

Ef horft er til alls heimsins þá er talið að um það bil 1,5–1,8 milljarðar notaðra dekkja falli til árlega og er úrvinnsla þeirra mjög misjöfn eftir heimshlutum, enda er hreint ekki einfalt mál að endurnýta dekk þar sem þau eru hönnuð til að standast mikið álag og því sterkbyggð. Þrátt fyrir að til séu margs konar endurvinnsluaðferðir á dekkjum í dag fer þó enn stór hluti þeirra í urðun eða brennslu, sér í lagi í þróunarlöndunum.

Fjórir úrvinnsluflokkar

Almennt má flokka úrvinnslu notaðra dekkja í fjóra meginflokka:

Endurnýting:
Endurnýting er það þegar dekkin halda áfram notkun sem dekk eins og nafnið bendir til. Það gæti verið t.d. með endursölu, nýskurði slitflatar eða sólun, þ.e. með því að setja á þau nýjan slitflöt eins og á oft við um stærri dekk en síður minni dekkin.

Tæting:
Þá er mögulegt að tæta dekkin í gúmmíkurl. Þetta efni má nota í margs konar vörur úr gúmmíi sem og til íblöndunar.

Orkuvinnsla:
Notuð dekk er einnig hægt að nýta í sérstökum orkuverum til brennslu og sem orkugjafa við sementsframleiðslu svo dæmi sé tekið.

Pyrolysa:
Síðasti flokkurinn er sérstakt efnaferli sem umbreytir dekkjum í olíu, gas og kol. Þessi aðferð byggir á því að brjóta niður lífræn efnasambönd með hitun við súrefnisfirrtar aðstæður. Eins og gefur að skilja er þetta nokkuð flókin aðferð.


Víða um heim eru fjallstórir haugar af dekkjum sem bíða örlaga sinna. Mynd: Tyre & Rubber Recycling.



Komið með dekk í endurvinnslu hjá Freee Recycle. Mynd: Reuters - Temilade Adelaja


Ifedolapo Runsewe, stofnandi Freee Recycle í Nígeríu. Mynd: Freee Recycle.

Brennsla vandamál

Víða í þróunarlöndunum er brennsla á dekkjum mikið vandamál og veldur gríðarlegri mengun. Þannig hafa t.d. dekk verið mikið notuð í Nígeríu, fjölmennasta landi Afríku, þ.e. þau verið brennd við bágbornar aðstæður með tilheyrandi mengun. Þá eru dekk þar í landi notuð til þess að framleiða melassa þar sem bændur setja upp litla brennsluofna úr leir til heimaframleiðslu. Vel þekkt aðferð en hreint ekki umhverfisvæn. Ifedolapo Runsewe, sem er nígerísk, sá hvað þetta var mikið vandamál þar í landi og ákvað að skoða hvort ekki mætti nýta dekkin betur og sá tækifæri í endurvinnslu með tætingu dekkja. Hún stofnaði fyrirtækið Freee Recycle Limited árið 2018 og hefur síðan þróað aðferðir til þess að breyta gatslitnum dekkjum í alls konar nothæfa hluti!

Gerir samninga við fyrirtæki

Þar sem Freee Recycle byggir framleiðslu sína á dekkjum, þarf að kosta nokkru til við að safna þeim saman og koma á framleiðslustöð fyrirtækisins. Í dag eru ekki í landinu neinar reglur um meðferð á svona úrgangi og því síður til sérstakar söfnunarstöðvar. Fyrir vikið er söfnun á dekkjum svolítið reikul. Hluta af þessu vandamáli, við söfnun hráefnis fyrir verksmiðjuna, hefur Ifedolapo leyst með því að gera samninga við fyrirtæki sem eru stórnotendur á dekkjum. Þessi fyrirtæki sjá um að gefa öll notuð dekk til verksmiðjunnar og koma þeim á áfangastað.

Vírarnir vandamál

Þegar dekkin eru komin í verksmiðjuna hefst framleiðsluferillinn og að sögn Ifedolapo er stærsta vandamálið við endurvinnslu dekkja að ná úr þeim vírunum, en öll dekk eru sett smáum stálvírum sem auka styrk dekkjanna. Við endurvinnslu þeirra þarf að ná þeim úr og hafa því verið þróaðar sérstakar vélar sem hreinlega toga vírana úr dekkjunum! Þeim er svo safnað saman og sendir í endurvinnslu enda fínasta stál sem má nota í margs konar framleiðslu. Þá eru líka í dekkjum strigaefni sem einnig er flokkað frá og er það einnig notað í ákveðna framleiðslu.


Vélin sem slítur vírana úr dekkjunum hjá Freee Recycle. Mynd: Guardian.


Hreint gúmmíkurl tilbúið til framleiðslu. Mynd: Reuters - Temilade Adelaja.

Tæting

Eftir að hafa fjarlægt vírana úr dekkjunum fara þau í risastóra hakkavél sem kurlar þau niður í örlitlar einingar. Þar sem ekki er útilokað að einhverjir afgangsvírar hafi verið til staðar í dekkjunum, þarf að tryggja að dekkjakurlið sé án einhverra stálflísa. Því fer kurlið úr hakkavélinni yfir á sérstakt færiband, sem rennur svo undir öflugan segul sem sér um að draga til sín mögulegar stálflísar. Þegar þessu ferli er lokið eru í raun til staðar ferns konar hráefni: hreint gúmmíkurl, stálvírar, gúmmíkurl með stálflísum og gúmmíkurl með striga. Allt þetta hráefni nýtist, hvert með sínu lagi, en hjá Freee Recycle er það hreina gúmmíkurlið sem er það hráefni sem fer til frekari vinnslu.

Íblöndun

Þegar búið er að tryggja að gúmmíkurlið sé laust við mögulegt stál, fer það í sérstaka hrærivél þar sem í það er blandað sérstökum efnum eftir því hvað á að framleiða úr því. Kurlið er nefnilega ekki notað beint, t.d. með einhvers konar hitameðhöndlun, heldur blandað með sérstökum efnum í hlutföllum sem henta fyrir lokavinnsluna. Það má í raun líkja þessu við steypugerð þar sem dekkjakurlið þjónar tilgangi malar og sands og íblöndunarefnin þá með svipað hlutverk og sement í steypu.

Lokavinnslan

Þegar hér er komið sögu hefst hin raunverulega framleiðsla fyrirtækisins en mest áhersla er lögð á að framleiða gólfefni, enda hentar hráefnið einstaklega vel til þess. Gúmmíhellur eru stór hluti framleiðslunnar, en þær eru svo notaðar víða í Nígeríu, m.a. á leikvöllum, íþróttaleikvöngum eða í hefðbundna göngustíga. Þá er hægt að framleiða gúmmímottur af mismunandi styrkleika, allt eftir því í hvað varan á að fara.

Mottur fyrir nautgripi

Sá möguleiki fyrirtækisins, þ.e. að geta framleitt sterkar gúmmímottur, hefur svo leitt til þess að fyrirtækið hefur prófað sig áfram með þróun á gúmmímottum sem henta fyrir legusvæði. Þar sem nautgriparækt er enn frekar vanþróuð búgrein í landinu, sem vel að merkja er með um 230 milljónir íbúa og er á stærð við Frakkland og Þýskaland til samans, þá er markaðurinn fyrir





Kálfur í stíu með gúmmímottu úr endurunnum dekkjum.
Mynd: Snorri Sigurðsson.

svona sérhæfðar gúmmímottur ekki stór en þó klárlega vaxandi. Kúabú Arla í Kaduna-fylki var það fyrsta sem tók mottur í prófun og fyrstu niðurstöður benda til þess að um afar góða lausn sé að ræða! Motturnar eru mjúkar, stamar og spara undirburð en þessar mottur hafa verið prófaðar í nokkrum stíum fyrir smákálfa. Þá er Freee Recycle að þróa sterkari mottur, en þó stamar, sem eiga að geta hentað fyrir göngusvæði nautgripa. Sú tilraunaframleiðsla verður reynd á næsta ári og verður spennandi að sjá hvort hægt sé að breyta ónothæfum dekkjum í mjúkt og stamt göngusvæði fyrir kýr!

Þróar nýjar vörur

Ifedolapo er óþreytandi í að leita nýrra leiða til þess að nýta dekkin í nothæfar vörur enda er mögulega takmarkaður markaður, í Nígeríu a.m.k., fyrir gólfefni og mottur. Hún og hennar teymi hafa því unnið að fleiri áhugaverðum vörum og nú er hægt að fá bæði sandala og handtöskur úr endurunnum dekkjum!

Staðan á Íslandi

Eins og hér að framan greinir þá falla til um 8–10 þúsund tonn af dekkjum hér á landi árlega og er stærsti hluti dekkjanna fluttur úr landi til frekari úrvinnslu. Lætur nærri að það magn dugi til að nánast fylla meðalstórt flutningaskip! Vonandi er þess ekki langt að bíða að einhver frumkvöðull sjái sér leik á borði og komi upp úrvinnslu hér á landi. Nógur er dekkjafjöldinn að minnsta kosti hérlendis, tæknin þekkt og framleiðsluvörurnar margs konar.



Nokkrar af vörunum sem hægt er að gera úr haugslitnum dekkjum!
Mynd: Snorri Sigurðsson.







Framleiðsluvilja bænda þarf að auka

- Innlend nautakjötsframleiðsla hefur ekki aukist í takt við eftirspurn

Í lok síðasta mánaðar var greint frá því í Bændablaðinu að algengt sé að veitingamenn notist við erlent hráefni í sinni framleiðslu – sérstaklega þegar kemur að nautakjöti. Helstu ástæðurnar voru ótryggt aðgengi að kjöti af miklum gæðum.

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL), segir að það væri frábært ef sláturhús gætu alltaf boðið upp á íslenskt nautakjöt af þeim gæðum og magni sem þarf til þess að veitingamenn geti reitt sig á það.

„Við búum hins vegar við það að vera á frekar litlum markaði og framboðið getur verið sveiflukennt yfir árið," segir Margrét. Sláturhús hafi hins vegar séð skýra aukningu í gæðum framleiðslunnar sem megi gera ráð fyrir að eigi eftir að aukast mjög hratt með tilkomu nýs erfðaefnis af Angus-holdanautum og kyngreiningu á nautasæði. „Það er rosalega bjart yfir nautakjötsframleiðslunni en starfsumhverfið þarf að geta stutt við þessa þróun."

Af þeim sökum hafi afurðastöðvar ýtt á auknar heimildir til hagræðingar og sameininga sem fékkst í gegn með síðustu breytingum á búvörulögum. Aðgerðir hafi hins vegar setið á hakanum þangað til í vor þegar niðurstaða fékkst um lögmæti laganna fyrir dómstólum. „Hagræðingaraðgerðir gefa möguleika á að skapa fjárhagslegt svigrúm meðal annars til þess að auka framleiðsluvilja hjá bændum."



Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri SAFL, segir afurðastöðvar vilja svara ákalli eftir aukinni innlendri nautakjötsframleiðslu. Mynd / ál

Minni ásetningur og aukinn innflutningur

„Við sjáum metinnflutning á nautakjöti ár eftir ár á meðan það er lítil breyting í magni íslenskrar framleiðslu. Aukinni eftirspurn á markaði hefur því verið svarað með innflutningi," segir Margrét. Hún sjái mikil tækifæri í innlendri nautakjötsframleiðslu, enda sé eftirspurnin til staðar. SAFL tali fyrir aukinni innlendri framleiðslu, en það sé helst hægt með því að bæta afkomu bænda. „Þess vegna er mikilvægt að skapa þannig aðstæður að bændur sjái hag sinn í þessu.

Það hefur hins vegar verið fækkun í ásetningu nautkálfa sem gefur ákveðnar vísbendingar um þróun á framboðinu. Það er dýrt að framleiða nautakjöt á Íslandi og bændur þurfa fjárhagslegan hvata til þess að svara kalli markaðsins," segir Margrét. Hún bendir á að forsendur geti verið fyrir stjórnvöld að grípa inn í og nefnir Noreg þar sem áhersla er á að landið sé nær sjálfbært í sinni nautakjötsframleiðslu. „Þar hefur opinber stuðningur gríðarlega mikið að segja."

Ákveðin gæði í ákveðna bita

Margrét bendir á að eftir að EUROP-kjötmatskerfið var innleitt fái bændur meiri upplýsingar um af hvaða gæðum gripirnir eru sem þeir skili af sér og geti stillt sína bústjórn samkvæmt því. „Eftir að kerfið var tekið upp hefur gæðaflokkunin leitað upp á við. Nú eru fleiri gripir með Angus-erfðaefni að skila sér í sláturhúsin og þá eru gæðin betri. Því hefur orðið meiri stöðuleiki á framboði af kjöti af betri gæðum."

Nokkuð hefur hins vegar borið á gagnrýni að kjötmatskerfið skili sér ekki í því að markaðurinn geti valið kjöt í ákveðnum flokkum samkvæmt sínum óskum. Margrét bendir á að sláturhúsin vinni kjöt af fyrirfram ákveðnum gæðum mismunandi og í takt við þarfir markaðsins. Varðandi suma bita, eins og nautalund, gefi þyngdin meiri upplýsingar um gæði en heildarmat á skrokknum. Þá þurfi kjötið að vera af ákveðnum gæðum til að fara í ribeye steikur. Enn fremur nefnir Margrét að lambalæri sem rati í E-flokk sé einfaldlega of stórt fyrir smásölu og því yfirleitt úrbeinað. /ál



Hvað er íslensk menning án landbúnaðar?

Menning getur verið skilgreind á margan hátt en ein merking sem hefur verið lögð í orðið er að menning sé sameiginlegur arfur, rótgróinn háttur eða siður og tengist þá hugtakinu þjóðmenning, að hver þjóð eigi sérstaka menningu.



Stella Björk

Eins og menning er ekki bara eitthvað eitt, þá er matur ekki bara matur. Matur er hluti af menningu, sjálfsmynd og ímynd þjóðar. Hver réttur, hvert hráefni og hver hefð endurspeglar sögu sem við segjum um okkur sjálf, sögu um landið, fólkið og gildin sem við stöndum fyrir.

Á Íslandi hefur matur ávallt verið tengdur náttúrunni og því sem landið gefur af sér. Hreint loft, tært vatn, gróðursæl graslendi og gjöful fiskimið sem hafa fætt þjóðina í aldaraðir en allt er þetta hluti af þeirri menningararfleifð sem íslenskur matur byggir á.

Þegar við tölum um íslenska menningu, er óhjákvæmilegt að tala um íslenskan landbúnað því óteljandi matarhefðir Íslendinga má rekja beint til sveitanna þar sem maturinn verður til.

Matur er menningararfur

Matur hefur alltaf verið samofinn lífi okkar. Hann sameinar fjölskyldur við matarborðið þar sem þær tengjast í lok dags, er miðpunktur hátíða og stórra stunda í lífi okkar og heldur samfélaginu saman. Við eigum margar matarhefðir sem lifa góðu lífi enn þann dag í dag: þorramaturinn sem minnir okkur á harðindi og útsjónarsemi fyrri kynslóða og sem er orðinn einn vinsælasti viðburður í annars löngum janúar, klassískar íslenskar pönnukökur í sunnudagskaffinu, flatkaka með hangikjöti í nestispakkanum þegar við göngum á fjöll og ein með öllu á bensínstöðinni á ferðalagi sumarsins um sveitir landsins.

Þetta er ekki bara matur heldur minningar, menning og tenging við uppruna. Í gegnum matinn miðlum við sögu þjóðarinnar. Matur segir frá fortíðinni, en hann er líka brú inn í framtíðina.

Nýjar kynslóðir eru að taka við keflinu og hafa gefið gömlu hefðunum nýtt líf. Metnaðarfull kynslóð sem nálgast íslensk hráefni á skapandi hátt, blandar saman gömlu og nýju og nýtir íslensk hráefni með stolti og virðingu. Þannig þróast menningin, án þess að gleyma rótum sínum, frá ömmum fortíðarinnar til nýrra kynslóða.

Ísland á disknum

Þegar ferðamenn koma til Íslands sjá þeir fjöll, fossa, eldfjöll og víðerni, en þeir sjá líka hreinleika. Þeir finna hann í andrúmsloftinu, í vatninu og í matnum.

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu sögðu **97% ferðamanna** að náttúran væri helsta ástæðan fyrir komu þeirra til landsins en meira en helmingur nefndi einnig íslenska menningu og Íslendinga sjálfa sem sterkan þátt í upplifun sinni. Og þar kemur maturinn inn. Því hvar er íslensk menning áþreifanlegri en í matnum sem við borðum?

Þegar ferðamaður smakkar íslenskt lambakjöt sem hefur alist upp á fjöllum eða úti í grænum úthaga, eða fisk sem var veiddur sama dag, finnur hann Ísland á disknum. Hreinleikann, náttúruna og gæðin í einum bita.

Íslensk náttúra er þannig aðdráttaraflið sem dregur fólk til sín, en maturinn og menningin eru það sem skapa tengslin en líkt og árleg könnun Íslandsstofu hefur sýnt er Ísland þekkt fyrir fjölbreyttar afurðir og skorar maturinn þar hátt. Maturinn er orðinn að rödd ímyndar Íslands – án þess að segja orð.

Landbúnaðurinn er burðarás

Þetta er ástæða þess að íslenskur landbúnaður skiptir meira máli en margir gera sér grein fyrir. Landbúnaðurinn er undirstaða þess að við getum viðhaldið menningunni. Hann tryggir ekki aðeins fæðuöryggi, heldur er hann burðarás í varðveislu ímyndar og sjálfsmyndar þjóðarinnar.



Hreint loft, tært vatn, gróðursæl graslendi og gjöful fiskimið sem hafa fætt þjóðina í aldaraðir en allt er þetta hluti af þeirri menningararfleifð sem íslenskur matur byggir á.

Bændur, sjómenn og matvælaframleiðendur eru í raun menningarverðir, þeir viðhalda gildum sem ekki er hægt að flytja inn: traust, hreinleika og tengsl við landið okkar. Þetta er fólk sem viðheldur arfleifð sem hefur mótað íslenskt samfélag í gegnum aldir.

Þegar við kaupum íslenskt kjöt, mjólkurvörur, grænmeti, blóm eða fisk erum við ekki bara að versla við bændur heldur erum við að styðja við menningu, atvinnu og sjálfstæði þjóðarinnar. Við erum að tryggja að sagan haldi áfram að lifa, að íslenskur matur úr íslenskri sveit verði áfram hluti af því sem gerir Ísland einstakt.

Gildi þess að velja íslenskt

Það er einfalt að horfa á mat sem vöru – eitthvað sem við kaupum og neytum. En maturinn er miklu meira en það. Hann er tjáning. Þegar við veljum íslenskt erum við að taka afstöðu: við veljum gæði, við veljum sjálfbærni og við veljum að standa með landi okkar og menningu.

Það hefur raunveruleg áhrif, því þegar við styðjum íslenska framleiðslu styrkjum við efnahag landsins, drögum úr kolefnisspori og tryggjum áfram þá sérstöðu sem íslenskur matur býr yfir.

Ímynd Íslands byrjar nefnilega heima hjá okkur sjálfum og í því hvernig við hugsum um landið, vinnum með það og nýtum það.

Samvinna og framtíðin

Ef matur getur mótað ímynd heillar þjóðar, þá verðum við að spyrja: „Hvernig getum við áfram mótað íslenska matarmenningu saman?"

Svarið liggur í samvinnu. Það þarf að efla tengsl milli bænda, framleiðenda, veitingamanna, neytenda og stjórnvalda. Við þurfum að skapa umhverfi þar sem íslenskur landbúnaður fær að dafna og þróast áfram en ekki síður þar sem nýsköpun og hefðir ganga hönd í hönd.

Íslenskur matur er saga, menning og framtíð í einum bita. Maturinn er afrakstur kynslóða sem hafa lifað í sátt við náttúruna og nýtt það sem landið hefur upp á að bjóða. Hann er brú milli fortíðar og framtíðar, milli manns og náttúru.

Þegar við veljum íslenskt, veljum við ekki bara bragðgæði. Við veljum sjálfsmynd. Við veljum að standa með menningu sem byggir á hreinni náttúru, sterkum gildum og stolti yfir eigin uppruna.

Þess vegna skiptir máli að við veljum íslenskt og eflum íslenskt – ekki bara vegna bragðsins, heldur vegna þess hvað það segir um okkur sem þjóð.

Matur er menning. Menningin mótar ímyndina og ímyndin er það sem við skiljum eftir okkur í huga annarra.

Spurningunni „Hvað væri íslensk menning án landbúnaðar?" er auðsvarað og svarið er einfalt.

Hún væri fátækleg.

Höfundur er sérfræðingur hjá BÍ.



Reyniviður og skaðvaldar

Nú þegar langt er liðið á haustið hefur gróðurinn hafið sína vegferð að vetrardvala með sinni haustlitadýrð sem er hluti af einstakri upplifun haustsins. Ein af þeim trjátegundum sem áberandi eru á haustin er reyniviður, með sínum fjölbreyttu haustlita-afbrigðum, rauðum reyniberjum og kátum og sísyngjandi fuglum.


Brynja Hrafnkelsdóttir.


Helga Ösp Jónsdóttir.

Reyniviður er ekki laus við skaðvalda þó fáir séu enn sem komið er. Algengasti sjúkdómurinn á ilmreyni er reyniáta (Cytospora rubescens) sem er átusjúkdómur og finnst um allt land, er þó algengari við ströndina en í innsveitum og getur valdið verulegu tjóni. Einkenni reyniátu eru að börkurinn á greinum eða stofni dökknar og verður innfallinn með tímanum, gróhirslur myndast síðan undir berkinum og sveppgró spýtast út í gegnum börkinn sem rauður áberandi massi. Helsta aðgerðin gegn reyniátu er að notast við efnivið til ræktunar sem hefur mótstöðu gegn sjúkdómnum. Einnig er hægt að fjarlægja sýktar greinar sem þarf þó að gerast að frá því síðla vetrar og fram á vor þegar engin sveppgró eru í lofti. Gróin fara að myndast á sumrin og eru á sveimi fram í vetrarfrost. Á þessu tímabili er trjánum hætt við sýkingu og geta ekki varist árás sveppsins meðan sveppgró eru enn í lofti.

Annar sjúkdómur á reyniviði er hornryð (Gymnosporangium cornutum) en það er ryðsveppur sem nýtir sér eini sem millihýsil og hefur þess vegna verið þekktur sem einireyniryð. Ryðgróin finnast á nálum einis en eru ekki mjög áberandi. Gróstigið sem finnst á reyniviði myndar sérkennilegan vöxt og minnir einna helst á horn en þaðan kemur tenging við nafnið. Hornryð vex eingöngu þar sem einir og reyniviður vaxa saman og veldur sáralitlu tjóni á reyniviði.

Reyniviður á Íslandi hefur verið nokkuð laus við alvarlegar skemmdir eftir meindýr en þó nærast einhverjar fiðrildategundir stundum á honum á lirfustigi, eins og haustfeti (Operophtera brumata) og ertuygla (Ceramica pisi).

Nýlegir skaðvaldar hafa þó fundist sem leggjast á reynivið. Þar á meðal er kláðasveppur (Venturia orbiculata) sem fannst fyrst hér á landi árið 2022 skv. sveppatali Náttúrufræðistofnunar en nú finnst hann á Vestur-, Suður- og Austurlandi. Einkenni kláðasveppsins eru smáir dökkleitir blettir á laufblöðum ásamt svörtum blettum á reyniberjum sem geta að lokum þakið berin alfarið þannig að þau visna og falla. Hann getur valdið ótímabæru lauffalli ásamt áhrifum á fræþroska. Erlendis veldur sjúkdómurinn ekki miklum skaða á trénu sjálfu ef aðstæður eru annars góðar en áhrif hérlendis eiga eftir að koma betur í ljós. Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum en hægt er að hreinsa upp fallin lauf og ber að hausti til að minnka smitmagn.

Reyniglitmölur (Argyresthia conjugella) leggst á reynivið en hann fannst hér fyrst árið 2023 og finnst enn sem komið er eingöngu á Austurlandi. Um er að ræða fiðrildalirfu sem lifir á blómum ilmreynis á lirfustigi og hefur því áhrif á fræþroska reynisins. Þar sem hann hefur svo nýlega numið land er ekki vitað hversu mikið hann skaðar reynivið hérlendis.

Hér hefur verið fjallað um þá skaðvalda sem lifa á reyniviði hérlendis. Þótt þessi trjátegund hafi sloppið nokkuð vel við meindýr og sjúkdóma hingað til, samanborið við aðrar tegundir, hefur skaðvöldum á reyni fjölgað undanfarin ár.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.







Mislitt fé í hávegum haft

Sú var tíð að víðast hvar var heldur amast við mislitu fé, það helst ekki sett á nema til að geðjast börnum. Það varð út undan í ræktun. Enn eimir sums staðar eftir af þessu hugarfari en þó hefur mikið breyst. Fyrir vikið er mislitt fé víða ekki eins vel ræktað og hvítt fé. Mönnum hefur þó lærst að mislitt fé er ekkert lakara fé en hvítt, en það þarf að rækta það eins og annað sem vel á að standast.

Fyrir bráðum þrem áratugum lögðu áhugasamir sauðfjárbændur í Holta- og Landsveit á ráðin um gæðaræktun á mislitu fé. Þeir komu saman að Brúarlundi hinn 12.12. 2002 og stofnuðu með sér félag, Fjárræktarfélagið Lit, og hófust handa um að rækta almenn gæði inn í mislitt fé svo það stæði öðru fé ekki að baki. Formaður félagsins hefur frá upphafi verið Guðlaugur Kristmundsson á Lækjarbotnum og alla tíð hefur Erlendur Ingvarsson í Skarði verið með honum í stjórninni. Tilgangur félagsins er tvennur, annars vegar að bæta gæði mislits fjár þannig að það skari fram úr og hins vegar að hafa gaman af stússinu í kringum starfsemina og félagsskapinn. Þetta hefur hvort tveggja tekist. Nú er urmull mislits fjár í Rangárþingi ytra, mislitu fé sem ekki er eftirbátur annars fjár á svæðinu en svæðið státar af mörgum framúrskarandi fjárræktarmönnum. Menn hafa líka mikið gaman af þeirri fjármennsku sem snýst um þessa ræktun og félagsstarfið sem henni er tengt, ekki síst þessum sýningardegi.


Páll Imsland.

Á þriðja ári frá stofnun félagsins, 2005, tók það upp þann sið að stefna mönnum saman til sýninga á afrakstri þessarar ræktunar á mislitu fé og síðan hefur sýning þessi orðið að árlegri hefð. Sýningin hefur hlaðið utan á sig og er nú fyrir alllöngu orðinn meiri háttar viðburður á svæðinu. Menn velja rjómann úr sinni mislitu ræktun og koma með hann á sýninguna. Þar er fé dæmt og verðlaunað. Vel metnir og kunnandi fjármenn og dómarar dæma á sýningunni og besti árangur er verðlaunaður. Féð er dæmt í þrem flokkum, bestu gimbrarnar, bestu lambhrútarnir og besta ærin með lömbum. Sýning þessi verður vinsælli með hverju árinu og er nú orðið sótt af fjölda áhorfenda hvert haust.


Bestu lambhrútarnir á sýningunni ásamt eigendum sínum.


Bestu ærnar með afkvæmum á sýningunni ásamt eigendum sínum.


Bestu gimbrarnar á sýningunni ásamt eigendum sínum.

Sýningin haustið 2025 fór fram í reiðskemmunni í Árbæjarhjáleigu II sunnudaginn 12. október og tókst í alla staði frábærlega. Fjöldi fjár mætti til sýningar og voru bestu gripirnir teknir til dóms og verðlaunaðir. Dæmdar voru 33 gimbrar frá 13 bæjum, 18 lambhrútar frá 10 bæjum og 5 ær með afkvæmum. Besta gimbrin var frá Fellsmúla í Landsveit, í eigu Halldóru Þorvarðardóttur og Sigurjóns Bjarnasonar, blákolótt kollótt hörkufalleg gimbur. Besti lambhrúturinn var frá Árbæjarhjáleigu II í eigu Sigurðar Kristins Eiríkssonar, litur svartflekkóttur. Besta ærin var frá Austvaðsholti, í eigu Regulu Rudin, mórauð arnhöfðótt ær með tvílembingingsgimbrar, morarnhöfðótta og svartblesótta. Dómarar á sýningunni voru Jón Vilmundarson í Skeiðháholti og Vignir Sigurgeirsson í Hemlu. Ritari og þulur sýningarinnar voru Marjolijn Tiepen og Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu. Í lokadómnum vegur liturinn helming á móti öðrum eiginleikum.


Njála, uppboðsgimbrin fallega og myndarlega frá Austvaðsholti.


Guðni Ágústsson bauð hæst í gimbrina en gaf hana viðstöðulaust Heklu Katarínu Kristinsdóttur.

Litfegursta lambið var valið af áhorfendum og reyndist það vera golsótt bíldótt hosótt gimbur frá Selási í eigu Halldórs Kristinssonar.

Á sýningum félagsins eru gjarnan eins konar hliðarsýningar þar sem eitthvað sérstakt er tekið fyrir t.d. forystufé og feldfé. Vinsældir forystufjár fara vaxandi og margir dást að hinum sérstöku eiginleikum þessa fjár. Það er allvinsælt nú um stundir að rækta svokallað feldfé, en það er ullarafbrigði, sem er mjög hrokkið og þurfa lokkarnir helst að ná allt inn að skinni. Fram á síðustu ár hefur eiginlega eingöngu verið til grátt feldfé, en nú er búið að koma þessum ullareiginleika líka fyrir með öðrum litum og mátti á sýningunni núna sjá mórauða feldgimbur.

Það er skemmtilegur siður Litarmanna að hafa ekki félagsgjöld í félaginu. Í stað þeirra er félagið rekið fyrir innkomuna af uppboði á einni framúrskarandi lífgimbur sem einhver félagsmanna leggur til. Að þessu sinni var boðin upp svartflekkótt gimbur frá Helga Benediktssyni í Austvaðsholti. Hæst bauð Guðni Ágústsson fyrrum landbúnaðarráðherra. Hann gaf gimbrinni nafn á stundinni og kallaði Njálu og síðan gaf hann gimbrina Heklu Katarínu Kristinsdóttur, eiginkonu Eiríks Vilhelms Sigurðssonar, sem þakklætisvott fyrir framlag Eiríks til nýlega afstaðinnar Njáluhátíðar í Rangárþingi.

Sýningin var afar vel sótt og hefur sýnt sig að sífellt mæta fleiri og fleiri áhorfendur á hana.

Höfundur er jarðfræðingur og óforbetranlegur ljósmyndari og áhugamaður um litamálefni íslenskra húsdýra.



Landnámsegg í Hrísey þurfa að aflífa allar hænur

– Mikið áfall fyrir bændurna – díoxín-mengun greind í eggjum

Mikið áfall hefur dunið yfir hjónin og bændurna hjá Landnámseggjum ehf. í Hrísey, en fyrirtækið þarf nú að aflífa allar hænur sínar eftir að díoxín-mengun greindist í eggjum frá búinu. Mengunin, sem talið er að tengist brunaefnum í umhverfinu, getur komið upp þar sem hænur ganga frjálsar, líkt og raunin hefur verið í Hrísey.

Landnámsegg var stofnað árið 2013 af Valgeiri Magnússyni og Kristni Frímanni Árnasyni, ásamt eiginkonum þeirra. Starfsemin hefur gengið vel frá upphafi, og eggin frá Hrísey notið mikilla vinsælda fyrir gæði sín og uppruna. En nú blasir við erfiðasta verkefni búsins frá stofnun – að byggja það upp að nýju frá grunni.



Kristinn bústjóri innan um hænurnar þegar þær voru á lífi. Nú tekur nýr kafli við hjá fjölskyldunum í Hrísey, sem eiga fyrirtækið Landnámsegg. Mynd / Aðsend

Frá 300 hænum í 800

„Við byrjuðum með um 300 hænur og 100 hana," segir Kristinn Frímann Arnason, bóndi á Landnámseggjum. „Eftirspurnin eftir eggjum úr Hrísey varð strax meiri en við bjuggumst við, og þegar mest var urðu hænurnar um 800 talsins. Við höfðum leyfi fyrir 1.200 fuglum og vorum því í góðri stækkunarstöðu."

Landnámsegg hefur verið stærsta landnámseggjabú landsins, og var vel þekkt vörumerki bæði á Norðurlandi og víðar. En nú hefur allt stöðvast – að minnsta kosti tímabundið.

Hvað er díoxín og hvernig fannst mengunin?

Díoxín eru efni sem myndast við bruna – sérstaklega þegar plast eða önnur kolefni brenna. Ef hænur hafa aðgang að jarðvegi sem mengast hefur, getur efnið borist inn í fæðukeðjuna og loks í egg.

Kristinn útskýrir hvernig málið þróaðist:

„Fyrst voru tekin sýni haustið 2020, og þá kom sölubann. Þá beindust allar grunsemdir að bruna í frystihúsi hér á staðnum um vorið sama ár. Við þurftum að bíða í fimm mánuði eftir að fá söluleyfið aftur. Á meðan notuðum við eggin til að byggja upp stofninn sem við máttum ekki selja," segir hann.

„Jarðvegssýni framan við húsið okkar reyndist í lagi. Síðan var tekið sýni vorið 2023 – og allt mældist eðlilegt. En þegar sýnataka fór fram nú í ágúst, sem gert er á tveggja ára fresti, kom mengunin aftur fram – og þá með hærri gildi en árið 2020. Hænurnar höfðu verið nánast úti frá mars, svo við vitum ekki enn hvaðan þetta kemur. Við bíðum niðurstaðna frá Heilbrigðiseftirlitinu," bætir hann við.

„Ég hugsaði bara: Þetta er búið."

Það var ekkert annað í stöðunni en að bregðast við með hörðum en nauðsynlegum aðgerðum.

„Þetta var mikið áfall. Ég hugsaði bara: Jæja, þetta er þá bara búið. En við tókum ákvörðun um að aflífa stofninn í samráði við MAST og gerðum það. Það voru tæplega 500 fuglar sem þurfti að lóga," segir Kristinn.

Hann hrósar jafnframt Matvælastofnun (MAST) fyrir gott samstarf í gegnum allt ferlið.

„MAST hefur verið mjög fagleg og sanngjörn í öllum samskiptum. Það er mikilvægt þegar maður stendur frammi fyrir svona áföllum."

Ný kynslóð hænsna á leiðinni

Þrátt fyrir áfallið eru bændurnir í Hrísey hvergi af baki dottnir.

„Við vorum sem betur fer byrjuð að byggja upp nýjan stofn áður en þetta kom upp," segir Kristinn. „Elstu ungarnir á þessu ári eru af landnámshænsnakyni, og voru klaktir á síðasta þjóðhátíðardegi. Við vonum að það sé góðs viti – þó það hafi alls ekki verið fyrir fram ákveðið að setja eggin í vélina akkúrat þá dagsetningu," segir hann brosandi.

Markmiðið er að koma aftur á markað innan átta til níu mánaða, þegar nýju hænurnar byrja að verpa.

„Það tekur fuglana fimm til sex mánuði að komast í varp. Fyrstu mánuðina eru eggin svokölluð 'ungaegg' – smærri að stærð – en svo eykst framleiðslan smám saman. Við erum í raun aftur komin á byrjunarreit, eins og fyrir fimm eða sex árum," segir Kristinn.

Lífið og starfið í Hrísey

Þrátt fyrir erfiðleikana er Kristinn þakklátur fyrir að búa og starfa í Hrísey.

„Það er dásamlegt að geta haft hænurnar úti í náttúrunni. Við erum um 800 metra norður af þorpinu, og bæði heimamenn og ferðamenn hafa gjarnan komið að heimsækja hænurnar. Það hefur alltaf verið hluti af upplifuninni – að sjá þær í sínu náttúrulega umhverfi," segir hann.

Hrísey hefur lengi verið þekkt fyrir gæða matvælaframleiðslu í litlum mæli, og Landnámsegg hefur verið hluti af þeirri ímynd. Það hefur því verið mikið áfall, ekki aðeins fyrir bændurna sjálfa heldur líka samfélagið allt.

„Þakklæti til þeirra sem hafa stutt okkur"

Þrátt fyrir erfiða stöðu hafa viðbrögðin úr samfélaginu verið afar jákvæð.

„Við höfum fengið ótrúlega mikinn stuðning – bæði frá Hrísey og víðs vegar að af landinu. Fólk hefur haft samband, sent okkur skilaboð og sýnt hlýju og skilning. Það hefur skipt sköpum," segir Kristinn.

Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að tala hreint út í fjölmiðlum, í stað þess að fela slæmar fréttir.

„Við ákváðum að segja hlutina eins og þeir eru. Svona mál geta farið á hinn veginn í samfélagsmiðlaumhverfinu og slátrað litlu fyrirtæki í beinni útsendingu. En við höfum upplifað mikinn heiðarleika og samstöðu. Það gefur okkur kraft til að halda áfram."

Endurreisn og ný byrjun

Nú tekur við löng og erfið endurreisn, en Kristinn og fjölskyldan eru staðráðnir í að halda áfram.

„Við ætlum ekki að gefast upp. Þetta er okkar líf og okkar samfélag. Við viljum halda áfram að framleiða hreinar, íslenskar vörur með ábyrgð – og sýna að hægt er að rísa aftur eftir svona högg," segir hann.

Landnámsegg í Hrísey eru því enn á lífi – þótt hænurnar séu farnar. Ný kynslóð er að vaxa upp, og ef allt gengur að óskum munu fyrstu eggin úr nýja stofninum renna í markaðshillur á næsta ári.

Það verður þá ekki aðeins tákn um endurreisn búsins – heldur líka tákn um styrk og þrautseigju íslenskra bænda.

/mmh







Heiðursverðlaunahryssur á Íslandi 2025

Alþjóðlega kynbótamatið fyrir íslenska hestinn var reiknað í september að loknum kynbótasýningum og birt í WorldFeng. Því er orðið ljóst að tólf hryssur á Íslandi hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár en til að hljóta verðlaunin þarf hryssan að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í aðaleinkunn, eða aðaleinkunn án skeiðs í kynbótamatinu. Nokkrar af hryssunum eru jafnar að stigum og eru það því aukastafir sem raða þeim í sæti.


Þorvaldur Kristjánsson

Efsta hryssan í ár er Álfhildur frá Syðri-Gegnishólum undan Orra frá Þúfu í Landeyjum og Álfadísi frá Selfossi en þau eru bæði með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Álfadís er búinn að skrifa sig í sögubækurnar fyrir nokkru síðan og er Álfhildur sjöunda afkvæmi hennar sem hlýtur afkvæmaverðlaun. Álfhildur er með 128 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins og hlýtur því Glettubikarinn í ár. Bikarinn er veittur þeirri hryssu sem stendur efst til heiðursverðlauna ár hvert. Ræktandi og eigandi Álfhildar er Olil Amble. Álfhildur var afar eftirminnileg sjálf; hlaut meðal annars 9,0 fyrir tölt og 9,5 fyrir fegurð í reið einungis fjögurra vetra gömul. Sex vetra gömul hlaut hún svo 10 fyrir tölt og vilja og geðslag sem er magnað afrek. Hæst dæmda afkvæmi Álfhildar er Arnhildur undan Spaða frá Stuðlum. Hún var sýnd fimm vetra gömul með 8,5 fyrir tölt, 9,0 fyrir brokk, samstarfsvilja og fegurð í reið. Þá eru þau Eldjárn undan Hrannari frá Flugumýri II og Hrafnhildur undan Frama frá Ketilsstöðum glæst klárhross og Áshildur undan Trymbli frá Stóra-Ási jafnvíg og hágeng alhliða hryssa.

Önnur er Brigða frá Brautarholti með 122 stig og fimm dæmd afkvæmi. Brigða er brún að lit undan Vilmundi frá Feti og Ambátt frá Kanastöðum, sem var undan Hrannari frá Kýrholti og Öskju frá Miðsitju. Ræktandi hennar er Snorri Kristjánsson en eigandi er Silke Veith. Brigða er afrekshryssa á gangi með 9,5 fyrir brokk og 10 fyrir skeið. Hæst dæmda afkvæmi hennar er Silkisif frá Hestkletti með rúmlega 8,51 fyrir hæfileika, þar af 9,0 fyrir tölt og fegurð í reið. Þá er Hátíð frá Ísalæk dóttir Brigðu og Glúms frá Dallandi mikil mýktar hryssa með 8,5 fyrir flesta þætti hæfileika.

Þriðja í röðinni er Telma frá Steinnesi með 120 stig og fimm dæmd afkvæmi. Telma er rauðblesótt, undan Kiljan frá Steinnesi og Sunnu frá Steinnesi dóttur Gamms frá sama bæ. Ræktandi Telmu er Magnús Jósefsson og eigandi er Helga Una Björnsdóttir. Telma er fínleg hryssa með sterka yfirlínu og afar skemmtileg á gangi; mjúk og léttstíg með 9,0 fyrir tölt og vilja og geðslag. Hæst dæmda afkvæmi hennar er Augasteinn frá Fákshólum en það er fallegur klárhestur, hágengur og skrefmikill með 9,0 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið. Hamingja frá Fákshólum er undan Telmu og Ský frá Skálakoti. Hún er stólpagripur með 9,5 fyrir samræmi og 9,0 fyrir fegurð í reið.

Fjórða hryssan er Aþena frá Akureyri með 120 stig og fimm dæmd afkvæmi. Aþena er jörp, undan Þóroddi frá Þóroddsstöðum og Smáradótturinni Hrönn frá Búlandi. Ræktendur og eigendur hennar eru þau Björgvin Daði Sverrisson og Helena Ketilsdóttir. Aþena er fríð og framfalleg hryssa, jafnvíg á gangi, mýktar hross. Hæst dæmda afkvæmi hennar er stórgæðingurinn Fenrir frá Finnastöðum, undan Þráni frá Flagbjarnarholti. Hann hlaut í vor 9.04 fyrir hæfileika sem er jafnframt hæsta hæfileikaeinkunn ársins. Þá er Fjöður frá Finnastöðum undan Stekk frá Skák með 8,72 fyrir hæfileika; þar af 9,0 fyrir tölt og 8,5 fyrir skeið og 9,5 fyrir samstarfsvilja.

Fimmta er Þyrnirós frá Þjóðólfshaga með 119 stig og fimm dæmd afkvæmi. Þyrnirós er rauð að lit undan Huga frá Hafsteinsstöðum og Pyttlu frá Flekkudal, dóttur Adams frá Meðalfelli og mögnuð heiðursverðlaunahryssa og ættmóðir. Ræktandi Þyrnirósar er Sigurður Sigurðarson og eigandi er Svarthöfði-Hrossarækt ehf. Þyrnirós er sjálf reist, myndarleg og prúð hryssa; klárhryssa með 9,0 fyrir flesta eiginleika í hæfileikunum. Hennar hæst dæmda afkvæmi er Mjallhvít frá Sumarliðabæ 2 undan Stála frá Kjarri. Mjallhvít er afrekshross á gangi með 8,5 fyrir tölt og brokk og 10 fyrir skeið. Þá er Leia frá Sumarliðabæ 2 undan Ómi frá Kvistum sómagóð alhliða hryssa með 8,34 í aðaleinkunn.

Sjötta í röðinni er Gnýpa frá Leirulæk með 119 stig og fimm dæmd afkvæmi. Gnýpa er brúnskjótt, undan Stikli frá Skrúð og Össu frá Engimýri. Ræktendur og eigendur hennar eru Guðrún Sigurðardóttir og Sigurbjörn Jóhann Garðarsson. Gnýpa er stórmyndarleg alhliða hryssa og hlaut sjálf 8,40 í aðaleinkunn í kynbótadómi. Hæst dæmda afkvæmi Gnýpu er Hildur frá Fákshólum sem stóð efst á síðasta Landsmóti. Hildur hefur

> Því er orðið ljóst að tólf hryssur á Íslandi hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár en til að hljóta verðlaunin þarf hryssan að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í aðaleinkunn, eða aðaleinkunn án skeiðs í kynbótamatinu.

Félagsmenn og aðrir velunnarar hrossaræktar takið dagana frá!



7. NÓVEMBER
Fagþing hrossaræktarinnar
Reiðhöll Sörla
Klukkan 13:00

8. NÓVEMBER
Fagráðstefna hrossaræktarinnar
Reiðhöll Spretts
Klukkan 13:00

Dagskrá verður auglýst á bondi.is/bugreinadeildir/hrossabaendur

FÉLAG HROSSABÆNDA
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

hlotið hæst 8,91 í aðaleinkunn, 9,0 fyrir tölt og brokk og 10 fyrir skeið. Það er einmitt mögnuð skeiðgeta sem stendur uppúr í erfðum Gnýpu en dóttir hennar Væta frá Leirulæk hlaut einnig 10 fyrir skeið og Skriða frá Leirulæk hlaut 9,5 fyrir skeið á Fjórðungsmóti Vesturlands í sumar einungis fimm vetra gömul.

Í sjöunda sæti er Sif frá Akurgerði II með 118 stig og fimm dæmd afkvæmi. Sif er bleikstjörnótt, undan Ómi frá Kvistum og Rönd frá Akurgerði en hún var undan Kolfinni frá Kvíarhóli. Ræktandi er Guðmundur Ingvarsson og hann er eigandi hryssunnar ásamt Fanneyju Guðrúnu Valsdóttur. Sif stóð efst í fimm vetra flokki hryssna á Landsmóti 2014 með 8,81 fyrir hæfileika; léttstíg, hágeng og flugviljug. Hennar hæst dæmda afkvæmi er Valkyrja frá Vindási, undan Blysfara frá Fremra-Hálsi. Valkyrja er jafnvíg og viljug alhliða hryssa. Þá á Sif alsystkini undan Jökli frá Rauðalæk, þau Ás og Gná frá Akurgerði II; glæst klárhross bæði með 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja.

Áttunda er Vissa frá Lambanesi með 116 stig og fimm dæmd afkvæmi. Vissa er jörp að lit undan Glym frá Innri-Skeljabrekku og heiðursverðlauna hryssunni Eldingu frá Lambanesi. Ræktandi hennar er Agnar Þór Magnússon og eigendur eru Sporthestar ehf. og Sveinn Ragnarsson. Vissa var í þriðja sæti á Landsmóti 2011 í flokki fjögurra vetra hryssna; afar flink á gangi og náttúrubarn á skeiði, með 9,5 fyrir þann eiginleika. Skeiðgetan hefur skilað sér ásamt ganghæfninni en tvö afkvæma hennar eru með 8,5 fyrir skeið. Þá er Kastor sonur hennar og Kiljans frá Steinnesi með 10 fyrir skeið og heimsmethafi í 250 metra skeiði frá því í vor. Nýlega var sýndur fjögurra vetra sonur hennar, Sprækur frá Garðshorni á Þelamörk sem er stórfallegt gæðingsefni.

Níunda í röðinni er Viska frá Skipaskaga með 116 stig og fimm dæmd afkvæmi. Viska er jörp, undan Aðli frá Nýjabæ og Von frá Litlu-Sandvík, en hún hefur reynst afar vel til kynbóta og var undan Kyndli frá Litlu-Sandvík. Ræktandi Visku er Jón Árnason og eigandi er Skipaskagi ehf. Viska er stórmyndarleg og falleg hryssa. Hennar hæst dæmda afkvæmi er Hrókur frá Skipaskaga sem stóð efstur í fimm vetra flokki stóðhesta á síðasta Landsmóti með hvorki meira né minna en 8,86 í aðaleinkunn og 9,05 fyrir hæfileika. Hrókur er fótahár og skrefmikill mýktargæðingur undan Eldjárni frá Skipaskaga. Dóttir Visku, Snekkja frá Skipaskaga undan Skaganum frá Skipaskaga, er skrefmikil og myndarleg alhliða hryssa með 8,5 fyrir brokk og 9,0 fyrir skeið.

Í tíunda sæti er Kolka frá Hákoti með 116 stig og fimm dæmd afkvæmi. Ræktendur hennar eru Markús Ársælsson og Halldóra Hafsteinsdóttir og eigendur eru Hrefna María Ómarsdóttir og Rósa Valdimarsdóttir. Kolka er dökkbrún, undan Íkon frá Hákoti og Þorradótturinni Frá frá Hákoti. Kolka var afar eftirminnileg fyrir fegurð og magnaða framgöngu þegar hún stóð efst í elsta flokki hryssna á Landsmóti 2014 á Hellu. Kolka var einnig efst í fimm vetra flokki á Landsmóti 2011 á Vindheimamelum. Þá var hún í öðru sæti á Landsmóti 2012 í sex vetra flokki. Þessi árangur er auðvitað einsdæmi. Hæst dæmda afkvæmi Kolku er Hátindur frá Álfhólum, undan Ský frá Skálakoti; jafnvígur og hreingengur alhliða hestur. Þá er Hákon frá Álfhólum stólpamyndarlegur hestur með 8,64 fyrir byggingu og í vor var sýnd undan Kolku flugefnileg fjögurra vetra hryssa undan Sólfaxa frá Herríðarhóli, Hátign frá Álfhólum sem fór í fyrstu verðlaun.

Ellefta er Nótt frá Varmalæk með 116 stig og fimm dæmd afkvæmi. Nótt er dökkbrún að lit undan Smára frá Skagaströnd og Tilveru frá Varmalæk, Keilisdóttur. Ræktandi er Björn Sveinsson sem er einnig eigandi Nætur ásamt Magneu K. Guðmundsdóttur. Nótt var sýnd á héraðssýningu á Vindheimamelum árið 2012 og er afar eftirminnileg, eðlishágeng og glæst klárhryssa. Hæst dæmda afkvæmi hennar er Náttfari frá Varmalæk, undan Þráni frá Flagbjarnarholti. Það er magnaður töltari með 9,5 fyrir tölt og 9,0 fyrir samstarfsvilja og fegurð í reið. Þá var sýndur afar efnilegur foli í ár undan henni og Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum, Óðinn frá Varmalæk, með 9,0 fyrir tölt; reistur, léttstígur og hágengur.

Í tólfta sæti er Lukka frá Kálfsstöðum með 110 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins en hún er með 118 stig í aðaleinkunn án skeiðs, og fimm dæmd afkvæmi. Lukka er rauðnösótt, undan Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Rausn frá Kýrholti en sú var undan Þin frá Hólum og hefur skilað mörgum gæðingshrossum. Ræktandi er Ólafur Sigurgeirsson og eigandi eru Kálfsstaðir. Lukka var skrefmikil og öflug klárhryssa sjálf með 9,5 fyrir tölt og 9,0 fyrir brokk, stökk, vilja og geðslag og fegurð í reið. Hennar hæst dæmda afkvæmi er Saga frá Kálfsstöðum undan Hrannari frá Flugumýri II en það er afar jafnvíg og góð alhliða hryssa með 8,55 fyrir hæfileika. Þá er Dreyri frá Kálfsstöðum léttbyggður og flinkur klárhestur undan Trymbli frá Stóra-Ási en hann hlaut 9,0 fyrir samræmi og brokk.

Þetta er afar góður hópur hryssna sem hljóta heiðursverðlaun í ár og taka eigendur þeirra við viðurkenningum fyrir sínar heiðurshryssur á árlegri hrossaræktarráðstefnu fagráðs í hrossarækt sem haldin verður 8. nóvember næstkomandi.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands 2025

Verður haldinn laugardaginn 1. nóvember kl. 10:00 í Landbúnaðarháskólanum Keldnaholti, Reykjavík.

Skrá þarf þátttöku í síðasta lagi miðvikudaginn 29. október á info@icelandeider.is

Stjórnin

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS







Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

Land og skógur

AUGLÝSIR STYRKI TIL VARNA GEGN LANDBROTI

Við forgangsröðun verkefna verður m.a. höfð hliðsjón af verðmati þess lands eða mannvirkja sem landbrotið ógnar.

ATH, eldri umsóknir eru í gildi og þarf ekki að endurnýja

Umsóknarfrestur er til og með
9. janúar 2026

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Einarsson í tölvupósti: **sigurjon.einarsson@landogskogur.is** eða í síma: **856-0432**, www.landogskogur.is

Land og skógur

Fuglar:

Harðasti nagli norðursins í vanda

– Snjótittlingum fer fækkandi

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Snjótittlingi hefur fækkað á bilinu tvö til fimm prósent árlega á sunnanverðu hálendi Íslands frá árinu 2002.

Fuglum er að fækka á norðurslóðum meðal annars vegna taps á búsvæðum og vegna loftslagsbreytinga. Snjótittlingur (Plectrophenax nivalis) er dæmi um tegund sem verpur allt í kringum norðurheimskautið og finnst hann aðallega í varpi í hraun- og mosavistum þótt hann geti einnig orpið í mannvirki eins og stíflur, kofa o.s.frv.



Böðvar Þórisson.

Böðvar Þórisson, líffræðingur og verkefnastjóri á rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi, hefur rannsakað varpstofn snjótittlinga á suðurhálendinu frá árinu 2020. „Snjótittlingi hefur fækkað mjög víða, t.d. um allt að 64% í Norður-Ameríku á 40 árum (1996–2006). Hér á landi hafði snjótittlingurinn lítið verið rannsakaður, og því ekki vitað hver staða hans var, en bæði fuglaáhugafólk og fuglafræðingar töldu þó að honum væri að fækka hér á landi. Það var því löngu kominn tími til að kanna hver staða snjótittlings væri," segir Böðvar.

Hann útskýrir að Náttúrufræðistofnun (NÍ) hafi gert viðamiklar talningar á fuglum á hálendinu í kringum síðustu aldamót og voru því til talningar sem hægt var að bera saman við. Sumrin 2021–2025 voru talningar NÍ á suðurhálendi landsins endurteknar en jafnframt var talið í stíflum uppi á hálendinu á vatnasviði Þjórsár á árunum 2020–2024 en til voru eldri talningar frá 1996 og 2002.



Syngjandi snjótittlingskarlfugl. Snjótittlingurinn er einkennisspörfugl á auðnum og í fjalllendi. Er fremur lítill. Karlfugl í sumarbúningi, sólskríkjan, er snjóhvítur, nema svartur á baki, axlarfjöðrum og vængbroddum, á veturna líkist hann kvenfugli. Á sumrin er kvenfuglinn ljósbrúnn, ljósari að neðan, með dökkt bak og yfirvængi með ljósum vængbeltum, svipuð en dauflitari á veturna. Er með rauðbrúnar kámur á höfði og bringuhliðum. Hvítir vængreitir áberandi árið um kring á fljúgandi fuglum. (fuglavefur.is).
Mynd / Tómas G. Gunnarsson

Bendir til fækkunar á landsvísu

„Niðurstöður sýna að snjótittlingi hefur fækkað um 5% árlega við Kvíslaveitur frá 2002–2024 og í stíflum á vatnasviði Þjórsár um 2% árlega. Nýleg stofnvísitala fyrir snjótittling út frá vetrartalningum sýnir svipaða fækkun," segir Böðvar.

Á Íslandi verpi um 136.000 pör og um 83% af varpstofninum er á hálendinu. „Það lítur því ekki allt of vel út fyrir þennan nagla en taka verður fram að sumarathuganir voru gerðar á suðurhálendinu og vitum við því ekki hvernig stofninn er að hegða sér annars staðar þó að niðurstöður vetrarfuglatalninga bendi á að þetta eigi við allt landið," segir hann.

Þrátt fyrir viðamiklar rannsóknir erlendis sé ekki ljóst hvað það er sem valdi fækkuninni. „Það er þó vitað að snjótittlingur á erfitt með að kæla sig í góðu veðri, en hans eina leið er þá að draga úr sínum daglegu athöfnum og hvíla sig. Þetta gæti komið niður á öflun fæðu fyrir unga, og þá lifun unga. Mögulega eru því loftslagsbreytingar (lofthiti) að hafa áhrif en eins og er þá vantar gögn til að sannreyna þessa tilgátu," segir Böðvar jafnframt.

Hann segir því ekki bjartar horfur fyrir snjótittling á hálendi landsins, bæði hvað varðar loftslagsbreytingar og röskun á búsvæðum. „Klettur eða urð getur þýtt rúmmetrar í efnisvinnslu fyrir manninn en eru mögulega híbýli snjótittlings og unga hans. Við stoppum ekki loftslagsbreytingar á einni nóttu en gætum verndað búsvæði fuglanna okkar," segir hann enn fremur.

Frekari rannsókna þörf

Spurður um framhaldsrannsóknir segir Böðvar að gott væri að halda áfram með talningar á snjótittlingi á hálendinu og telja þá mun víðar, en það krefjist meiri mannafla. „Einnig væri áhugavert að skoða hvaða fæðuval hans, og hvernig mismunandi hitastig og fjarlægð í fæðu, hefur áhrif á getu hans til að afla fæðu fyrir ungana. En þetta eru tímafrekar athuganir og krefst sérstaks verkefnis og fjármagns. Það dugar ekki að bjóða fjölskyldumeðlim að vakna eldsnemma og fara í sunnudagsrúnt upp á hálendi 12–18 tíma til að athuga hvað snjótittlingur er að éta!" bætir Böðvar sposkur við.

Um verkefnin fram undan segir hann haustið og veturinn fara í að skipuleggja næsta sumar eins og t.d. hvort tími og fjármagn sé til fyrir meiri rannsóknir á hálendinu. „En aðallega fer minn tími núna í að klára gagnaskráningu eftir sumarið og vinna úr þeim gögnum. Ég held utan um gagnagrunna um vaðfugla sem hafa verið merktir með litmerkjum. Þeir hafa sést í tugþúsundir skipta í útlöndum svo það er talsverð vinna að halda utan um ævisögur þeirra og svara athugendum. Þessi gögn eru notuð til að skoða fjölmarga þætti í vistfræði þessara fugla en því miður þá eru blikur á lofti með suma af þessum stofnum," segir Böðvar að endingu. */sá*



Snjótittlingskarlfugl með æti fyrir unga, við Þjórsárstíflu. Flug snjótittlings er hratt og bylgjótt. Hann tyllir sér á steina, þök og víðar, þó sjaldan í tré. Er afar félagslyndur á veturna en á sumrin eru pör eða fjölskyldur saman. (fuglavefur.is).
Myndir / BÞ



Snjótittlingsungar í hreiðri, vel varðir fyrir afræningjum og rannsakanda. Nýfleygir ungar eru allir gráleitir og án vængbelta.



Samsett mynd: Uppi til vinstri er klettur við Þúfuversstíflu og ör bendir á hreiðurstað. Niðri til vinstri er sýnt inn í sprunguna en þar eru göng að hreiðrinu. Hreiðrið sést þó ekki því það er of langt inni. Böðvar Þórisson er svo að reyna að taka mynd af þessu með gopro-myndavél án þess að detta fram af hamrinum.

Laxness um snjótittlinginn:

„... *Séra Jón:* ... Nema guð hefur þann kost að það má fá honum sæti hvar sem er; í hverju sem er.
Umbi: Til að mynda í nagla?
Séra Jón, orðrétt: Í skólakappræðum var stundum lögð fram sú spurníng hvort guði sé ekki ómáttugt að skapa svo þúngan stein að hann geti ekki tekið hann upp. Oft finst mér almættið vera einsog snjótitlíngur sem öll veður hafa snúist í gegn. Svona fugl er á þýngd við frímerki. Samt fýkur hann ekki þó hann standi útá berángri í fárviðri. Hafið þér nokkurntíma séð hauskúpu af snjótitlíngi? Hann beitir þessu veikbygða höfði mót veðrinu, með gogginn við jörð, leggur vængina fast uppað síðunum, en stélið vísar upp; og veðrið nær ekki taki á honum heldur klofnar. Jafnvel í verstu hrinunum bifast fuglinn ekki. Hann er staddur í logni. Það hreyfist ekki einusinni á honum fjöður.
Umbi: Hvernig vitið þér að fuglinn sé almættið en ekki vindurinn?
Séra Jón: Af því frostbylur er sterkasta afl á Íslandi en snjótitlíngur vesalastur af öllum hugdettum guðs.
... Um snjótitlíng hef ég aungvu að bæta við það sem ég sagði um daginn við úngan mann sem var að leita að sannleikanum: ef til er almætti í himingeimnum, þá er það í snjótitlíngum. Hvað sem á dynur, snjótitlíngurinn lifir af; stórhríðarnar eru ekki fyr um götur geingnar en hann er orðinn sólskríkja."

Kristnihald undir Jökli, Halldór Kiljan Laxness, Helgafell, 1968.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Ísland fulltengt



Eyjólfur Ármannsson.

Síðsumars ferðaðist ég um landið og var með opna íbúafundi í öllum landshlutum, þar sem ég ræddi við heimamenn um stöðu innviða, með áherslu á samgöngur og fjarskipti. Umræðurnar voru mikilvægt innlegg í stefnumótun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Á flestum íbúafundum var bent á áskoranir í fjarskiptum, einkum frá íbúum og fulltrúum í dreifbýlli sveitarfélögum. Samstaða er innan ríkisstjórnar um að tryggja þurfi góð fjarskipti í allri byggð og þar sem fólk er á ferð á farartækjum eða tveimur jafnfljótum. Ákall fólks um góð fjarskipti er einfaldlega óháð búsetu.

Á íbúafundunum sagði ég frá þeim árangri sem náðst hefur. Styrktri ljósleiðaravæðingu sveitanna lauk fyrir nokkrum árum og við munum ljúka sambærilegri uppbyggingu þar sem markaðsbrestur er í öllu þéttbýli á kjörtímabilinu. Sama gildir um samfellda farsímaþjónustu á öllum stofnvegum á láglendi.

Í dag nær 4G til 99,9% allra heimila í landinu og 5G til rúmlega 96% og fer vaxandi. Þau heimili sem standa verst og eiga ekki kost á a.m.k. 10 Mb netsambandi, geta fengið slíka þjónustu fyrir milligöngu Neyðarlínunnar.

Þessar aðgerðir og sá árangur sem við höfum náð í almennu aðgengi að fjarskiptum byggja á samspili margra aðila. Annars vegar á grundvelli viðskiptasjónarmiða og regluverks, og hins vegar á stuðningi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli markaðsbrests.

> Í dag nær 4G til 99,9% allra heimila í landinu og 5G til rúmlega 96% og fer vaxandi.

Fögnum framþróun

Við lifum á tímum fordæmalausrar tækniþróunar, þó sitt sýnist hverjum um það hvað teljist góð fjarskipti frá einum tíma til annars. Þegar ADSL kom í þéttbýlið sat sveitin eftir með ISDN. Sú staða þótti ómöguleg. Þegar ljósleiðari kom síðar í sveitirnar sat þéttbýlið að mestu eftir með ljósnet. Það þótti einnig ómögulegt til frambúðar. Þessari þróun í þráðbundnum nettengingum mun með tímanum ljúka með niðurlagningu koparkerfisins á öllu landinu.

Nú stendur yfir átak fjarskiptafyrirtækja, sveitarfélaga og innviðaráðuneytisins í ljósleiðaravæðingu í öllu þéttbýli. Því ljúkum við á kjörtímabilinu. Það er ekki lengur spurning hvort ljósleiðarinn komi, heldur hvenær.

Sambærilegt hefur gerst í uppbyggingu farsímakerfa. Fyrst kom NMT. Þá tók við GSM (2G), þá 3G, svo 4G og síðast 5G. Eins og fólk þekkir þarf oftast nýjan farsíma til að geta nýtt nýja kynslóð farsímakerfa. Við munum ljúka niðurtöku allra GSM og 3G kerfa hér á landi fyrir næstu áramót. Þetta er gert á grundvelli skilyrða sem Fjarskiptastofa setti og mun fylgja eftir. Eftir standa 4G og 5G kerfin. Þau eru afkastameiri, fullkomnari og yfirleitt langdrægari.

Farsímar, öryggiskerfi, posar, mjaltaþjónar og önnur nettengd tæki sem ekki styðjast við 4G eða 5G munu missa samband. Þess vegna er mikilvægt að huga tímanlega að uppfærslu eða útskiptingu slíkra tækja. Á vef Fjarskiptastofu er hægt að tilkynna um mögulega skerðingu á farnetsþjónustu og fá leiðbeiningar um úrræði.

Alþjónusta sem öryggisnet

Stjórnvöld fólu Neyðarlínunni árið 2024 að tryggja svokallaða alþjónustu í fjarskiptum á öllum lögheimilum/vinnustöðum með heilsársbúsetu eða -starfsemi. Talið var að um 100 slíkar byggingar víðs vegar um landið væru undir lágmarksviðmiði um 10 Mb/s netsamband um aðallega ljósleiðara eða 4G farnet. Neyðarlínan hóf því skipulegar úrbætur gagnvart slíkum byggingum með fjármögnun frá ríkinu. Komi á daginn eftir niðurlagningu GSM og 3G að slíkar byggingar eigi ekki kost á umræddri lágmarksþjónustu, verður þeim einfaldlega bætt við alþjónustuverkefni Neyðarlínunnar.

Eintengdir byggðakjarnar

Öll fjarskipti til og frá nokkrum þéttbýlisstöðum fara um einn ljósleiðarastreng. Við rof á slíkum strengjum verða staðirnir sambandslausir sé ekkert varasamband fyrir hendi. Þessi alvarlega staða kom upp á Skagaströnd síðasta vetur og er víti til varnaðar. Við getum öll verið sammála um að langvarandi fjarskiptaleysi er óboðlegt í nútímasamfélagi sé hjá því komist. Ég tel tímabært að leggja grunn að raunhæfum aðgerðum til að minnka líkur á slíku.

Farnet á tengivegum og fjölförnum svæðum

Á íbúafundum í sumar var fólki einnig tíðrætt um skort á farsímasambandi á vissum tengivegum. Fram kom að uppbygging gagnvart stofnvegunum sé mikilvæg og brýn. Ekki megi þó undanskilja helstu tengivegi í umræðu um bætt farsímasamband á vegum á grundvelli umferðaröryggis. Eins kom fram að bæta þurfi farsímasamband víða á ferðamannastöðum svo fólk í neyð geti hið minnsta haft samband við 112. Ég tek heilshugar undir þessi sjónarmið og tel einnig tímabært að huga að skynsamlegum lausnum við þessum áskorunum.

Ísland fulltengt

Uppbyggingu ljósleiðara og farnets í allri byggð og á stofnvegum mun ljúka á kjörtímabilinu. Á landsvæðum og vegum utan markaðssvæða kunna nýjungar í fjarskiptum um gervihnetti að bæta stöðuna þó óvíst sé hvenær, sérstaklega þar sem ekki finnast aðrar ásættanlegar leiðir í millitíðinni.

Við sem samfélag viljum einfaldlega góð og áfallaþolin fjarskipti fyrir allt landið, vegina, atvinnulífið og heimilin – Ísland fulltengt.

Höfundur er innviðaráðherra.

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20“ eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707 Gámatjöld

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144



Hvað þarf að hafa í huga við skipti yfir í LED-ljós í gróðurhúsum?

Á fundinum „*Orkumál og staða garðyrkjubænda*“ á 156. löggjafarþingi – 21. fundi þann 27. mars 2025 – kom fram að mikilvægt sé að skipta yfir í LED ljós í gróðurhúsum. Því langar mig að vekja athygli á nokkrum mikilvægum eiginleikum LED lampa sem vert er að hafa í huga við slíkar breytingar.

Ráðleggingar byggðar á niðurstöðum tilrauna

Upplýsingarnar hér byggja á þeim grunni að Landbúnaðarháskóli Íslands hefur í meira en 15 ár framkvæmt umfangsmiklar tilraunir með viðbótarlýsingu yfir vetrartímann. Meðal annars hafa verið gerðar fjölmargar tilraunir með mismunandi gerðir LED ljósa, auk mismunandi grænmetistegundir og jarðarber. Því liggur nú fyrir víðtæk og faglegt þekking af notkun slíkra ljósa. Niðurstöður allra tilrauna benda mjög skýrt til þess að ekki sé mælt með eingöngu LED lýsingu:


Christina Stadler.

- HPS ljós veita viðbótarhita í gróðurhúsum. Þegar skipt er yfir í LED ljós þarf að aðlaga hitastigið (bæði lofthita og undirhita), þar sem minni blaðhiti og jarðvegshiti getur annars vegar valdið seinkun í vexti og uppskeru. Þar sem garðyrkjubændur rækta í gróðurhúsum með mismunandi eiginleikum, er ekki sjálfgefið að sömu stillingar henti í öllum húsum. Eingöngu notkun LED ljósa getur einnig skapað erfiðleika við að viðhalda nægilegum hita fyrir viðkvæmari tegundir á köldum dögum.
- Vöxtur plantna er undir áhrifum frá LED ljósum. Plöntur verða þéttvaxnari þegar þær eru ræktaðar undir LED ljósum samanborið við HPS ljós. Hjá jarðarberjum eru bæði klasar og blöð styttri undir LED lýsingu. En gæði jurta, blóma og grænmetis sem ekki eru háð ræktun á háum vír gætu hins vegar aukist við notkun LED ljósa.
- Uppskera undir eingöngu LED ljósum er ekki meiri en undir HPS ljósum. Reyndar reyndist uppskera jarðarberja sambærileg, en salat gaf allt að ¼ minni uppskeru undir LED ljósum. Því er frekar mælt með notkun blandaðrar lýsingar (hybrid lýsingar) í stað þess að nota eingöngu LED ljós. Þá er einnig æskilegra að nota LED ljós sem topplýsingu fremur en millilýsingu. Mikilvægt er að stilla rétt hlutfall LED og HPS ljósa miðað við vaxtarstig og þær tegundir sem ræktaðar eru. Í sumum tilfellum getur verið ráðlegt að breyta ljósgjöfum á mismunandi stigum vaxtarferlisins til að hámarka bæði uppskeru og gæði. Besti árangur í uppskeru og á lit rauðs salats náðist þegar það var ræktað allan vaxtartímann undir HPS ljósum, en færð yfir í LED ljós síðustu vikuna fyrir uppskeru.
- Erfiðara getur verið að greina meindýr og sjúkdóma á plöntunum þegar eingöngu er notuð LED lýsing.
- Það var hægt að viðhalda raforkukostnaði eða jafnvel draga úr daglegri orkunotkun um allt að 50% við samanburð á HPS og LED lýsingu. Hins vegar þarf að hafa í huga að tilraunirnar voru gerðar áður en umfangsmiklar hækkanir á raforkuverði áttu sér stað. Fjárfestingarkostnaður í LED ljósum er töluvert hærri en í HPS ljósum, þannig að heildarkostnaður vegna ljósatengdrar notkunar (raforka og ljósbúnaður) var ekki minni með LED ljósum.
- Vinnuskilyrði undir LED ljósum á dimmasta tíma ársins eru sérstaklega erfið. Þetta stafar af því að þéttari vöxtur plantna undir LED ljósum gerir bæði umhirðu plantanna á háum vír og uppskeru jarðarberja erfiðari. Að auki er litamunur ekki greinilegur, sem gerir það erfitt að meta hvort berin séu orðin þroskuð og hæf til sölu. Ef LED lýsing er notuð í bland við aðra lýsingu, minnkar áhrif LED ljósanna á sjónina. Vinnan við tómatar og grænmeti almennt (svo sem agúrka og papriku) er ekki jafn krefjandi og við berin.
- Við vinnu við eingöngu LED ljós er nauðsynlegt að nota sérhæfð gleraugu sem draga úr áhrifum rauða ljóssins.



Samanburður Íslands við önnur lönd

Það þarf að hafa í huga að á Íslandi er í raun ekkert náttúrulegt ljós í gróðurhúsum frá lok september til mars, og því er viðbótarlýsing algjörlega nauðsynleg til að rækta allt árið um kring. Hins vegar, ef ræktað er á suðrænum slóðum, má gera ráð fyrir mun meiri náttúrulegra ljósi, og því er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður frá slíkum svæðum beint til Íslands.

Ályktun

Eins og áður hefur komið fram, er margt sem þarf að hafa í huga varðandi val á ljósgjöfum, og það er ekki mælt með því að skipta HPS lömpum út fyrir LED ljós að svo stöddu. Ástæða þess er sú að frekari vísindalegar tilraunir eru nauðsynlegar.

Til þess er mikilvægt að koma upp aðstöðu fyrir tilraunagróðurhús fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands. Til viðbótar þarf að tryggja fjármagn til fleiri ára til þess að vísindamenn geti framkvæmt þær tilraunir sem þarf með LED ljósum. Niðurstöður þessara tilrauna munu veita garðyrkjubændum grundvöll til framtíðarákvarðana.

Þangað til er frá hagkvæmnisjónarmiði best að einbeita sér að öðrum þáttum en skiptingu ljósgjafa, svo sem að viðhalda viðeigandi hitastillingum, auka ljósastig og velja góð yrki, til að hámarka uppskeru og framlegð.

Til að kynna sér frekari niðurstöður

Til að kynna sér niðurstöður úr tilraunum sem Landbúnaðarháskóli Íslands hefur nú þegar framkvæmt og voru meðal annars birtar í Bændablaðinu eru hér að neðan upplýsingar um útgefið efni þar sem hægt er að fræðast frekar um niðurstöður úr LED tilraunum:

Stadler, C., 2022: Er hægt að bæta afkomu af HPS ljósum eða mun það borga sig að fjárfesta í LEDs? – Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsatómataræktun að vetri. Bændablaðið 19. tölublað, 20.10.2022, Blað nr. 620, 46-47.

Stadler, C., 2021: Skiptir ljósgjafi í forræktun máli í áframhaldandi ræktun og hvaða lýsingarmeðferð er þá mælt með? Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsatómataræktun að vetri. Bændablaðið 22. tölublað, 18.11.2021, Blað nr. 599, 48.

Stadler, C., 2021: Hvaða ljósgjafa er mælt með í forræktun? Nýjustu niðurstöður úr forræktun af tómötum, papriku og agúrkum að vetri. Bændablaðið 8. tölublað, 29.04.2021, Blað nr. 585, 53.

Stadler, C., 2020: Hvaða ljósgjafa og staðsetningu á ljósum er mælt með? Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsatómataræktun að vetri. Bændablaðið 17. tölublað, 10.09.2020, Blað nr. 570, 48.

Stadler, C. & Hrafnkelsson, B. H. Bl, 2020: Vinnuskilyrði undir LED ljósum – tómatar. Bændablaðið 12. tölublað, 18.06.2020, Blað nr. 565, 44.

Stadler, C., 2020: Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsajarðarberjaræktun að vetri: Er lausn að hækka hitastigið þegar skipta á HPS lömpum út fyrir LED? Bændablaðið 2. tölublað, 23.01.2020, Blað nr. 555, 32-33.

Stadler, C. & Hrafnkelsson, B. H. Bl, 2019: Vinnuskilyrði undir LED-ljósum. Bændablaðið 03. tölublað, 14.02.2019, Blað nr. 532, 41.

Stadler, C., 2018: Eiga garðyrkjubændur að skipta HPS-lömpum út fyrir LED? – Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsajarðarberjaræktun að vetri. Bændablaðið 20. tölublað, 18.10.2018, Blað nr. 525, 44.

Stadler, C., 2017: Salatræktun undir LED ljósi. Bændablaðið 12. tölublað, 22.06.2017, Blað nr. 493, 45.

Höfudnur er lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Áskorun til innviðaráðherra

(fundur á Hótel Hilton Nordica 2. október 2025)

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á innviðaráðherra að draga til baka tillögu innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna minnstu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags.

Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa mótmæla harðlega þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Frumvarpið sýnir mikla óvirðingu við íbúa minni sveitarfélaga og óþolinmæði gagnvart þróun sem er í gangi. En nokkur af fámennustu sveitarfélögunum hafa þegar sameinast eða samþykkt sameiningu, s.s. Akrahreppur, Skagahreppur, Svalbarðshreppur og Skorradalshreppur. Önnur eiga í viðræðum á misjöfnu stigi og getur frumvarpið haft afar neikvæð áhrif á anda þeirra viðræðna og mögulegra sameininga.

Undirritað og afgreitt í sveitarstjórnum 6.–9. október 2025.

	Sveitarfélag:		
1	Flóahreppur	Árni Eiríksson	oddviti
2	Langanesbyggð	Sigurður Þór Guðmundsson	oddviti
3	Fljótsdalshreppur	Jóhann F. Þórhallsson	oddviti
4	Grýtubakkahreppur	Gísli Gunnar Oddgeirsson	oddviti
5	Skeiða og Gnúpverjarhreppur	Haraldur Þór Jónsson	oddviti
6	Árneshreppur	Eva Sigbjörnsdóttir	oddviti
7	Tjörneshreppur	Aðalsteinn J. Halldórsson	oddviti
8	Svalbarðsstrandahreppur	Anna Karen Úlfarsdóttir	oddviti
9	Kjósahreppur	Jóhanna Hreinsdóttir	oddviti
10	Vopnafjarðarhreppur	Axel Örn Sveinbjörnsson	oddviti
11	Grímsnes og Grafningshreppur	Ása Valdís Árnadóttir	oddviti
12	Ásahrepps	Ísleifur Jónasson	oddviti
13	Skagaströnd	Halldór Gunnar Ólafsson	oddviti
14	Súðavíkurhreppur	Bragi Thoroddsen	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar
15	Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson	oddviti
16	Skaftárhreppur	Jóhannes Gissurason	oddviti
17	Hrunamannahreppur	Jón Bjarnason	oddviti
18	Hörgársveit	Axel Grettisson	oddviti
19	Reykhólahreppur	Ólafur Þór Ólafsson	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.






KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484



Ársfundur RML

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

Ársfundur RML verður haldinn á **Hótel Vesturlandi í Borgarnesi**, fimmtudaginn 30. október.

Fundurinn hefst kl 13:30 en boðið er upp á súpu klukkan 13:00

Dagskrá:
- **Skýrsla stjórnar**
- **Kynning á starfsemi RML**
- **Kynnt verða verkefnin:**
  - Orkunýting í ylrækt
  - CyberGrass 2.0 - Hámörkun á magni og gæðum uppskeru með notkun fjölrásafjarkönnunarmynda
  - Nýr Worldfengur
- **Almennar umræður um málefni félagsins**

Áætluð fundarlok um kl. 15:30

Streymt verður frá fundinum en við hvetjum þá bændur sem hafa tækifæri til að mæta á staðinn.



FAGMENNSKA - LIPURÐ – FRAMSÆKNI - SAMVINNA

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6-2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvalögn
- Strikfrí dekk

Hafðu samband **Adolf Þ. Andersen** í **590 5135** eða **adolf@klettur.is** og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.

KLETTUR

www.klettur.is —— 590 5100

Að fara í stríð við sjálfan sig

„Hvern dag sem þú lifir, hefur þú áhrif á veröldina. Þú hefur val um það, hver þau áhrif eru.“

Þessi orð Jane Goodall eru kannski þau mikilvægustu sem við getum tileinkað okkur í umgengni okkar við náttúruna, samfélagið og hvert annað. Ábyrgðin liggur einungis hjá okkur sjálfum. Við gætum eytt tímanum í að setja út á aðra og benda á það sem stór fyrirtæki, stjórnvöld eða þjóðfélagshópar ættu að vera að gera til þess að sporna við hnignun lífríkisins og loftslagsbreytingum, en það er ef til vill bara forðun.


Rakel Hinriksdóttir.

Jane lést fyrir skömmu, 91 árs að aldri, eftir langa og viðburðaríka ævi sem vísindakona og baráttumanneskja fyrir náttúru og lífríki. Hún náði til fólks um allan heim og sýndi í verki hvað manneskjan er í raun og veru samofin öllu öðru lífi á jörðinni. Hennar skilaboð voru í raun einföld: Að rækta tengslin við náttúruna og Jörðina, lifa hvern dag í hófsemi, mildi, með virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og bera ábyrgð á eigin neyslu og vali hvern einasta dag. Hún skammaði ekki, þóttist ekki vita allt og af henni geislaði umhyggja. Mannvera í sinni tærustu mynd.

Leggur ekkert inn, tekur bara út

Við eigum það til að setja okkur á háan hest, viljum móta Jörðina eftir okkar höfði og höldum að hún geti veitt okkur endalausar auðlindir og orku til þess að líf okkar geti verið gott. En staðreyndin er sú að Jörðin er ekki botnlaus brunnur sem hægt er að ganga um eins og okkur sýnist. Frá árinu 1970 hefur villtu dýra- og plöntulífi hnignað um 73%, samkvæmt skýrslu World Wildlife Fund. Það er okkar sök, það fer ekki á milli mála.

Hér heima glymja háværar raddir um allt. Orkuskortur. Græn orka. Við verðum að búa til græna orku til þess að komast nær kolefnishlutleysi, og það helst í gær. Og hvernig ætlum við að gera það? Jú, virkjum fallvötnin okkar, drekkjum stórum svæðum undir lón og setjum öll vistkerfi fljótanna í uppnám. Byggjum vindmyllur og vonum bara að hafernir og aðrir fuglar hafi vit á að færa sig annað eða fljúga hærra. Það er meira en nóg til af öllu sem til þarf á Íslandi. Þó að við fórnum vistkerfunum sem hafa lifað í jafnvægi á virkjunarsvæðum hingað til, þá gerir það varla neitt til.

En hvernig í ósköpunum bjargar maður einhverju með því að eyðileggja það meira?

Ræður skammtímahugsun ferðinni?

Er kannski, mögulega, verið að nota hlýnun jarðar og loftslagsvandann til þess að fá leyfi til þess að skemma meira? Græða meira og belgja út vel valda vasa bæði hérlendis og erlendis? 85% af orku sem við erum að búa til nú þegar, fer rakleitt til stóriðju og gagnavera. Jú, einhverjir fá vinnu, og hagvöxturinn gleðst. En svo er verksmiðjunni lokað. Einhvern tímann gerist það, og lítil samfélög sem hafa reitt sig á hana lamast.

Margir halda að það sé ekkert mál að stífla fljót. Þetta er bara rennandi vatn. Sumir ganga svo langt að horfa á beljandi stórfljót og sjá bara tapaða orku og tapaðan gróða, að leyfa slíku fljóti að renna óbeisluðu. Aðeins þriðjungur af ám og fljótum heimsins renna frjálst og þeim fer ört fækkandi. Reynslan sýnir að virkjun í á hefur gríðarleg áhrif á margt – fiskarnir geta hætt að koma upp árnar, til dæmis. Framburður árinnar breytist og hefur áhrif á landslagið. Virkjunin raskar jafnvægi vatnasvæðisins, sem hefur fengið að vera ósnert í þúsundir ára.

Á Íslandi eigum við ekki óteljandi fljót og vatnsföll. Í heiminum sem við lifum í núna, þar sem líffræðilegum fjölbreytileika fer hnignandi með ógnarhraða, er á sem rennur óbeisluð gífurlega dýrmæt í stóra samhenginu.


Við höfum val um að standa með þessum fjársjóði, og nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að fleiri stígi upp og velji verndun í verki.

Út í veður og vind

Vindmylluhavaríið er svo algjörlega óþarfi á landi eins og okkar, en á Íslandi eru 43% af öllum ósnortnum víðernum í allri Evrópu. Það er fjársjóður sem við eigum að vera stolt af, og í mínum villtustu draumum skiljum við það öll og tökum höndum saman um að vernda þessi svæði. Hálendið okkar, jöklana, óbyggðu skagana, dalina og fjöllin. Vindmyllur sem á að reisa á Íslandi eru til dæmis um 160 metra háar, eða u.þ.b. tvær Hallgrímskirkjur (a.m.k. þær sem á að reisa í Garpsdal). Þær sjást um óravegu og þar með er ekki lengur hægt að tala um ósnortin víðerni, ef það sést til mannvirkja.

Svo eru vindmyllurnar svarnir óvinir fuglalífs – og við erum nú þegar á hálum ís gagnvart fuglunum sem ungt eyland úti á ballarhafi. Hér eru aðeins 300 tegundir fugla sem eru ýmist far- eða staðfuglar en þau lönd í heiminum sem hýsa hvað flestar fuglategundir eru með hátt í 2.000 tegundir á sínum lista. Við erum mikilvægur áfangastaður fyrir ýmsa farfugla sem eru í útrýmingarhættu og höfum gert alþjóðlega samninga þar sem við lofum að vernda þessar tegundir. Hafernirnir okkar eru líka mjög viðkvæmur stofn og ansi stutt síðan þeir voru í mikilli útrýmingarhættu. Engan langar að vakna upp við það að heiðlóan hætti að syngja inn vorið.

Stækkum gullnu regluna

Ég byrjaði þennan pistil á því að vitna í Jane Goodall. Gullnu regluna hennar. Þetta er náttúrlega ekki hin kristna gullna regla sem við lærðum mörg hver í sunnudagaskólanum – en nátengd henni. Í rauninni er þetta bara gullna reglan í víðari merkingu. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig – nema núna á hún ekki bara við um samferðafólk okkar, heldur náttúruna líka. Allt og öll sem búa saman á Jörðinni.

Jane talar um valið. Val sem við höfum alla daga, um það hvernig við komum fram við umheiminn. Mitt val er að vera náttúruverndarsinni. Ég tek líka fullt af öðrum ákvörðunum allan daginn, alla daga, og oft eru þær ekki skynsamlegar þó ég reyni að gera mitt besta.

Náttúran þarf raddir

Þegar kemur að náttúru Íslands, þá er mitt val að vernda hana. Eins og ég kom inn á í pistli þessum á hún undir högg að sækja, og þarf svo sannarlega á því að halda að fleiri velji að standa með henni í verki. Í heimi fullum af upplýsingaóreiðu og skautun er skiljanlegt að það sé erfitt að taka afstöðu, það er auðveldara að loka augunum fyrir stórum ákvörðunum og vona það besta. En einn daginn gætum við vaknað upp og það eru stíflur í öllum fljótum. Hvergi hægt að ganga um hálendið án þess að sjá glitta í vindmyllu. Engin lóa að kveða burt snjóinn. Eins og æðibunugangurinn í stjórnvöldum og hagvaxtarhjólunum er núna, er þetta því miður ekki útilokuð sviðsmynd.

Vegna þess að þessi öfl fá aldrei nóg. Aldrei.

Veldu náttúruna alla daga

Mig grunar að á Íslandi sé náttúruvernd okkur samofin inn að hjartarótum, þó margir hafi eflaust líka praktíska hugsun að leiðarljósi. Náttúruvernd snýst ekki um að fordæma allar framkvæmdir alls staðar, heldur forgangsröðun, varfærni og að nýta það sem nú þegar er búið að gera. Það er svo stutt síðan við lifðum sem eitt með landinu og þurftum að bjarga okkur sjálf á þessari eyju. Skapgerð okkar er ýmist hálendisþoka, dýrmætir sólargeislar, stormur eða ljúfur sunnanblær. Styrkinn sækjum við í fjöllin, frelsið í fossana og hugmyndaflæðið í rennandi fljótin.

Við höfum val um að standa með þessum fjársjóði, og nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að fleiri stígi upp og velji verndun í verki. Það þarf ekki að vera stórt. Styrktu náttúruverndarsamtök. Skrifaðu undir undirskriftalista náttúruverndarsamtaka ef þú ert sammála. Hugsaðu um náttúruvernd þegar þú kýst fulltrúa á þing eða í sveitarstjórn. Láttu þig varða um framkvæmdir og verkefni í þinni heimabyggð sem ganga á náttúruna og notaðu röddina þína. Veldu hófsemi, mildi og virðingu fyrir náttúrunni á hverjum degi. Farðu út í íslenska náttúru þegar þú getur og njóttu hennar í þakklæti.

Ég lýk þessum pistli á tilvitnun í aðra dýrmæta vísindakonu sem er horfin af sjónarsviðinu, en áhrifa hennar gætir enn víða. Rachel Carson var bandarískur sjávarlíffræðingur, náttúruverndarsinni og rithöfundur. Hún þreyttist ekki á að vara við afskiptum og inngripum mannsins í náttúruleg kerfi. Hún sagði: „A war against nature is a war against ourselves.“ Á íslensku gætu þau orð hljómað svona: „Að segja náttúrunni stríð á hendur, er að fara í stríð við sjálfan sig.“

Höfundur er formaður SUNN, samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi.



Orkusamfélag, hvað er nú það?

Orkusamfélag er hópur fólks sem sameinast um að taka orkumál sín í eigin hendur að hluta til eða í heild. Slíkum samtökum hefur vaxið fiskur um hrygg í Evrópu á undanförnum árum og er lagalegur grundvöllur þeirra tryggður í Evrópulöggjöf sem þátttakandi á raforkumarkaði. Þannig taka íbúar á tilteknu svæði (allt frá einni blokk, upp í heil hverfi eða landsvæði) sig saman og leysa áskoranir t.d. varðandi húshitun, eða raforkuframleiðslu með sólarorku í slíku samfélagi. Lítið hefur farið fyrir þessari þróun á Íslandi undanfarin ár, en nú með hækkandi raforkuverði í smásölu og flutningskostnaði raforku, sem sannarlega hefur komið við pyngju landsmanna, er þetta möguleiki sem fólk er farið að leiða hugann að.



Ottó Elíasson.



Guðmundur Baldvin Guðmundsson.

Hækkanir á raforkuverði koma sérstaklega illa við fólk sem býr í dreifbýli. Það er nefnilega ekki almenn vitneskja en gjaldskrár dreifiveitna raforku á Íslandi eru tvískiptar, og greiða íbúar utan þéttbýlissvæða allt að 60% hærra verð fyrir dreifingu raforkunnar en íbúar í þéttbýli.[1] Þetta hefur lengi verið bitbein í byggðamálum og kemur þetta fyrirkomulag illa við t.d. garðyrkjubændur sem nota mikla raforku í gróðurhúsum. Þá eru svæði á landinu sem búa ekki við hitaveitu, svokölluð köld svæði, og eru þau mest kynt með raforku. Sums staðar til sveita þar sem ekki hefur þótt svara kostnaði að leggja hitaveitu á bæi er líka kynt með raforku. Í þessum tilvikum margfaldast raforkunotkunin og orkukostnaður verður talsverður hluti af heimilisbókhaldinu, eitthvað sem fólk í þéttbýli sem býr við hitaveitu hugsar alla jafna ekki mikið um. Ráðherra umhverfis, orku og loftslags hefur reyndar sagst ætla að afnema þessa tvískiptingu og yrði þá sama verð fyrir dreifingu um allt land. Undirritaðir hvetja hann eindregið áfram í því að jafna dreifikostnað raforku á landsvísu.

Eitt þeirra svæða þar sem mikið er kynt með rafmagni er Kelduhverfi í sveitarfélaginu Norðurþingi á norðausturhorni landsins. Þar er raunar talsvert heitt vatn að finna en ekki hefur þótt borga sig að leggja í miðlæga hitaveitu. Á dimmasta tíma ársins í byrjun árs 2025, héldu fulltrúar Eims, félags um bætta nýtingu auðlinda á Norðurlandi, fund í Kelduhverfi um orkusamfélög og sólarorku. Fundurinn var haldinn undir merkjum RECET verkefnisins sem styrkt er af LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins og fjallar um orkumál í dreifðum byggðum. Fundurinn var mjög vel sóttur af heimamönnum og í kjölfar hans var boðað til íbúafundar þar sem samþykkt var að stofna félag: Orkusamlag Kelduhverfis. Tilgangur félagsins er að vinna að og leita leiða til að lækka orkukostnað íbúa svæðisins. Meðal þess sem er á dagskrá félagsins er átak í uppsetningum á varmadælum, sem getur dregið stórlega úr raforkuþörf til hitunar í um þriðjung af því sem nýta þarf til beinnar rafhitunar.[2] Þá stendur til að skoða mögulega nýtingu sólarorku til framleiðslu á hverjum bæ og öðlast reynslu af samhliða rekstri varmadæla og sólarorkuvera.

Minni raforkunotkun á köldum svæðum er ekki einungis beinn sparnaður fyrir notendur heldur dregur einnig úr þörf á niðurgreiðslum á flutningskostnaði raforku frá ríkinu sem niðurgreiðir raforkunotkun til húshitunar, enda er það mun dýrara en kynding húsa með hitaveitu. Til að draga úr orkunotkun vegna þessa hefur Umhverfis- og orkustofnun styrkt kaup á búnaði sem dregur úr beinni rafhitun og olíukyndingu.

Víða í Evrópu þar sem lagarammi um orkusamfélög hefur verið innleiddur, er þátttakendum í slíkum félagsskap gert kleift að versla með raforku sín á milli og hafa þannig tekjur af þeim sólarorkuverum sem þau reisa sér á landi sínu eða húsþökum. Sums staðar er veittur afsláttur af dreifigjöldum raforku, ef kaupandi er skammt frá seljanda, enda er þá nýting dreifikerfisins takmörkuð. Sjá mætti fyrir sér að bóndinn sem býr vestan megin í dalnum, og fær þannig morgunsólina úr austri, gæti selt að morgni bóndanum austan megin í dalnum raforku. Að kvöldi snýst svo dæmið við.

Auðvitað er að mörgu að hyggja í þessu samhengi og þurfa upprennandi orkusamfélög að vera í góðu samtali við dreifiveitur raforku um þróun þessara mála. Fyrirhuguð jöfnun dreifikostnaðar á landsvísu mun líka rýra hagkvæmni sólarorkuvera til sveita, sem er ekkert endilega slæmt, en það þarf að skoða vel. Þrátt fyrir það getur samvinna íbúa undir hatti orkusamfélaga á þeim svæðum þar sem raforka er dýrari en í þéttbýli, eða dreifikerfið er veikt, orðið leið til að efla raforkuöryggi og lækka orkukostnað.

Ottó Elíasson er framkvæmdastjóri Eims og Guðmundur Baldvin Guðmundsson er framkvæmdastjóri Orkusamlags Kelduhverfis.

1) Hér er nýtt reiknivél Orkuseturs: https://orkusetur.is/raforka/raforkuverd/#verdsamanburdur. Mestur munur á dreifigjaldi er á verðskrá Norðurorku í þéttbýli og RARIK í dreifbýli. Samanburðurinn þegar kemur að endanlegum orkukostnaði er flóknari, því fastagjald dreifiveitna er einnig mishátt. Sem dæmi þá borgar stór notandi á raforku í dreifbýli (meira en 10.000 kWst/ári eða tvöföld meðalnotkun heimilis), borgar allt að tvöfalt hærra verð fyrir raforkuna en sambærilegur þéttbýlisnotandi.

2) Hér skiptir höfuðmáli nýtnistuðull varmadæla. Að jafnaði má segja að fyrir hverja kWst af raforku sem þarf til að knýja dæluna skilar hún á bilinu 2-4 kWst af varmaorku til hitunar

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu
við verðmöt og sölu á bújörðum
og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali s. 510-3500 eða 615-1020
bjorgvin@eignatorg.is
Syðstu-Mörk, 861 Hvolsvelli
Sími: 510 3500 Eignatorg

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

Led perur fyrir flúrlampa!
3 stærðir:
60 cm - kr. 1.500
150 cm - kr. 1.500
120 cm - kr. 2.000
SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.
Þriggja arma ledljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur.
80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -

Loft í loft
• Fyrir rými af öllum stærðum og gerðum
• Kyndir á veturnar og kælir á sumrin
• Minni hávaði og meiri orkusparnaður
• Möguleiki á endurgreiðslu frá Orkustofnun

Loft í vatn
• Margar stærðir og gerðir af neysluvatnstönkum í boði
• Umhverfisvænn kælimiðill
• Einfalt í uppsetningu
• Allt að 60% lækkun á rafmagnsreikningi

Midea er einn stærsti framleiðandi heims á varmadælum og eru þær sérstaklega framleiddar fyrir norðlægar slóðir
Kælitækni
kaelitaekni.is

ÍSFELL
SNJÓKEÐJUR
Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
isfell.is · sími 520 0500
ÞEKKING · ÞJÓNUSTA · GÆÐI

Sagnaþáttur:

Í fögrum dal



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Kollumúlavatn við Egilssel í Lónsöræfum. Mynd / þh

Í Stafafellsfjöllum inn af Lóni í Austur-Skaftafellssýslu er Víðidalur. Þar hefur enginn búið í nokkuð á aðra öld en á 19. öld voru gerðar tilraunir til að nema þar land og stofna bú. Að endingu gáfust síðustu ábúendurnir upp og hörfuðu neðan úr fjöllunum.

Í ágústbyrjun 1882 reið landkönnuðurinn og jarðfræðingurinn Þorvaldur Thoroddsen með fylgdarmanni sínum Sigfúsi Jónssyni, bónda á Hvannavöllum í Geithellnadal, fram með Hofsjökli hinum eystri, milli jökulsins og Tungutinda, og niður í Víðidal í Stafafellsfjöllum. Á þessum hásumardegi blasti við þeim félögum sannkölluð paradís. Enn var ekki farið að reka fé úr Lóni eða úr Nesjum í Hornafirði í afrétt svo innarlega eins og síðar varð og ekki hafði heldur verið búið í dalnum um langt skeið. Þarna var því ekki skepnu að sjá, hvað þá heldur menn, en gróður hins vegar svo mikill að undrum sætti. Segir Þorvaldur í ferðabók sinni að hann hafi varla „séð þvílíkt á Íslandi“. Og bætir svo við: „Hestarnir óðu alls staðar grasið, víðinn og blómgresið í hné og þar yfir.“ Inn á milli sagði Þorvaldur að væru hvannstóð, sem „tóku manni í hönd“ og „milli þeirra uxu gulviðarhríslur, grávíðir, blágresi, dökkfjólulitir lokasjóðsbræður, sóleyjar og margt fleira“. Þorvaldur bætti hins vegar við að þótt dalurinn væri sannarlega blómlegur sæi hann vart möguleika á búsetu þar „fyrir snjóþyngslum á vetrum og eins af því að aðflutningar eru því nær með öllu bannaðir vegna jökla og öræfa er að dalnum liggja“.

Dvalið í dalakofa

Fylgdarmaður Þorvaldar, Sigfús á Hvannavöllum, var hins vegar annarrar skoðunar. Honum leist svo vel á sig í þessari veröld handan fjallanna að hann fékk leyfi Stafafellsprests til að hefja þar landnám, sá þriðji sem það reyndi á 19. öld. Fyrri tilraunir höfðu báðar runnið út í sandinn, sú síðasta raunar á harmsögulegan hátt. Þótt Sigfúsi væri fullkunnugt um afdrif síðustu ábúenda dalsins lét hann það ekki á sig fá.

Kona Sigfúsar hét Ragnhildur Jónsdóttir og þau áttu einn son uppkominn, Jón, sem varð 19 ára árið 1883 er fjölskyldan reisti bæ og útihús í dalnum á grunni eldri húsa. Var bærinn nefndur Grund. Síðla júní það ár fór fjölskyldan alfarin í dalinn og flutti allt hafurtask sitt, hátt í hundrað hestburði, yfir skörðin inn af Geithellnadal og yfir í Víðidal. Leiðin þarna á milli er um 20 kílómetra löng. Hæst liggur hún í um 750 metra hæð yfir sjávarmáli og ef stysta leiðin er valin liggur ferðin yfir jökul. Hinir austfirsku smájöklar í næsta nágrenni Víðidals, Hofsjökull og Þrándarjökull, voru um þetta leyti á hátindi útþenslu sinnar og jökultilveru en hafa nú látið á sjá. Óðum styttist í skapadægur þeirra.

Feðgarnir Sigfús og Jón bættu svo um betur sumarið eftir og hófu að reisa ný bæjarhús sem voru tilbúin 1885. Í ársbyrjun 1888 féll snjóflóð á elsta hluta bæjarins og gjöreyddi honum svo það var sannarlega lán að fjölskyldan hafði flutt sig um set.

Fyrstu árin var ekki öðrum til að dreifa á Grund en þeim þremur en síðan bættist við vinnufólk. Fyrsta vinnukonan hét Helga Þorsteinsdóttir. Hún varð brátt eiginkona Jóns bóndasonar og eignuðust þau börn og svo réðust fleiri í vist. Ber heimildum saman um að á heimilinu hafi verið fyrirmyndarbragur þegar allt lék í lyndi um 1890. Þegar mest var bjuggu átta á Grund.

Gengið á landið

Helsta heimildin um veru þessa fólks í Víðidal er dagbók Jóns Sigfússonar. Tveimur árum eftir að þau komu að Grund hóf hann ritun hennar og ef fáeinar eyður eru undanskildar (einkum yfir heyskapartímann) skráði hann veður og verk nánast allan búskapartíma fjölskyldu sinnar í dalnum.

Jón greinir til að mynda frá því að hafa reynt að færa björg í bú með veiði. Hann reyndi að fella hreindýr, en það gekk ekki sem best með haglabyssu. Á þessum árum héldu hreindýrin sig líka norðar og innar og of langt var fyrir Víðidalsfólk að fara inn á Eyjabakka á veiðar. Hins vegar var Jón öflug rjúpnaskytta og þau á Grund lögðu rjúpur inn í verslunina á Papósi. Árið 1889 segist Jón hafa skotið 400 rjúpur þann vetur fyrir góulok sem er nú dágóður árangur. Jóni ber hins vegar saman við fleiri heimildir um að einhver kveisa hafi komið upp í stofninum 1893 því þá tók alveg fyrir rjúpur á Austurlandi um nokkurra ára skeið.

Fleira fór svo að bresta í búskapnum. Í dagbókunum er greint frá eldiviðaröflun í Víðidal og um Stafafellsfjöll, á því svæði sem nú er jafnan nefnt Lónsöræfi, þótt enginn hafi kannast við það örnefni á 19. öld. Talar Jón um að „skóga“ sem greinilega þýðir að höggnar eða rifnar eru niður stærri hrískur en einnig greinir hann frá viðarkolagerð sem jafnan fer fram fyrir slátt eða eftir slátt, þá „kurlar“ hann. Sömuleiðis segir hann frá eldiviðarferðum á vetrum þegar „sprek“ eru tínd og svo er rifið upp lyng og tíndur mosi til að kynda undir pottunum.

Að auki var túnið á Grund stækkað. Þar sem blóm og víðir uxu áður við gömlu tóttirnar á Grund voru þúfur burtsniðnar og runnarnir rifnir upp til að fá töðu fyrir kýrnar. Grundarfólk var jafnan með eina til tvær kýr þótt Jóni virðist hafa verið lítt um slíkar skepnur gefið, enda voru það afurðir af sauðfénu: ullin, skrokkarnir og gærurnar sem búið gat selt. Fjárbúskapurinn treysti fyrst og fremst á útibeit því heyfengurinn var rýr. Það rétt hafðist að berja saman 50 hesta af heyi hvert sumar þar sem hver skiki og reitur var sleginn. Þetta var ekki merkilegt fóður, blandið alls kyns blómvexti og víðitágum. Til samanburðar má ráða að á fyrri hluta 20. aldar, áður en vélvæðing sveitanna hófst fyrir alvöru, voru 300 til 400 hestar taldir eðlilegur heyfengur á meðalbúi.

Þegar Þorvaldur Thoroddsen kom aftur í dalinn 1894, tólf árum eftir fyrstu heimsókn sína í þennan unaðsreit, brá honum því illilega. „Ræktunin og fjárbeitin er algerlega búin að breyta Víðidal,“ segir hann og bætir við: „Þó túnið sé stórt, þá fást aðeins af því 40 hestar. Það er snögglent, grasið gisið og sést í mold milli stráa.“ Þetta gat ekki gengið svona til lengdar.

Farið burt

Það var svo vorið 1897 að Grundarfólk gafst upp og fór. Landið bar ekki lengur bústofninn, aðdrættir voru erfiðir og barningurinn við að komast um fjöllin í vetrarhörkum hafði tekið toll af heilsu heimilisfólks. Þessu til viðbótar hafði hrikt í stoðum heimilisfriðarins þegar húsbóndinn barnaði vinnukonu sem kom að Grund um 1894. Hélt húsfreyja sig þá við hlóðirnar og kom ekki inn í baðstofuna á vökunni. Eftir að vinnukonan var rekin burt með þunga sinn skánaði þó stem
ningin en ekki greri alveg um heilt.

En þau komust þó heil í burt. Hálfri öld fyrr, 1847, höfðu aðrir reynt að koma sér fyrir í Víðidal, þau Þorsteinn Hinriksson og Ólöf Nikulásdóttir. Ólöf var ekkja, hafði eignast þrjú börn í sínu fyrra hjónabandi en þau Þorsteinn áttu saman tvo syni. Á þrettándanum fyrsta veturinn þeirra í Víðidal féll snjóflóð á bæinn. Í því fórust Þorsteinn og drengirnir tveir en Ólöf og tvær dætur hennar úr fyrra hjónabandi, Halldóra og Guðný, voru í eldhúsinu og það slapp að mestu. Skriðan kaffærði það hins vegar svo gjörsamlega að í sex vikur voru mæðgurnar luktar inni og lifðu á hráu hangikjöti. Ólöf hafði meiðst í flóðinu og var ekki til stórræðanna en stúlkunum tókst á endanum að brjótast út um snjóhuluna og draga móður sína með sér út og halda síðan í áttina að Geithellnadal. Gríðarlegur snjór var yfir öllu og veður vond og villtust þær á leiðinni. Þegar þær loksins komust yfir í Geithellnadal álpuðust þær utan í snarbratta hjarnbrekku sem þær þorðu ekki að fara út á og því voru þær strand í klettabelti hátt uppi í fjalli. Tilviljunin hagaði því þannig til að bróðir Ragnhildar Jónsdóttur sem seinna settist að á Grund var þá vinnumaður á Hvannavöllum, innsta bæ í Geithellnadal. Hann rak augun í einhverja skrítna þúst uppi í fjallinu. Fór hann að svipast um hvað það væri, fann svo mæðgurnar nær dauða en lífi og bjargaði þeim.

En örlögin eru skrítin skepna. Á öskudag 1885 féll snjóflóð á Seyðisfirði þar sem 14 hús sópuðust út á sjó, 24 fórust og tugir slösuðust. Þar létu lífið Guðný sú sem bjargaðist með naumindum úr snjóflóðinu á Víðidal 1848 og ung dóttir hennar.



Vísnahornið

Fyrir nokkrum árum var undirr. á ferð um Njáluslóðir í hópi góðra manna. Jón Ingvar, sá ágæti drengur, var með í ferð og orti þessar braghendur sem finna má í Jónu Jóns Ingvars:

Inn að háum Hlíðarenda
hetjur ríða.
Sig í geislum sólar baða,
sölnuð grös og mygluð taða.

Otkell fer á flenniskeiði,
frár og reistur,
hann er allra hesta bestur,
hreðjastærstur, skökulmestur.

Hlíðarbrekku undir opna
ýmsir pela,
allir þorsta sínum svala,
sumir flest í ljóðum tala.

Tilgangslaust um loftið
skondin lóa flýgur.
Ofan bæjar opnast haugur,
inni í honum kveður draugur.

Fylgist með í fjarska Eyja-
fjallatindur.
Djúpt í moldu dúllar Gvendur,
dauðhrædd belja krossar hendur

Sem alþjóð veit hvílir Gvendur dúllari sunnan undir vegg í Hlíðarendakirkjugarði. Einnig var með í ferð Þórarinn Eldjárn, hann orti við braghendur Jóns:

Jón þar Ingvar Jónson sligar
jálka trega.
Efst á hrossi er hann að laga
hendu sem er kennd við Braga.

Gísli skáldi 1851- 1919 var af
Ströndum, en bjó og réri um
árabil frá Bolungarvík. Eitt sinn
hjá norðmann sem Össur hét:

Össur mælir menn við tvo,
mun ég sjálfur stýra
kemur hvíða pas nu på
pikken in og fyra.

Kringum aldamótin sem Gísli lifði, var strandferðaskipið Laura í siglingum, Gísli orti til Láru:

Seymi búið bilar ei
þó boðar spúi grandi
eimi knúið fagurt fley
flanar nú að landi.

Undir ævilokin yrkir Gísli:

Sjaldan kátt um sinnu hyl
sviftur mátt til þrifa,
nú er fátt sem fellur til
og fremur bágt að lifa.

Sigurlín Hermannsdóttir er flestum kunn sem fylgjast með nútímaskáldum. Hún yrkir um dýrin stór og smá, sem vel á við í Bændablaðinu:

Ég ætla að yrkja um dýrin
sem eiga huga minn.
Klaufaleg er kýrin
en klár er hesturinn.
Grísaði ein gylta
á göltinn þennan tryllta
hún fílar feita pilta.

Tíkarlegur Tryggur
tætti niður þvottinn.
hundskammaður, hryggur
og húsfrú nærri dottin.
Læðan svarta læðist
er lítill ungi fæðist
hrelld hans móðir hræðist.

Ærleg litlu lömbin
lambagrasið kroppa
kýld er hvíta vömbin
kindarleg er snoppa.
Björt og blíð er sveitin
þar bukkaði sig geitin
þá hafrar huldu reitinn.

Trúlega sjá flestir hér hver á þetta hrós í vísu Valdimars K. Benónýssonar frá Ægissíðu:

Ekki er leyft að skeiki skeift
skeytum hleypt af þínum boga.
Eins og leiftur lýsa dreift,
ljóðin steypt við Elivoga.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is


VERKVAL EHF.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
· Holræsahreinsun/lagnahreinsun
· Rotþróarhreinsun
· Götu- og gangstéttasópun
· Lagnamyndun
· Stíflulosun
Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

TIL SÖLU VIÐ AKUREYRI
HÉR BYGGIR
LÆKJARVELLIR
IÐNAÐARBIL / GEYMSLUR
45,2m2 - 47,4m2
01-12
13-24
Verð frá 17.900.000 kr.
Milliloft í boði
Upplýsingar gefur Bjarni í síma 775 6667
FS FASTEIGNIR
Friðrik Sigþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 694 4220
Svala Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 663 5260
FS fasteignir
FASTEIGNASALA AKUREYRAR
Arnar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 773 5100

Bændablaðið er líka á Instagram & Facebook

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is

BYSSU- OG SKOTFÆRASKÁPAR
á betra verði
Traustir skápar samþykktir af yfirvöldum. Margar stærðir.
Byssuskápar fyrir 3, 4, 5, 6, 8 eða 12 byssur. Verð frá 34.995 kr.
Skotfæraskápar, 2 stærðir. Verð frá 24.995 kr.
Sendum um allt land.
Gerðu góð kaup
VEIÐIHORNIÐ
Síðumúla 8 • 108 Reykjavík • S: 568 8410
veidihornid.is
TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Hannyrðir:

Ziggy Stardust

Sagan segir að á Ziggy Stardust tímabilinu hafi David Bowie lifað á kókaíni, rauðum paprikum – og mjólk. Mynstrið í peysunni vísar til skrautlegrar sviðspersónu Bowie, því fleiri litir því betra. Katrín Andrésdóttir hannaði þessa peysu fyrir Þingborgarlopann sem hún litar undir merkinu Slettuskjótt en auðvitað er hægt að nota annað, jafnvel nýta litríka afganga. Leyfið hugmyndafluginu að ráða.

Stærðir: S M L XL XXL
Yfirvídd: 93 100 107 121 128

Efni:
350-350-400-400-450 g Þingborgarlopi í aðallit.

5 dokkur af Slettuskjótt sem er litaður Þingborgarlopi, hver dokka er 50 g

Ef notaður er lopi frá Ístex verður að gæta að prjónfestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum.

Sokkaprjónar 4 og 5 mm

Hringprjónar 4 mm 40 og 80 cm langir

Hringprjónar 5 mm 40, 60 og 80 cm langir

Saumnál til að lykkja saman undir höndum og ganga frá endum.

Lesið uppskriftina yfir áður en hafist er handa við að prjóna.

Prjónfesta:
14 l og 23 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm

Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Best er að prjóna prufu í hring, skola úr henni og klippa hana svo í sundur og mæla. Þannig fæst sem réttust niðurstaða.

Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum.



X X X **Úrtaka. Takið tvær lykkjur í einu fram af prjóninum órpjónaðar, prjónið eina lykk órpjónuðu lykkjunum yfir báðum í einu. Þannig verður miðjulykkjan fremst.**

Engin lykkja

Sleppið þessum umferðum í stærðum S og M

Stroff er perluprjón 1 slétt og 1 brugðin lykkja, eða eftir smekk hvers og eins.

Úrtaka á berustykki:
3 X á mynsturblaði = Takið 2 lykkjur í einu óprjónaðar fram af prjóninum, prjónið næstu lykkju, steypið óprjónuðu lykkjunum yfir báðum í einu. Með þessu móti verður lykkja tvö fremst.

Bolur:
Fitjið upp með aðallit, 130-140-150-160-170 l á 80 sm 5 mm hringprjón og prjónið stroff í hring 6-8 sm. Skipt yfir á 5 mm 80 sm hringprjóninn. Prjónið bol og á honum eru þrjár einingar af mynstri. Í síðustu umferð á bol er í stærð M fækkað um 2 lykkjur, eina á hvorri hlið bols og í stærð L er bætt við 4 lykkjum jafnt yfir umferð. Þetta er til að lykkjufjöldi passi við mynstur þegar búið er að sameina bol og ermar, en talan 10 verður að ganga upp í lykkjufjöldann. Hægt er að lengja bol ef þarf með því að prjóna nokkrar umferðir í viðbót með aðallit áður en mynstur er prjónað. (Mælið viðkomandi og metið bolsídd.)

Ermar:
Fitjið upp 30-36-40-40-44 l á 4 mm sokkaprjónana, prjónið stroff í hring 6-8 sm. Skiptið yfir á 5 mm sokkaprjónana þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 lykkjur undir miðri ermi, (1 lykkja eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í umferð). Endurtakið útaukningu 8-8-8-9-9 sinnum upp ermi, með u.þ.b. 8 umf á milli, þar til 48-54-58-60-64 l eru á prjóninum. Skiptið yfir á stutta 5 mm hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið viðkomandi og metið hve ermin á að vera löng)

Axlastykki:
Sameinið nú bol og ermar á 5 mm 80 sm langa hringprjóninn. Haldið áfram með mynstrið þegar bolur og ermar eru sameinuð, þegar einum lit er lokið tekur næsti alltaf strax við. Setjið 4-4-5-5-6 síðustu l og 5-5-5-5-6 fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 9-9-10-10-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 39-45-48-50-52 l, prjónið næstu 56-60-67-70-73 l af bol og setjið næstu 9-9-10-10-12 l á prjónanælu. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 56-60-67-70-73 l af bol. Þá eiga að vera á prjóninum 190-210-230-240-250 lykkjur. Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar úrtökum er lokið eins og sýnt er á mynsturblaði, eiga að vera 76-84-92-96-100 lykkjur eftir. Í næstu umferðum er tekið úr til viðbótar 12-16-20-20-20 lykkjur með sömu aðferð of fyrr, tekið úr á 6-8-10-10-10 stöðum. Dreifið þessum úrtökum jafnt yfir prjóninn. = 64-68-72-76-80 lykkjur. Vídd á kraga er auðvitað smekkur hvers og eins og því allt eins hægt að fella meira af til viðbótar en hér er gefið upp. Þá er prjónaður kragi og skipt yfir á 4 mm 40 cm hringprjón, prjónnið 3-5 sm, eða eins og hverum og einum þykir best að hafa kragann, fellið laust af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Þvottur:
Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

Hönnun: Katrín Andrésdóttir
Uppskrift: Margrét Jónsdóttir

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. og 43. skipulagslaga nr. 123/2010
er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Kirkjuhvollsreitur – deiliskipulagsbreyting
Með breytingunni er gert ráð fyrir sértæku íbúðarhúsnæði við Öldubakka og Dalsbakka. Gert er ráð fyrir sex íbúðum og starfsmannaaðstöðu, eða allt að 600 m² á einni hæð. Hámarks mænishæð er 6,5 m. Viðbyggingarmöguleikar við Heilsugæsluna minnkar um 100 m² og hjúkrunarheimilis minnkar um 750 m² á byggingarreit B1. Byggingarreitur B2 og B3 haldast óbreyttir.

Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings-eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá
13. október til og með 24. október 2025.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Kærkomið ljóðasafn

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is


Guðrún Hannesdóttir.

Útgáfusaga Guðrúnar Hannesdóttur ljóðskálds er merkileg. Fyrsta bók hennar kom út árið 2007 þegar skáldið var sjálft komið á sjötugsaldur. Bókin, sem heitir *fléttur*, vakti mikla athygli. Guðrún var svo til óþekkt sem ljóðskáld en hún hafði komið fram á sjónarsviðið sama ár er hún hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör. Margir spurðu sig hvar þetta ljóðskáld hefði eiginlega haldið sig því að þarna var komin einstaklega sterk og þroskuð rödd. Síðan hefur Guðrún ekki slegið slöku við og sent frá sér níu bækur. Og nú eru þær allar komnar út á einni bók sem heitir einfaldlega *Ljóðasafn*. Að þessu sinni er titillinn skrifaður með stórum upphafsstaf en ekki litlum eins og allir hinir titlar Guðrúnar. Stóri stafurinn er viðeigandi á ljóðasafninu enda ástæða til þess að kveða með festu upp úr um það að hér er á ferðinni safn ljóða eftir eitt af bestu skáldum síðustu ára.

Litlu upphafsstafirnir í titlum ljóðabóka Guðrúnar og sömuleiðis heitum ljóða segja þó sitt um skáldskapinn, efni hans, efnistök og stíl. Ljóð hennar eru fínlega ofin og nákvæmlega, sérhvert orð er valið af næmleika, tónninn er lágstemmdur og oft eru viðfangsefnin hið smáa og fíngerða í náttúrunni, atvik, minningar, en þegar rýnt er betur kemur iðulega í ljós stærra samhengi, samfélagslegt, hugmyndalegt. Það er nóg um að hugsa í þessum skáldskap.



Ljóðið „von“ er gott dæmi, viðamikið og óhöndlanlegt efnið birtist í hinu smáa og brothætta:

skurnið
brothætt og blátt

fyrir innan
hjartsláttur, hlýir skuggar
(í paradís er engra fóta þörf)
og blind augun sjá
hvað er skrifað
á skjallið

í haust verður hreiðrið tómt
á ný

lófastór betliskál
lyft mót hrímskærum himni

Ljóðið er úr bókinni *teikn* frá 2012 en tveimur árum síðar hélt Guðrún áfram að setja saman táknmyndir úr veröld fugla í bókinni *slitur úr orðabók fugla*. Gegnumgangandi yrkisefni í bókum Guðrúnar er þó ekki síður orðin, málið, lestur þess, meðferðin á því og áhrif þess á okkur, merkingin sem stundum vill leysast upp eins og við öll þekkjum. Í titilljóði bókarinnar *fingramál* frá 2022 er þó skorið úr um að jafnvel það sem hverfur er markvert í málinu:

jafnvel það sem glatast í
þýðingu
er gullvægt og skiptir öllu máli

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir skrifar efnismikinn eftirmála við þetta kærkomna ljóðasafn sem opnar augu manns fyrir ýmsum eiginleikum ljóða Guðrúnar. Bókin er fallega útgefin af Dimmu. Þetta er bók sem maður mun leita í aftur og aftur á þessu hausti enda ekki einlesin.











Ný bók:

Jeppar í lífi þjóðar

– Myndræn frásögn um farartæki sem standa landanum nærri



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Út er komin bókin Jeppar í lífi þjóðar eftir Örn Sigurðsson. Þar bregður hann lifandi ljósi á þennan merka kafla í íslenskri samgöngusögu í bók sem myndskreytt er með 600 ljósmyndum.

Þetta er þykk og eiguleg bók í stóru broti sem gaman er að fletta í gegnum. Henni er skipt upp í níu kafla sem eru helgaðir helstu jeppategundum síðustu aldar. Í upphafi er talað um Willys-jeppana sem komu fyrst á stríðsárunum. Þá er kafli tileinkaður Land Rover og annar sem snýr að Rússajeppunum. Sérstök umræða er um aðra jeppa eins og Gipsy, Scout, Lapplander, Bronco og loks fjölbreytt úrval japanskra jeppa. Enn fremur eru sérstakir kaflar um torfærukeppnir og fjallaferðir.

Bókin er byggð upp á þann hátt að ljósmyndir leika aðalhlutverk og er undir hverri greinargóður myndatexti. Lesendur geta því gripið niður í bókina hvar sem er og lesið sig í gegnum hana í þeirri röð sem þeir vilja. Að auki við myndir má sjá gamlar auglýsingar sem voru notaðar í markaðssetningu jeppabifreiða eða blaðagreinar þegar jeppar rötuðu í fréttir. Jeppaáhugamenn með stutta athyglisspönn geta því gert sér þessa bók að góðu.



Bókin Jeppar í lífi þjóðar er 280 blaðsíður í stóru broti. Þar eru um 600 ljósmyndir sem sýna hvernig jeppar hafa snert Íslendinga á fjölbreyttan hátt. Myndir / Forlagið



Þessi ljósmynd eftir Ottó Eyfjörð sýnir krakka með hvolpa sitja framan við Bronco-jeppa. Ártal óþekkt, en sennilega tekin á sjöunda áratugnum.



Hér má sjá opnu úr kaflanum sem snýr að Willys-jeppunum. Þeir voru meðal þeirra jeppa sem snertu bændur hvað mest, enda öflug landbúnaðartæki og komu á sjónarsviðið um það leyti sem vélvæðing reið yfir íslenskar sveitir.



Guðmundur Hjörleifsson tók þessa mynd af óþekktu fólki á Austin Gipsy-jeppa með gripakerru í eftirdragi árið 1965.

Þessi mynd úr safni Vegagerðarinnar sýnir Rússajeppa á hálendi Íslands.



Willys-jeppi í heyskap á Torfastöðum á áttunda áratugnum. Ljósmyndina tók Guðmundur Óli Ólafsson.



Í Aðalvík á Hornströndum mátti sjá þennan Willys-jeppa á áttunda áratugnum. Ljósmynd eftir Sigurð Jónsson.

Hvar er myndin tekin?



Í þessum bæ var kvennaskóli á árunum 1901–1978. Nú er þar þekkingarsetur tileinkað textíl. Mjólkurbúið á staðnum framleiddi appelsínusafa sem hét eftir ánni sem rennur í gegnum þorpið. Loftmyndin er frá sumrinu 2023. Svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 27. október. Mynd / Loftmyndir ehf.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

MEIRAPRÓF
Fjarkennsla



Næsta námskeið 20. nov.

NÆSTU NÁMSKEIÐ
20. nóv.
8. Jan´26
12. feb´26

Bókleg kennsla á netinu.
Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki.

Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is
ATH óbreytt verð frá jan ‘23

AKTU ÖKUSKÓLI
Ökuskóli allra landsmanna



Við klæðum þig í hvelli!
ELKA
Sjóklæðin frá Elka fást hjá okkur.
KH VINNUFÖT
khvinnufot.is | Nethylur 3 | Sími 577 1000

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn

kristjan@sulurehf.is
www.sulurehf.is
669 0803

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælur
Vörukaup ehf



516-2600
vorukaup@vorukaup.is
VK vörukaup

Matarkrókurinn:

Napolí, New York…Kópavogur

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Frá því að Íslendingar kynntust pítsum í fyrsta sinn fyrir alvöru, um og eftir miðjan níunda áratuginn, höfum við haft þetta flatbrauð á heilanum. Ég persónulega myndi til dæmis fórna framan af litla fingri til að smakka upprunalega Jón Bakan pítsu og mögulega raka af mér hárið fyrir eina funheita margarítu frá Pítsahúsinu. En það er önnur saga og kannski svolítið furðuleg.

Flestar þjóðir eiga sér til einhvers konar flatt þjóðarbrauð. Við eigum tvö; laufabrauð og flatköku eða flatbrauð fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Útflatt brauð er nefnilega mikilvægur þáttur í matarmenningu flestra þjóða enda þægileg og ekki síður sparleg leið til að metta sig og sína. Ítalska flatbrauðið, í það minnsta það þekktasta, er pítsa. Ættuð frá Napólí, þessi með tómötum, osti og basil. En það er samt eiginlega svo að heimsþekkta pítsan og sú sem við hér á fróni borðum og elskum, kemur til okkar frá norður-ameríku. Enda vissi svo til enginn fyrir utan Stór-Napolísvæðið hvað pítsa var fyrr en langt var liðið á tuttugustu öld. Ekki fyrr en ítalskir innflytjendur byrjuðu að bixa með pítsur í New York á öndverðri síðstu öld um mest alla austurströndina þar vestra. Pítsan náði svo enanlega í gegn þar vestra eftir seinna stríð. Enda er það líka svo að finna má mismunandi pítsutegundir kenndar við helstu Innflytjenda -og verkamannaborgirnar þar. Chicago á djúpu pönnupítsuna, Detroit á stórundarlega útgáfu með sósunni í röndum ofan á. En aðalpítsan og sú sem flestir kannast við, þekkja og elska er New York pítsan. Þunnbotna pítsa með pepperóni og þessu helsta sem við könnumst við.

En þar er ekki öll sagan sögð. Því í þarna í Jórvíkinni nýju leynist nefnilega er önnur útgáfa. Flatbaka sem flogið hefur örlítið lægra en þessi klassíska og það er hvíta pítsan. Yfirleitt gerð með ricotta osti og ferskum mozzarella. Hvít ostapítsa veitir allt aðra upplifun en þegar tómatsósa er grunnurinn. Fyllir öðruvísi og er svo saðsöm að erfitt er að borða margar sneiðar. Sem er reyndar gott á þessum síðustu og verstu.

Stærsta vandamálið okkar hér niðra er reyndar aðgangur að ferskostum eins og Ricotta osti. Það er mjög takmarkað. Skyr var alltaf okkar ferskostur þangað til því var breytt í jógúrt en ætli kotasæla sé ekki það næsta sem kemst ricotta úti í búið. Hana er hægt að brúka í flestan mat en mín tillaga til heiðurs hvítu New York pítsunni er þessi:

Blanda saman jöfnum hlutum af rjómaosti og feitum sýrðum rjóma, Kannski deselíter af hvoru eða svo. Slettu, tveimur þremur matskeiðum af ólífuolíu, klípu af salti og matskeið eða svo af þurrkuðu origano kryddi. Láta standa í nokkrar mínútur. Smyrja svo þunnt yfir nýflatt pítsudeig. Toppa svo með blöndu af mozzarella osti (ekki þessum blautu í kúlunum heldur rifnum í poka), smá parmesan osti og helst smá af appelsínu gulum lika. Cheddar eða það sem mér finnst betra að rífa niður eina, tvær sneiðar af ameríkskum osti.

Hægrt að hafa þessa bara sem ostapítsu eða toppa hana með áleggi. Pepperóní á auðvtiað alltaf vel við, hvort heldur sem er í New York eða Bíldudal. Svo eru það hvíta sveppapítsan, sveppir passa stórkostlega á þessa pístu. Nokkrir dropar af hvítlauksolíu á þegar hún kemur heit úr ofninum og við eru að tala um glænýja pítsuupplifun. Kannski ekki alveg Jón Bakan eða Pítsahúsið árið 1989 en nálægt.



Kársnespítsan. Hvít pítsa með ostrusveppum, beint frá sveppabónda úr eftri byggðum Kópavogs

Pítsudeig

Fyrir þá sem nenna ekki að baka deig er ekki vandamálið að kaupa það út í búð. Reynið að kaupa kúlur en ekki útflatt. Þessi deig fást í öllum búðum og mörgum bakaríum. Það fæst meira að segja merkilega gott pítsudeig í sænskri húsgagnabúð í Garðabæ. Best er svo að kaupa deigið einum til tveimur dögum áður en pítsubaksturinn fer fram. Allir staðir sem selja pítsur, eða í það minnsta allir staðir sem gera það af einhverri alvöru nota deig sem búið er að kaldhefa í að minnsta kosti sólarhring.

Fyrir hina sem vilja spreyta sig á því að gera deigið frá grunni er það gert svona:

500 grömm af brauðhveiti
50 grömm af heilhveiti
350 grömm af vatni
15 grömm af salti
5 grömm af sykri
3 grömm af þurrgeri

Blanda sykri og geri í vatnið og blanda svo þeirri böndu við hveitið. Þarf ekki að hræra mikið bara rétt að bleyta í hveitinu og láta standa með plastfilmu yfir í 20 mín. Bæta þá saltinu út í og hnoða þangað til allt er vel blandað. Láta standa í nokkrar mínútur og hnoða svo í hrærivél með dreigkrók í 5-10 mínútur.

Gera kúlu úr deiginu og setja í olíuborna skál með filmu eða rökum klút yfir. Geyma við stofuhita þangað til að deigið hefur rúmlega tvöfaldast. Tekur klukkutíma eða tvo.

Slá deigið niður og skipta upp í þéttar kúlur. Móta kúlurnar með því að draga deigið undir sjálft sig á sléttu yfirborði með engu hveiti. Þessarii uppskrift er ætlað að vera sirka þrjár 12-14 tommu pítsur. En auðvitað er hægt að skipta því í fleiri eða færri hluta.

Best er að kaldhefa deigið í tvo til þrjá daga í lokuðu íláti inni í kæliskáp. Ef mikið liggur við er hægt að láta kúlurnar hefa sig í tvo til þrjá tíma við stofuhita.

Fletja út með því að dreifa vel úr smá hveiti á borð eða bretti. Byrja svo á því að búa til kannt. Þannig að pítsudeigið sé eins og pínulítil bumbupítsa. Setja svo degið yfir hnúana og byrja þannig hægt og rólega að stækka deigið. Hugrakkir kasta því upp í loft og láta miðflóttaaflið stækka degið í rétta stærð. Þeir sem vilja nota kökukefli gera það en flestar litlu loftbólurnar sem við erum búin að vera að rækta í þrjá daga skemmast við það. Passa að deigið festist ekki við borðið með því að nota meira hveiti eða maískurl til að fá smá útlenskan keim af heimapítsunni.

Skutla pítsunni svo inn í ofninn með pítsuspaða eða eitthverju þunnu bretti sem þolir hita.

Til að baka pítsu svo vel sé þarf ofninn helst að ná 300 gráðum, að minnst kosti 275 og það þarf pítsustein eða stál. HIta ofninn með steini og eða stáli innanborðs í allt upp í klukkutíma fyrir bakstur.

Þau sem eiga pístuofn þurfa ekki að hita ofninn alveg í botn fyrir New York pístu. Rétt rúmlega 300 gráður er hinn fullkomni hiti og það besta við það er að pítsan brennur ekki til ösku á meðan hún er inni í ofninum. Eins og oft vill gerast þegar reynt er við Napolípítsur sem vilja hita í kring um 500 gráður á celsíus.

KROSSGÁTA



251	FULLYRÐA	BJARGA	ÁTT	SMÁU		PYTTLA	BLEKKING	KVÍÐA	NUDD	
HVÍLD										FORM-VENJUR
TÆMI					HJARTAR-DÝR					
BOTNFALL					FRAUS / SPRÆKUM					
RÁS			GÁ / SKRÖLT						SPOTTI	
	↓	MÆLI	STAFUR	FRÍÐUR / FARFA							
RUPLA						SVEIFLI		HNÝSAST			
ÓVISSA					EINS / BÖKSU-LEGA					TÍSKU / SPIL	
PLANTA								FUGL / HAGUR			
RÓMVERSK TALA			ÓLÆTI	HLJÓÐFÆRI / MEÐLIMA					LANGIR / METINGUR		
		RÓFA / RIFIN					TILKALL / NAFN				
MAKAÐA						NAFNGIFT / DROLL					
FRÁ-RENNSLI					STRENGUR					MEINT / KEMST	
SKAMMIR					STORKUN						
REFSA								BRÍARÍ			

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



250	KVABBA	ÞREYTTUR	DUGA	LOK		FÆRNI	FYLGJA	SKRÖLTA	EXTRA	
ÓLDUNGIS	A	L	G	E	R	L	E	G	A	HNETA
FÉFLETT	R	Ú	I	N	VONDUM	I	L	L	U	M
LÖGMÆT	G	I	L	D	EINA	S	T	A	K	A
HUGUR	A	N	D	I	VANAN / VARP	T	A	M	A	N
	M	SVIG	RÁS	BRAK / ÓMÆÐI	S	N	A	R	K	TRÉ	LÖÐRIÐ	R	GÆLUNAFN	D
ÓPOLANDI	Ó	B	Æ	R	T	ÓSKÖP	AFSTYRMI	AFRÁS	A	F	F	A	L	L
ÞUSA	T	U	Ð	A	VÖÐLUR / MÖGU-LEIKA	B	Ú	S	S	U	R	TVEIR EINS / MÝKRA	A	A
AUK	O	G	GLÖGGUR / VINNU	S	K	Ý	R	VEIÐAR-FÆRI / FISKAST	T	R	O	L	L	SLÓR
	R	TUNGUMÁL / SMÁN	S	K	O	S	K	A	ÞÁTTTAKA / LENSKA	A	Ð	I	L	D
LEPPUR	B	Ó	T	SKOT / ÓVÆTTUR	S	N	A	F	S	ÆÐIR / ERINDI	A	N	I	R
MEÐ	Á	S	A	M	T	ROFNA / STUTT	S	L	I	T	N	A	FISKUR	A
HJARA	T	Ó	R	A	STARF	S	T	A	Ð	A	DÝRA-HLJÓÐ / TVEIR EINS	R	Ý	T
AFGANGS	U	M	F	R	A	M	SLETTAST	S	U	L	L	A	S	T
ROKNA	R	I	S	A	RÍKI	Á	S	T	R	A	L	Í	A	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Vel melduð slemma

Íslensk sveit, Iceland 1, náði frábærum árangri á World Bridge Tour stórmótinu í Kaupmannahöfn þar sem margar af sterkustu sveitum heims tóku þátt.

Spil dagsins er til marks um samhæfðar sagnir og nýstárlegar sagnvenjur eins besta pars okkar, sem tók þátt í mótinu. Þeir Sigurbjörn Haraldsson og Magnús Magnússon léku listir sínar og sóttu sér 10 impa



Björn Þorláksson.

Eitt grand lýsti 15-17 punktum jafnskipt.

2hjörtu var yfirfærsla í staða – lofaði 4 spilum.

Næsta sögn svarhandar, 2 grönd, var



Stöðumynd 1.



Svala og Rosemary eru Íslandsmeistarar kvenna í tvímenningi í bridge 2025.

geimkrafa með 4 spaða og lengri láglit eða 4-1-4-4.

Þrjú lauf spurðu enn:

3 hjörtu lýstu 4 spöðum, fimm laufum og einhverjum slemmuáhuga.

4 tíglar var ásaspurning með lauf sem tromp.

Fimm lauf lýstu tveimur lykilspilum og trompdrottningu.

6 lauf = Bang.

Spilið kom upp gegn Grossack og Paske. Sigurbjörn Haraldsson segir í samtali við bridgedálk Bændablaðsins að slemman sé dúndurgóð. Vinnist alltaf ef laufkóngur er annar eða þriðji á vinstri hönd. Eða ef annar háliturinn brotnar. Þá séu aukamöguleikar ef laufkóngur er fjórði réttur ef sama hönd búi yfir fjórum hjörtum og tveimur spöðum. Þá sé hægt að ná 12 slagnum á framhjáhlaupi. 3 grönd voru spiluð á hinu borðinu.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Svala og Rosemary Íslandsmeistarar kvenna

Rosemary Shaw og Svala Kristín Pálsdóttir eru Íslandsmeistarar kvenna í tvímenningi árið 2025. Spilað var til úrslita í Síðumúlanum. Í silfursætinu urðu Ljósbrá Baldursdóttir og Hjördís Sigurjónsdóttir, en bronsið fengu Brynja Dýrborgardóttir og Sigrún Þorvarðsdóttir.

Landslið Íslands að tafli í Georgíu

Þegar þessi pistill er skrifaður er Evrópumót landsliða í fullum gangi. Gengi íslensku liðanna hefur verið upp og niður, en við erum með sveitir í bæði opnum flokki og kvennaflokki.



Gauti Páll Jónsson.

Upp kom stórundarlegt og á sama tíma stórskemmtilegt atvik, í 3. umferð mótsins. Sjálfur átti ég erindi í húsakynni Skáksambandsins og Skákskólans og lauk þar ákveðnum verkefnum með kaffibolla við hönd. En það var freystandi að kveikja á stóra skjánum, og fylgjast aðeins með Evrópumótinu. Þá mætir skólastjóri Skákskólans til leiks, Björn Ívar Karlsson, og við ákveðum að spá aðeins í spilin. Hann spáir ýmsum raunhæfum möguleikum og mögulegri framvindu skákanna, á meðan ég spái því hvernig hlutir geti fræðilega klúðrast. En þá snúast spár mínar að sjálfsögðu um hvernig hlutirnir geti klúðrast okkur Íslendingum í hag!

Upp kom þungt hróksendatafl, eins og svo oft áður, hjá margreyndu landsliðskonunni Hallgerði Helgu. Hún var peði undir og erfið vörn framundan. Þá benti ég á skjáinn og sagði við Björn Ívar: „Mikið væri skondið ef hvíta peðið væri komið á a5 - þá gæti svartur leikið …Ha4 og hótað e5 mát!



Símon Þórhallsson og Markús Orri Óskarsson tefla um meistaratitil Skákfélags Akureyrar.

Stuttu síðar kom dálítið óp úr munni skólastjórans, sem kom mér dálítið á óvart, enda hafði ég ekki heyrt skólastjórann æpa áður. „Það gerðist" sagði hann! Á stöðunni sem hér sést hafði hvítur nefnilega leikið a-peði sínu frá a5 til a6, og því svaraði Hallgerður um hæl með e5 mát!

Af skákfréttum hér innanlands má nefna að á dögunum vann Magnús Pálmi Örnólfsson Alþjóðlega geðheilbrigðismótið með fullu húsi. Þetta er í nítjánda sinn sem Vinaskákfélagið stendur fyrir mótinu, og síðustu ár í samstarfi við Taflfélag Reykjavíkur.

Einnig varð ljóst að nýr skákmeistari



Hér lék svartur …e5 mát!

Skákfélags Akureyrar yrði kryndur. Einvígi fór fram um titilinn milli Símons Þórhallssonar og Markúsar Orra Óskarsson, en þeir urðu efstir og jafnir í Haustmóti Skákfélagsins. Símon vann nauman sigur eftir bráðabana, en jafnt var í einvígi þeirra eftir fyrstu tvær skákirnar. Báðir teljast þeir ungir og efnilegir skákmenn, þó Markús sé að vísu tíu árum yngri. Mun Markús vafalaust gera atlögu að Skákfélagstitlinum á næsta ári.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson



Erfinginn:

Unnsteinn Mói

Nafn: Unnsteinn Mói Ágústsson.

Aldur: 8 ára.
Búseta: Reykjavík.

Skemmtilegast í skólanum: List og verkgreinar.

Áhugamál: Legó og skátar.

Tómstundaiðkun: Karate og skátar.

Uppáhaldsdýr: Hamsturinn Nína, hundurinn Sproti og froskur.

Uppáhaldsmatur: Pasta og kjötbollur.

Uppáhaldsþáttur: Björninn og læmingjarnir.

Uppáhaldslitur: Ljós blár.

Uppáhaldshlutur: Legó drekinn minn.

Uppáhaldsmynd: Minions.

Fyrsta minningin: Að vera að tjilla með Bassa.

Ánægja með í fari mínu: Hjálpa afa.

Skemmtilegast á gera: Leika sér með vinum.

Hvað langar þig að vinna við: Í dýragarði eða á ruslabíl.

Viltu taka þátt ? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

6	9		1	3	5			2
3	2	4			9	5		
		5			2	9	7	3
	7		6				8	
	5	6		8	3			
9			2		1	4		
5				1	7			
				4		2	5	1
1	3			2				4

Miðlungs

		3		4				9
8		5						
1			6	5				
	2			3	9			4
						8		2
9				1		7		
		6	9					
	7						2	6
					7	3		

Þung

2						7		4
	3			8		5		2
		8		1			6	
9								
							4	6
			5	3	7			
	8	7	9					1
5		2						
			8		2		7	

Þyngst

9			5					
		2			1	3		
		1		2				5
4						2	6	
5		6						
3					4		7	
							2	
	8					4	1	
			9	7		8		

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn fær innblástur frá hinum ótrúlegustu stöðum og leiðist áfram af sterku innsæi. Tækifæri til samvinnu eða nánari tengslamyndunar spretta upp og hann ætti að fylgja hjartanu. Fjármálin verða stöðugri, vinátta dýpkar og einhver úr fortíðinni gæti haft áhrif. Happatölur 7, 13, 21

Fiskarnir þurfa að sleppa tökum á því sem heldur aftur af þeim. Ef vel er að staðið að hlutunum geta opnast nýjar dyr, sérstaklega þegar kemur að sjálfstæðum verkefnum. Draumar og innsæi leiða þá á rétta braut og því um að gera að nærast andlega og gæta vel að sálarlífinu. Happatölur 3, 12, 27

Hrúturinn er fullur af orku og tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir. Metnaður kviknar í kringum nýtt verkefni þar sem samvinna skiptir öllu máli og hrúturinn þarf að hlusta virkilega vel á aðra. Í ástinni gætu óvæntar vendingar átt sér stað en hrúturinn ætti að treysta eigin dómgreind og halda fókus. Happatölur 9, 18, 30

Nautið sækist eftir stöðugleika og öryggi, bæði heimavið og í fjármálunum. Næstu vikurnar mun það standa frammi fyrir tækifæri til að vaxa - með því þó að stíga út fyrir þægindarammann sem flestum nautum er ekki jákvæð tilhugsun. Þolinmæði er lykilatriðið núna og nautið má vera visst um að tíminn vinnur með því. Happatölur 6, 14, 25

Tvíburinn er skarpur í hugsun þessa dagana og blómstrar í samskiptum. Þetta er því frábær tími til að hrinda hugmyndum í framkvæmd eða hefja samtal sem hefur beðið. Tvíburinn þarf að gera sér grein fyrir að orð hans hafa oft meiri áhrif en hann gerir sér grein fyrir og því um að gera að vera skýr og í jafnvægi. Happatölur 5, 17, 23

Krabbinn hefur verið að hræra svolítið í eigin tilfinningum og gamlar minningar sækja að. Í kjölfarið finnur hann þörf fyrir að opna hjarta sitt og leyfa örlagadísunum að veifa sprota sínum. Óvænt tenging gæti kviknað í ástarlífinu og þá ætti krabbinn að hlusta á hjartað – það þekkir leiðina. Happatölur 2, 16, 29

Ljónið stendur í sviðsljósinu sem aldrei fyrr og fær sérstaka athygli fyrir verkefni sem hann hefur lengi unnið að. Lífsgleðin blómstrar, en ljónið þarf að passa að hlusta á aðra og að halda jafnvægi á öllum vígstöðvum til að rekast ekki á vegg. Í ástarmálum gætu óvæntir neistar kviknað. Happatölur 1, 11, 26

Meyjan finnur, öllum að óvörum, þörf fyrir skipulag og hreinsun heimavið. Nú er einnig góður tími til að endurskoða venjur og setja heilbrigð mörk þar sem meyjan þarf að treysta innsæinu sínu. Smáatriðin skipta máli, en hún verður samt að gæta þess að festast ekki í einhverri smámunasemi...þó hún eigi það nú til stundum. Happatölur 4, 15, 21

Vogin leitar jafnvægis en fljótlega mun hún standa frammi fyrir vali sem krefst innri hreinskilni. Nú reynir á sjálfsvirðingu hennar og getu til að setja eigin þarfir í forgang. Ástarsambönd eru þarna hátt á baugi, en þau dýpka ef traust og virðing er til staðar. Vogin á auðvelt með að heilla aðra – en þarf að muna hvað hún vill sjálf. Happatölur 7, 13, 28

Sporðdrekinn finnur fyrir sterkri orku umbreytinga. Allt í einu finnur hann að gamlar aðstæður eða tengsl sem ekki þjóna honum lengur hverfa af sjálfu sér. Innra með sér þarf hann þó hugrekki til að sleppa - og treysta nýjum kafla í lífinu, en sannleikurinn mun leiða hann áfram. Dýpt og nánd í samböndum eykst. Happatölur 8, 19, 24

Bogmaðurinn finnur frelsisþrána blossa upp og ÞARF að brjótast út úr rútínunni. Eitthvað óvænt verður til þess að stefna til hins betra verður að veruleika og einstakt tækifæri verður á vegi hans. Bogmaðurinn þarf þó að muna að orðum fylgir vald og hann á að þora að fylgja köllun sinn. Happatölur 10, 20, 31

Steingeitin sér fyrir sér að vinna að langtíma-markmiðum með þrautseigju – auk þess sem nú er góður tími til að endurskipuleggja og styrkja þann grunn sem hún býr að. Fjármál og starfsferill taka jákvæðan snúning en þó steingeitin klifri hátt þarf hún líka að muna að næra hjartað. Happatölur 5, 22, 33

Fasteignir:

Merkjalýsing krefst réttinda

- Oft flókið verk að finna rétt landamerki

Með breytingum á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna sem tóku gildi í ársbyrjun 2024 var gert ráð fyrir að því að þeir sem starfa við merkjalýsingar skuli hafa öðlast til þess leyfi með því að sækja námskeið og standast próf.

Margrét Hjálmarsdóttir, lögfræðingur frá Ærlæk í Öxarfirði, er ein þeirra sem sóttu fyrsta námskeiðið. Hún segir að áður en gerð var krafa um tiltekin réttindi hafi það einkum verið starfsmenn sveitarfélaga og verkfræðistofa sem sinntu vinnu í tengslum við landamerki.

Margrét segir merkjalýsingar sem slíkar nýjar af nálinni. Í reglugerð um merki fasteigna eru þær skilgreindar sem; „lýsing landfræðilegrar afmörkunar fasteignar eða landeignar með upplýsingum um eignamörk, upplýsingar um aðra skráningu fasteignar og réttindi tengd henni.“ Samkvæmt Húsnæðis og mannvirkjastofnun er 281 aðili sem hefur hlotið réttindi til merkjalýsinga.

Merkjalýsandi hlutlaus

„Merkjalýsandi hefur, samkvæmt lögum um skráningu og merki fasteigna heimild til þess að gera merkjalýsingar um landamerki milli jarða,“ segir Margrét. Þeir megi enn fremur stofna og sameina lóðir. „Merkjalýsandi er hlutlaus aðili sem vinnur fyrir landeiganda og þarf að gæta þess að safna saman öllum mögulegum og ómögulegum gögnum um landamerkin. Í því felst að skoða vel söguna, rýna í landamerkjabækur, dóma og margt fleira.

Þá þarf að hnitsetja ákveðna GPS-punkta á milli jarða. Því þarf að vera með réttan útbúnað til að taka þessi merki og nota gögnin til þess að lýsa landamerkjum jarðarinnar og draga upp afstöðumynd. Samstarf þarf að vera við þá sem eiga aðliggjandi jarðir því þeir verða að samþykkja hnitin og merkjalýsinguna.“

Kennileiti oft vandfundin

Samkvæmt bestu vitund Margrétar voru þeir sem sóttu námskeiðið mikið til með tækni- og verkfræðimenntun og einungis örfáir hafi verið með lögfræðibakgrunn. „Ég sé fyrir mér að þetta geti verið góður vettvangur fyrir lögfræðinga, því að þeirra þekking nýtist vel við lestur eldri landamerkjabréfa, dóma og uppsetningu merkjalýsingarinnar í samræmi við lög og reglur,“ segir Margrét. Hún viðurkennir þó að fyrst um sinn hafi verið talsverð áskorun að læra á tæknibúnaðinn sem fylgir starfinu.

Margrét segir oft hægara sagt en gert að skrá landamerki, því að kennileiti í gömlum landamerkjalýsingum séu oft vandfundin. „Kannski er talað um vörðu sem á að vera á ákveðnum stað. Svo fer maður á vettvang og það er hvergi stein að sjá og því ákveðinn hausverkur að sirka út hvar þessi varða hefur verið. Sumar af þessum landamerkjalýsingum lýsa merkjunum auk þess frekar gróflega og þá reynir á að finna farsæla og sanngjarna lendingu landeigenda um merkin.“ */ál*



Margrét Hjálmarsdóttir lögfræðingur og merkjalýsandi frá Ærlæk í Öxarfirði. Mynd / Aðsend

Laxdælulþing í Eddu

Laugardaginn 1. nóvember kl. 14:00 verður haldið í Eddu málþing um Laxdæla sögu. Þingið er helgað minningu prófessors Jenny Jochens (1928–2025). Fjórir fyrirlesarar flytja erindi.

Haukur Þorgeirsson flytur fyrirlestur sem nefnist Tvenns konar Laxdæla saga: Fyrstu drög að nýrri útgáfu. Haukur spyr hvað Guðrún Ósvífursdóttir hafi átt við með orðunum „Mikil verða hermdarverk,“ þegar hún spurði víg Kjartans, og hvers vegna þessi setning er með ýmsum hætti í handritum sögunnar. Haukur mun fjalla um handrit sögunnar og sýna hvernig rannsóknir á þeim leiða okkur til móts við texta höfundarins.



Jenny Jochens.

Erindi Brynju Þorgeirsdóttur nefnist Raddir skáldskaparins í Laxdæla sögu. Fáar vísur eru í Laxdæla sögu samanborið við margar aðrar Íslendingasögur sem hafa fjölskylduharma og ástir að þungamiðju. Í fyrirlestrinum fjallar Brynja um hvað einkennir kveðskapinn í Laxdælu, hvaða bókmenntalegu virkni hann hefur í sögunni, og hvernig sambandi hans við prósann er háttað.

Torfi H. Tulinius flytur erindi sem nefnist Baráttan um blóðið. Laxdæla og átök Sturlungaaldar. Í því verður varpað nýju ljósi á inntak og byggingu Laxdæla sögu með hliðsjón af blóðugum átökum höfðingja á Sturlungaöld um völd í landinu og samband við Noregskonung. Einnig verða ræddar hugmyndir sem lesa má úr sögunni um stöðu kvenna í samfélaginu.

Konurnar í Sælingsdalstungu nefnist fyrirlestur Guðrúnar Nordal. Laxdæla er eina Íslendingasagan sem hverfist um konur. Í erindinu verður hugað að bókmenntaumhverfi sögunnar á þrettándu öld og raktir þræðir milli kvennanna sem sátu í Sælingsdalstungu á ritunartíma sögunnar og Guðrúnar Ósvífursdóttur, sem fluttist í Tungu með Bolla, og frásagnarháttar Laxdælu.

Enn fremur stíga tvö ljóðskáld á stokk, þær María Elísabet Bragadóttir og Kristín Ómarsdóttir. */þh*



Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 3.100 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og glata sálu sinni? Eða hvað gæti maður látið til endurgjalds fyrir sálu sína?"
Matt. 16.26
biblian.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200



Ferðaþjónustubýli til sölu eða leigu

Góðir atvinnumöguleikar í Kelduhverfi!

Upplýsingar gefur
Elín Kára / Byr Fasteignasala
Sími: 483 5800
Netfang: byr@byrfasteignasala.is



EIGNAR HYLKI

Gas og súr, hlífðargas fyrir MIG og TIG suðu, koldíoxíð fyrir gróðurhús, köfnunarefni og fl.

Frá litlum hylkjum upp í 20t tanka

VELDIX
S: 547 5577 - VELDIX.IS
VELDIX@VELDIX.IS

HYDRO
Heitur Pottur



Þessi 6 manna heiti pottur er fullkominn fyrir fjölskylduna. Með einum legubekk og fimm venjulegum sætum. Veitir þetta líkan hámarks pláss til að slaka á.

Er með Wifi tengingu!

Með pottinum fylgir lok og trappa.

Innbyggð LED ljósin breytast hægt í gegnum 7 mismunandi liti.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Listavörur fyrir alla — sent um allt land! Myndlistarverslun á Hrísateigi 47 & á www.artsupplies.is – 10% afsláttur með kóða - BBLOKT10

URSUS

Viltu segja sögu um URSUS dráttarvél? Listamennirnir Lukas og Weronika safna sögum, myndum og vélum sem enn eru í notkun – fyrir sýningu í Hafnarborg 2026. S. 767-8949.



388 fm. af nýjum PIR - kjarna - vegg - samlokueiningum. Litur kox grár RAL 7016. Selst í heilu lagi. Einingarnar eru 4,0-6,2m að lengd. Verð kr. 2.910.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Vantar gamla, litla hestakerru til að gera upp og breyta fyrir heimildarmynd. Biðla nú til almennings og bænda. Steingrímur s. 691-9559.

Lok
á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.



GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

TAXI SERVICE
TAXI
ICELAND

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.



Til sölu Toyota Corolla, bensín/rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 98.000 km. Verð kr. 3.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Vantar þig aðstoð? Ég er fjölskyldumaður um fimmtugt með reynslu frá fyrri tíð af margskonar bústörfum og sakna sveitarinnar sárlega. Ég er úrræðagóður, sjálfbjarga, hress og meðal annars með iðnmenntun, meirapróf og vinnuvélaréttindi. Eigum við að spjalla betur saman? Kiktu á www.sveitunginn.is fyrir nánari upplýsingar eða sendu mér póst á sveitunginn@gmail.com



Hesthús til leigu á Skeiðunum. Vantar þig hesthús með allt að 15-20 stíum, misstórum? Enginn mokstur því haughús er undir. Vinnuaðstaða inni: hlaða 150 fm, 9x 16 hátt til lofts, stór rennihurð. Möguleiki á góðri haust- og vetrarbeit fyrir hin hrossin þín. Rúmgott 113 fm einbýlishús á staðnum fullbúið húsgögnum er möguleiki. Verð er samkomulagsatriði. Áhugsamir hafið samband í s. 896-4841 eða netfang: sigbjar@ismennt.is

INFRARAUÐUR KLEFI
B-150 x D-120 x H200 cm.



Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er böll (hemlock). Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2.100w.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

Nýtt heimilisfang Desjamýri 14

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN TRAILER
Schmidt FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

BRIMCO

DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Gámar til sölu. Lengd 5,8 m. Breidd 2,46 m. Hæð 2,51 m. Verð kr. 500.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 895-2220 og á netfangið: Jarnavirkid@gmail.com



Claas Arion 550 C-matic - árgerð 2022. Keyrður 3.200 vinnustundir. Fjaðrandi framhásing, frammbúnaður PTO, ámoksturstæki. Tvöföldun að aftan getur fylgt ef er áhugi fyrir því. Vel með farinn, verð hugmynd kr. 15.500.000 m/+vsk. Upplýsingar í s. 868-6113.



Ný 3ja öxla kerra. Pallur stærð B248 x L503cm. Sliskjur fylgja. Verð kr. 2.234.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Árgerð: 2004 Akstur: 408.000 km. Skipting: Sjálfskiptur. Vélarafl: 410 hp. Dirf: 6x2. Fjöðrun: Loft framan, Loft aftan. Eiginþyngd: 15.820 kg. Burðargeta: 10.180 kg. Næsta skoðun: 01.06.2026 Krani: Atlas 240.2E með 6 glussa útskot og lagnir fyrir grabba og rótor. Góður sturtupallur með álskjólborðum og vör. Verð samkomulag. Opin fyrir því taka bifreið uppí. Nánari upplýsingar í s. 696-0444. Aggi s. 537-4990 eða trukkur@trukkur.is



Þessi er gott efni í strandveiðibát. Seigur, nýskráður 2010. Lengd 7,58 m, með Volvo Penta D3 170 hp. Í honum er wc, 8 manna gúmmíbátur frá 11/2022, og Garmin dýptamælir/plotter. Báturin er í góðu standi, skráður sem skemmtibátur, það er einfalt að breyta því fiskibát. Ásett verð er kr. 6.100.000. Það er til vagn undir bátinn, hann selst sér á kr. 800.000. Upplýsingar veitir Ragnar í s. 892-0660 eða mail: rak@vivaldi.net



Þriggja hesta, tveggja hásinga kerra, af gerðinni Schramm. Nýskoðuð án athugasemda. Kerran hefur alltaf fengið gott viðhald og er í mjög góðu ástandi. Meðal annars hefur verið skipt um gólf í henni, og hún er með mjög öflugt beisli og nýtt segl. Stödd á höfuðborgarsvæðinu. Verð kr. 1.100.000. Nánari upplýsingar í s. 863-3316.



Iðnaðarhurðir á lager - litur RAL 7016. Opnari og fjarstýring - Stærðir allt að 4.000 x 4.500 mm. (BxH) Mjög hagstætt verð. Húsvís ehf. Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. S. 853-9300.



Ruslapressa! Ert þú í vandræðum með sorpið? Handvirkt ruslapressa, passar í 120-240L tunnur. Verð kr. 16.900 m/vsk. www.nka.is



Tilboð óskast í þessa vigt. Er í Garðabæ. Upplýsingar í s. 898-5920.



Til sölu Toyota Hiace, 9 sæta, dísel, árgerð 2003. Beinskiptur, ekinn 269.000 km. Notaður á sumrin og inni á veturna, sídrifinn, ný kúpling. Stutt frá Hellu, verðhugmynd kr. 1.300.000. S. 899-1759.



Til sölu: Chevrolet Van G30 - Starline Árgerð 1981. Ekinn 75.000 +mílur. Fornbíll. Staðsettur í Skagafirði Uppl. S. 862-6245.



Opel Mokka E, rafmagn, árgerð 2022, sjálfskiptur, ekinn 38.000 km. Verð kr. 3.690.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

Cinderella®
Incineration Toilets
„Þetta klósett er algjör snilld.
Það mun aldrei stíflast.
Hljóðlátt. Ekkert mál að þrífa.
Mæli hiklaust með.
Bestu kveðjur Ingibergur“
BRENNSLUSALERNI
Hagkvæm lausn við skólpvandamálum
Engin rotþró
Ekkert jarðrask
Einfalt í notkun og umgengni
Auðvelt í uppsetningu
Ekkert vatn
Engin lykt
516-2600
vorukaup@vorukaup.is
VK vörukaup



KGM
Rexton Premium
- Nýskráður: 2024
- Ekinn: 71.000 km
- 4x4 læstur millikassi
- Dísel
- Sjálfskiptur 8 gíra
- Farþegfjöldi: 7
- Hestöfl: 203
Verð: 8.590.000 kr.
Ísland vill sjá þig í haust.
Eigum gott úrval 4x4 bíla fyrir allar aðstæður.



Toyota
Rav4 Style
- Nýskráður: 2021
- Ekinn: 109.000 km
- Plug In Hybrid
- 4x4
- Sjálfskiptur
- Hestöfl: 185
Verð: 6.490.000 kr.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.
Meira úrval á
notadir.benni.is
Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
590 2035
Bílabúð Benna
Í fimmtíu ár







Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm. rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



John Deere traktorar til sölu í Noregi. John Deere 6130R með ALÖ Q5M ámoksturstækjum. Autopower stiglaus skipting, fjaðrandi framhásing og fjaðrandi hús. Michelin 650/60R38 og 520/60R24 Árg. 2017 3.440 vst. Verð kr. 12.500.000 án/vsk. https://www.finn.no/mobility/item/431305824?ci=1 Árg. 2019 2.880 vst. Verð kr. 15.300.000 án/vsk. https://www.finn.no/mobility/item/432047386?ci=1 Get séð um innflutning á þessum vélum til Íslands. Bjarni Björnsson s. 822-8612.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díesel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3,Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Nidaplast. Jarðvegsgrindur. Útileiktæki. Gervigras. Járnrimlagirðingar. Gúmmíhellur og drenmottur. Básamottur. Gegnheilt endurunnið plast í fjár- og hesthúsið. Allt fyrir leik- og íþróttasvæðið. jh@johannhelgi.is s .565-1048 johannhelgi.is Jóhann Helgi & Co ehf.



Iðnaðarhurðir á lager - litur RAL 7016. Opnari og fjarstýring - Stærðir allt að 4.000 x 4.500 mm. (BxH) Mjög hagstætt verð. Húsvís ehf. Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. S. 853-9300.



Generator Tank, 3.000 lítra, 6 ára gamall. Dælan ónotuð. S. 777-0994..



Til sölu tveggja hjóla sturtuvagn með niðurfellanlegum hliðum, burðarþol um 2.7 tonn. Verð kr. 550.000 án/vsk. Nánari upplýsingar: saevar@heidmork.is eða í s. 893-2655.



Tumi þumall kostar kr. 1.480.000 +vsk. Aldrei meira úrval af græjum fyrir duglegt fólk og alla hina líka. Kíktu í nýja blaðið á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Segway 1.000 At10 Wide fjórhjól. Nýtt og ónotað. Verð kr. 2.750.000 m/vsk. Uppl. S. 898-3378.

Lýst er eftir þremur gróðurhúsum



Gróðurhúsin sem eru 14,5 fm að stærð, voru afgreidd í sept. 2025 til Kjartansstaða, rétt við Selfoss og hafa trúlega verið seld þaðan án heimildar. Óskað er eftir upplýsingum um hvar húsin eru niður komin og minnt er á að hilming yfir því hvar húsin eru, er lögbrot. Ef þú hefur upplýsingar um hvar þessi hús gætu verið niðurkomin, **vinsamlega láttu lögregluna á Selfossi vita, eða söluaðila - Nýtt hús ehf. í síma 789-5656.**



New Holland T5 120
Árgerð 2018. 120 hp.
Notkun 3.500 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000 án/vsk.



New Holland T4 105
Árgerð 2016. 105 hp.
Notkun 4.090 klst.
Ámoksturtæki og skófla.
Verð kr. 4.900.000 án/vsk.



Case Puma 200 CXV
Árgerð 2020. 200 hp. Notkun 4.000 klst. Frambúnaður og pto.
Verð Kr. 17.500.000 án/vsk.



Valtra T 213
Árgerð 2014. 210 hp. Notkun 6.400 klst. Frambúnaður og pto.
Verð kr. 9.200.000 án/vsk.



Lely Lotus 770.
Dragtengd. Árgerð 2016.
Verð kr. 1.700.000 án/vsk.



JCB 19C-1
Árgerð 2024. Notkun 192 vst.
Með vökvatilt/vökvahraðtengi S30
Þrjár skóflur, vél í toppstandi.
Verð kr. 4.500.000 án/vsk.



JCB JS145W
Árgerð 2022. Notkun 3.156 vst.
Með Rototilti, 2x skóflur,
smurkerfi, vél í toppstandi.
Verð kr. 21.900.000 án/vsk.

VÉLFANG

www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200

Atvinna

Ég leita að öflugum og áreiðanlegum einstakling til starfa sem bílstjóri og aðstoðarmaður. Starfið felst annars vegar í akstri á Volvo 750 um Vestfirði tvisvar í viku og hins vegar í fjölbreyttum tilfallandi verkum aðra daga vikunnar. Um er að ræða 100% starf með fastri yfirvinnu sem ekki er alltaf unnin. Starfstöðin er á Tálknafirði. Boðið er upp á aðstoð við húsnæði og önnur fríðindi fylgja starfinu. Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar. Ragnar Þór Marinósson hjá Tungusilungi, s. 774-2523, netfang: tungusilungur@gmail.com

Einkamál

Einhleypingar á besta aldri og aðeins reyndari og sumir nánari en fyrir ári síðan, á Flúðum, ætla nú að vera í allt að þriggja manna herbergjum á Hótel Örk í Hveragerði, laugardaginn 1. nóvember og hafa gaman saman.

Húsnæði

Fjölskylda óskar eftir sveitabæ til langtíma leigu í Eyjafirði eða nágrenni frá vor 2026. Getum flutt fyrr ef rétta húsnæðið finnst. Erna Sofie s. 662-5417 ernasofie85@gmail.com

Vantar herbergi til leigu í umþb. 6 mánuði í 101 Reykjavík. Mamma með 6 ára barn í Austurbæjarskóla, er háskólamenntuð, í vinnu, góð meðmæli, reyklaus. Mjög dugleg og get hjálpað á heimilinu, með þrif, barnapössun, er með bíl. S. 618-0800.

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir að kaupa muni frá Flugfélögum. Óska eftir að kaupa gamla hluti merkta Flugfélagi Íslands, Loftleiðum eða öðrum íslenskum flugfélögum, flugrekendum, þyrlufyrirtækjum eða flugskólum: Einkennismerki á búninga eða galla (málm eða taumerki), prjónmerki, nafnanælur, húfur, kaskeiti, hlutabréf, vimpla, kveikjara, flögg, umboðsskilti, flugáætlanir og annað merkt eða prentað efni. Allt kemur til greina. Sendið fyrirspurnir á netfangið: heimsti@simnet.is - Eiríkur L.

Óska eftir gömlun númeraplötum fyrir skellinöðrur. valur@heimsnet.is s. 896-0158.

Toyota Hiace óskast, má þarfnast viðhalds. Sigmar s. 899-4009.

Skoða og kaupi: Vínilplötur, frímerki gömul póstkort, og allskyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Deutz. Óska eftir Deutz D 15 til D30. Upplýsingar í s. 663-3857.

Til sölu

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18. S. 865-2717.

Þjónusta

Steinullarbíllinn blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.

Bændablaðið
kemur næst út
6. nóvember

Skerjabraut 1 | 170 Seltjarnarnes | NÝTT







81,5 m² 2ja herbergja. Verð: 78.500.000 kr.



RE/MAX
Guðmundur Þór Júlíusson
Löggiltur fasteignasali
+354 858-7410
netf: gj@remax.is

Glæsileg 2ja herbergja íbúð á frábærum stað í góðu fjölbýlishúsi, með lyftu á Skerjabraut 1, 170 Seltjarnarnesi.

* Suður svalir.
* Sérlega björt.
* Næg bílastæði.

ÁSCO
STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.



ÁSCO BÍLARAFMAGN
Glerárgata 34b, 600 Akureyri · S4611092 · asco@asco.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR






Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



BÆNDAGEÐ
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is

ÍSFUGL

frá

ÍSLENSKUM BÆNDUM

sem við þekkjum og treystum



AFLVÉLAR

Verið tilbúin þegar fyrsti snjórinn fellur!

SILJUM

Snjóplógar, skóflur og ruðningstæki frá SILJUM.
Styrkur - Nákvæmni - Áreiðanleiki.

Sjá nánar um Siljum







Tokvam®

Norskur gæðabúnaður fyrir íslenskan vetur!
Tokvam er þekkt fyrir öflug, endingargóð og notendavæn snjótæki.

Sjá nánar um Tokvam









PRONAR

Pronar býður upp á fjölbreytt úrval öflugra snjótækja sem tryggja öruggar og hreinar samgöngur í harðri vetrarfærð.

Sjá nánar um Pronar









solo® by AL-KO

Þýsk gæði, endingargóð hönnun og áreiðanleg afköst sem halda heimkeyrslunni þinni snjólausri allan veturinn.

Sjá nánar um litla snjóblásara











2025 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2025